

Byggðarkjarni í Fljótsdal

Staðarvalskönnun



Byggðarkjarni í Fljótsdal

Staðarvalskönnun

21. júní 2020



hönnun · ráðgjöf · rannsóknir

Efnisyfirlit

Byggðarkjarni í Fljótsdal. Staðarvalskönnun. Fyrri hluti - frummatsskýrsla

1. Inngangur – viðfangsefnið	7
2. Forsendur og stefnumörkun aðalskipulags.....	9
2.1 Aðalskipulag 2014-2030	9
2.2 Meginmarkmið aðalskipulagsins	9
2.3 Lýsing á byggðinni.....	10
2.3.1 Staðhættir, náttúrufar og landkostir	10
2.3.2 Náttúruperlur og sögustaðir	12
2.3.3 Náttúruvá og flóðasvæði	14
2.3.4 Sjónræn áhrif af völdum raflína.....	16
2.4 Íbúa- og atvinnuþróun	17
2.4.1 Íbúaþróun og búsetumynstur.....	17
2.4.2 Búskaparhættir og atvinnuþróun	19
2.4.3 Vaxtarsprotar og ársverk	19
2.4.4 Atvinnusköpun og bætt búsetuskilyrði	20
2.4.5 Húsnæðisskortur og þörfir fyrir íbúða- og byggðarkjarna	20
2.4.6 Framtíðarsýn Samfélagsþings 2019 um atvinnuþróun og mannlíf.....	21
2.5 Nokkur skilgreind svæði skv. aðalskipulagi	24
2.5.1 Landbúnaðarsvæði	24
2.5.2 Skógræktar- og landgræðslusvæði	25
2.5.3 Íbúða- og byggðarkjarni.....	25
2.5.4 Verslunar- og þjónustusvæði.....	25
2.5.6 Náttúru- og minjaverndarsvæði	30
2.5.7 Iðnaðar- og athafnasvæði.....	31
3. Sálfræðilegar forsendur og aðferðafræði	32
3.1 Heimsmarkmið	32
3.1.1 Landsskipulag	32
3.1.2 Heilsuefandi samfélag og lýðheilsuvísar.....	33
3.2 Sálfélagsfræðilegar forsendur	34
3.2.1 Öryggi	34
3.2.2 Sjálfræði - stjórn	35
3.2.3 Samfélagsupplifun	35

3.2.4 Félagsauður	36
3.2.5 Sálfræðileg endurheimt.....	36
3.2.6 Athafnir utandyra	36
4. Staðarval byggðarkjarna.....	38
4.1 Staðsetning skv. aðalskipulagi og tillögum Samfélagsþings	38
4.1.1 Aðalskipulag 2002-2014	38
4.1.2 Aðalskipulag 2014-2030	40
4.1.3 Hugmyndir Samfélagsþings 2019	40
4.2 Helstu forsendur og viðmið	41
4.2.1 Hlutverk og umfang byggðarkjarna.....	41
4.2.2 Umhverfi og aðdráttarafl.....	42
4.3 Staðarvalskönnun	44
4.3.1 Húsatangi.....	46
4.3.2 Brekka	49
4.3.3 Hjarðarból.....	52
4.3.4 Melar	55
4.3.5 Bessastaðir / Eyrarland	58
4.3.6 Hamborg	62
4.3.7 Skriðuklaustur - Skriða.....	66
4.3.8 Végarður – Valþjófsstaður I	70
4.3.9 Valþjófsstaður II.....	73
4.3.10 Vallholt	77
5. Niðurstöður staðarvalskönnunar – samantekt	81
6. Staðsetning verslunar- og þjónustusvæðis	84
7. Staðsetning athafnasvæðis.....	85

Byggðarkjarni í Fljótsdal. Staðarvalskönnun. Seinni hluti - vettvangskönnun og nánari greining

1. Aðfaraorð	87
2. Vettvangskönnun.....	89
2.1 Melar.....	89
Svæði 1 - 3	91
Svæði 4	92
2.2 Hamborg	94

2.3 Valþjófsstaður I	97
3. Samanburður valkosta	100
3.1 Hugmyndafræði og faglegar forsendur	100
3.2 Svæðin þrjú	100
4. Byggðarkjarni – skipulagsgerð – nokkrir áherslupunktar	102
Heimildir	104
Ritheimildir	104
Vefheimildir	105
Aðrar heimildir.....	106

Byggðarkjarni í Fljótsdal

Staðarvalskönnun

Fyrri hluti

Frummatsskýrsla

2. apríl 2020

Gunnlaugur Haraldsson

Páll Jakob Líndal

Sigrún Birna Sigurðardóttir

1. Inngangur – viðfangsefnið

Staðarvalskönnun þessi er unnin að beiðni Ásdísar Helgu Bjarnadóttur, verkefnastjóra hjá Austurbrú, fyrir hönd sveitarstjórnar og samfélagsnefndar Fljótsdalshrepps.

Staðarvalskönnunin er liður í verkefninu *Fögur framtíð í Fljótsdal* og lýtur hún að því að finna byggðarkjarna í Fljótsdal stað, en enginn slíkur er í sveitarfélaginu. Tilgangurinn er sá, að vegna uppbyggingar innan ferðapjónustunnar er vaxandi þörf fyrir íbúðarhúsnæði í hreppnum, bæði til leigu og mögulegrar sölu.

Óskað var eftir úttekt og greiningu á landi í sveitarfélaginu, óháð eignarhaldi, en með það að markmiði að finna hentugt svæði fyrir byggðarkjarna með grunnþjónustueiningu (leik- og grunnskóla, verslun) og athafnasvæði. Í verklýsingu er þess getið, að sveitarfélagið vilji geta boðið upp á eftir-sóknarverðan, einstakan og vistvænan byggðarkjarna, sem falli að landslagi, sé öruggur frá náttúrunnar hendi, aðgengilegur og henti vaxandi starfsemi í dalnum. Þá kemur einnig fram, að kjarninn skuli valinn á forsendum umhverfissálfræði, þannig að uppbyggingin hámarki vellíðan og jákvæða upplifun íbúa og gesta. Gert er ráð fyrir að íbúafjöldi í byggðarkjarnanum sé að hámarki 50, en frekar skuli horfa til 10-20 íbúa.

Áfangaskipting verkefnisins var eftirfarandi:

- a) **Öflun, greining/úrvinnsla og samantekt upplýsinga**, s.s. þeirra, sem taka til landslags, landgerðar, náttúruvár, tengsla við skipulag, aðgengis og sálfræðilegrar upplifunar. Samskipti við heimafólk.
- b) **Skematísk framsetning á þremur þéttbýliskostum og hugmyndum um staðsetningu athafnasvæðis til kynningar**. Skrif á lýsingu, gerð skematískra teikninga, kynning á íbúafundi og gagnaskil. Samskipti við heimafólk.
- c) **Frekari framsetning á einum þéttbýliskosti**. Frumhönnunarvinna, skissugerð og/eða gerð grafískra teikninga, skrif á lýsingu og gagnaskil. Gert er ráð fyrir að vinnan muni nýtast sem forvinna fyrir deiliskipulagsgerð. Samskipti við heimafólk.

Í öðrum kafla er gerð grein fyrir áherslum *Aðalskipulags Fljótsdalshrepps 2014-2030* og fjallað um þá þætti þess, sem lúta að markmiðum um umfang og staðsetningu íbúða- og byggðarkjarna, svo og annarra afmarkaðra og skilgreindra svæða innan sveitar. Meðal annars er lýst staðhátum, náttúrufari, landkostum, helstu náttúruperlum og sögustöðum, náttúruvá og sjónrænum áhrifum af raflínumöstrum frá Fljótsdalsstöð. Sérhver þessara þátta hefur ýmist bein eða óbein áhrif á staðarval íbúða- og byggðarkjarna í sveitarfélaginu.

Þá er gerð grein fyrir íbúðapróun og búsetumynstri í Fljótsdal, búskaparhátum og atvinnuþróun, einkum með tilliti til helstu stofnana og vaxtarsprotta, svo og áætlana um fjölgun ársverka og nýrra atvinnutækifæra, sem knýr á um úrbætur í húsnæðismálum og ákvarðanir af hálfu sveitarstjórnar um uppbyggingu sérstaks íbúða- og byggðarkjarna í hreppnum. Meðal annars er byggt á niðurstöðum *Húsnæðisáætlunar Fljótsdalshrepps 2018-2026* og *Samfélagsþings 2019*, sem haldið var af Fljótsdalshreppi, í samstarfi við Austurbrú. Að síðustu er gefin stutt lýsing á helstu svæðum í sveitarfélaginu, sem skv. gildandi aðalskipulagi eru skilgreind til ýmissa nota, s.s. fyrir landbúnað, skógrækt, ferðapjónustu og útivist, frístunda- og sumarhús, verslun og íbúðakjarna.

Í þriðja kafla eru kynnt margvísleg viðmið, sem TGJ telur brýnt að lögð verði til grundvallar staðarvali íbúða- og byggðarkjarna í hreppnum. Þar er fjallað um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, áherslur Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og helstu lýðheilsuvísa samstarfsverkefnis Embættis landlæknis og

fleiri aðila um heilsueflandi samfélag, svo og margbættar sálfélagslegar forsendur, sem hafa þarf hliðsjón af við uppbyggingu og hönnun íbúðabygðar.

Í fjórða kafla er byggt enn frekar ofan á þessar áherslur, þar sem sjónum er beint að þeim meginþáttum, sem að mati TGJ gegna lykilhlutverki við val á svæði fyrir íbúðakjarna, svo að hann megi reynast eftirsóknarverður og aðlaðandi staður til búsetu. Þessi skilyrði ná bæði til efnislegra og sálfélagslegra þátta. Í framhaldi af því er gerð samræmd greining á 10 svæðum með því að skrásetja kosti þeirra og veikleika út frá áðurnefndum forsendum, svo að sveitarstjórn og íbúar hreppsins geti lagt heildstætt mat á, hvert þessara svæða muni best uppfylla þau viðmið og skilyrði sem um ræðir.

Í fimmta kafla eru teknir saman þræðir og kynnt niðurstaða TGJ, þar sem mælt er með þremur svæðum fyrir íbúða- og byggðarkjarna umfram önnur. Þetta mat er þó sett fram með þeim fyrirvara, að skýrsluhöfundar áttu þess ekki kost að kynna sér staðhætti með fullnægjandi hætti, því að einungis varð komið við lauslegri athugun í stuttri vettvangsferð hinn 12. mars síðastliðinn. Veðurfarsleg skilyrði til þeirrar skoðunar voru því miður óhagstæð, þar sem óvenjumikil snjóþekja huldi flest kennileiti. Ítarlegri könnun á vettvangi mun því bíða þess að snjóla leysi innan tíðar.

Í sjötta og sjöunda kafla er að síðustu tekin afstaða til staðsetningar á verslunar- og þjónustusvæði annars vegar og athafna- og iðnaðarsvæði hins vegar.

Með ofangreint í huga er þessi samantekt bráðabirgðaskýrsla, sem ekki verður fullfrágengin fyrr en TGJ hefur lokið nýrri vettvangsferð og gerð þeirra teikninga eða frumskissa af mögulegu fyrirkomulagi þeirra þriggja íbúðakjarna, sem hér eru lagðir til.

Skýrslan var í þessum búningi kynnt verkbeiðendum á fjarfundi 2. apríl og lagði TGJ fram tillögu að næstu skrefum. Felast þau í því, að heimamenn taki þá greinargerð sem hér liggur fyrir, rýni hana og ræði, og taki hana síðan til formlegrar afgreiðslu, þar sem ákveðið verður hvaða þrír valkostir verða fyrir valinu. Í framhaldinu muni TGJ fara í aðra vettvangsferð til að kanna nánar staðhætti og aðstæður innan þeirra þriggja svæða, og leggja fram grófar hugmyndir að útfærslu byggðar á þeim stöðum. Að því loknu verði frágengin skýrsla kynnt íbúum sveitarfélagsins og tekin ákvörðun um staðsetningu byggðarkjarna sveitarinnar. Á þeim grundvelli mun TGJ síðan vinna nánari lýsingu og skissur til grundvallar deiliskipulagi svæðisins og ljúka með því verki sínu.

Reykjavík 2. apríl 2020,

f.h. TGJ




Páll Jakob Línadal

2. Forsendur og stefnumörkun aðalskipulags

2.1 Aðalskipulag 2014-2030

Í *Aðalskipulagi Fljótshrepps 2014-2030*, sem unnið var af Landmótun sf. og staðfest af Skipulagsstofnun 17. desember 2014, eru kynntar meginforsendur fyrir stefnumörkun um skipulag og þróun byggðarinnar til lengri tíma. Í flestum greinum er þar byggt á eldra aðalskipulagi (Aðalskipulag 2002-



2014, staðfest 20. apríl 2004) og þeim grunnþáttum, sem lagðar voru línur um í undanfara þess skipulags, þ.e. Svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010, sem staðfest var 31. ágúst 2001, en fellt úr gildi 2009 vegna breytinga á sveitarfélagaskipan innan svæðisins. Eru þá ónefndar ýmsar skipulagsáætlanir á landsvísi, sem hafðar voru til hliðsjónar, svo sem Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands til 2015, Verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs og Náttúruverndaráætlun 2011-2014.¹

Unnið var að gerð aðalskipulagsins árin 2012-2013 og samhliða því gert mat á umhverfisáhrifum skipulagsáætlunarinnar skv. lögum nr. 105/2006. Í þeirri skýrslu kemur m.a. fram, að stefna aðalskipulagsins „um landbúnaðarsvæði, iðnaðar-, athafnasvæði og samfélagsþjónustu og verslun“ gefi ekki „tilefni til að meta þau sérstaklega með samanburði á valkostum“. Umhverfisáhrif skipulagsins eru einnig talin „frekar jákvæð þegar á heildina er litið“. Helstu áhrif stefnumótunar og aðgerða, sem miða að því að styrkja sveitarfélagið sem búsetukost í framtíðinni, „snúa að sjónrænum áhrifum á landslag“. Ásýnd sveitarfélagsins komi þess vegna til með að breytast með aukinni skógrækt. Niðurstaðan höfunda er sú, að í heild sinni sé „ólílegt að náttúrufar, landslag, ásýnd og upplifun sveitarfélagsins komi til með að breytast verulega“ og að aðalskipulagið „sé ekki líklegt til að valda verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum“.²

2.2 Meginmarkmið aðalskipulagsins

Meginmarkmiðum aðalskipulags hreppsins er lýst í 1. kafla greinargerðar (s. 9). Þar segir, að haft skuli að leiðarljósi að skipulagið stuðli „að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og mannlíf og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða“. Í því efni skuli meðal annars lögð áhersla á eftirfarandi sérgreind markmið:

- Að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. að taka frá byggingaland fyrir vöxt kjarna.
- Að stuðla að auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum með framboði lóða undir m.a. skógariðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi og með aukinni nýsköpun.
- Að stuðla að varðveislu náttúruminja og söguminja og annarra umhverfislegra gæða.
- Að stuðla að góðum samgöngum í byggðarlaginu [... og] samtengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu utan býla.
- Stefnt skal að því að góð landbúnaðarsvæði verði áfram nýtt til landbúnaðar.
- Að benda á gildi skógræktar, enda er líklegt að um verði að ræða umtalsverða breytingu á landnotkun vegna skógræktar, bæði almennrar skógræktar og nytjaskógræktar, þ.e. bændaskóga.

¹ Aðalskipulag 2014-2030. Greinargerð, s. 11, og Forsendur og umhverfisskýrsla, s. 25-26; <https://www.fljotsdalur.is/images/stjornsysla/gagnabanki/annad/Greinager-um-niurfellingu-svisskipulags-Hrassvis.pdf>.

² Aðalskipulag 2014-2030. Forsendur og umhverfisskýrsla, s. 29 og 35.

- Að styrkja stoðir og auka vægi *ferðapjónustu* á svæðinu sem byggir á sérstöðu svæðisins.
- Að stefnt verði að því að *afmarka frístundasvæði*, núverandi og fyrirhuguð.
- Að stuðla að *gróðurvernd og landgræðslu* og að landnýting verði í samræmi við landgæði og ástands lands.
- Að skráð verði þekkt *hættusvæði*, t.d. þar sem jarðskjálfta-, ofanflóða- eða annars konar flóðahætta er til staðar.
- Að stuðla að því að *nýting lands, auðlinda og mannauðs* sé í samræmi við markmið sjálfbærrar þróunar.

2.3 Lýsing á byggðinni

Í þessum kafla skal vikið stuttlega að helstu þáttum, sem lúta að forsendum aðalskipulagsins og markmiðum þess varðandi umfang og staðsetningu íbúða- og byggðarkjarna, svo og annarra afmarkaðra og skilgreindra svæða innan sveitar, til að glöggva nánar þá mynd, sem síðar verður dregin upp af aðstæðum í 4. kafla. Efninu er gerð skil í tveimur köflum eða skýrslum aðalskipulagsins, þ.e. (1) *Greinargerð* og (2) *Forsendum og umhverfisskýrslu*. Þar hefur að sönnu mátt gefa ítarlegri lýsingar á staðháttum, sögu og þróun byggðarinnar, svo og skilgreina nánar þær röksemdir, sem stefnumörkun um staðsetningu íbúða-, frístunda-, iðnaðar-, verslunar- og þjónustusvæða byggir á. Hér er því aukið við nokkrum upplýsingum til nánari glöggvunar og ályktana. Einkum er leitað fanga í hinni fróðlegu sögu byggðarinnar, *Fljótsdælu* eftir Helga Hallgrímsson (útg. 2016).

2.3.1 Staðhættir, náttúrufar og landkostir

Fjöllin, sem umlykja Fljótsdal og inndali hans, eru með áberandi setlögum hins svokallaða einhalla-beltis, sem liggur skáhallt norður yfir dalinn. Þau teygja sig upp í 600-700 m hæð, en dalsléttan sem mynduð er af árframburði, er einungis í um 25 m hæð yfir sjó, þrátt fyrir um 80 km fjarlægð frá strönd Héraðsflóa. Þessar fágætu aðstæður stuðla að sérkennum í veðurfari og mikilli fallhæð vatna af hásléttunni með tignarlegum og fögrum fossum.³

Sveitin er þurrlend og mýrar óvída, en votlendast er nesið á fræðisléttunni undan Skriðuklaustri (Klausturnesinu). Sléttan, - eða nésin, sem kennd eru við bæi að norðanverðu, - er víða nánast sjálf-gert tún. Hún liggur frá norðaustri til suðvesturs innan við Fljótsbotn og inn undir norðurenda Múla. Hann deilir dalnum í *Suðurdal* með Keldá (Kelduá), sem kemur af hálendisvæðinu Hraunum, og *Norðurdal* með Jökulsá, sem á upptök undir Eyjabakkajökli. Báðar skarta fjölmörgum og svipríkum fossum, en þessar stórar skipta byggðarlaginu í þrennt ásamt Lagarfljóti, þ.e. *Norðurbyggð*, *Múlabyggð* og *Suðurbyggð*, samkvæmt málvenju.⁴

Fljótsdalur hefur löngum verið talinn ein veðursælasta og snjóléttasta sveit landsins. Þar eru iðulega langtíma stillur og að jafnaði einmuna snjólétt, svo að dæmi eru um að ekki festi þar snjó að vetrar-lagi. Dumbungsveður er þar sjaldgæfara en í öðrum sveitum á Héraði. Norðan- og norðaustanhríða gætir helst ekki, en veðri er þó misstípt innan sveitar. Úrkoma er t.d. mun meiri á Suðurbyggð og verst er þar suðaustanáttin með stórrigningum, vatnagangi og skriðuföllum (aurflóðum), sem oft fylgja. Eins valda norðanrok oft ónæði á Norðurbyggð, utan við Bessastaði, en eiginlegra stórviðra gætir þar helst í vestan- og norðvestanátt með svonefndum „skrúfubyljum“ og logni á milli.⁵ And-stæðan er þessi: „Á heiðskírum og lognkyrrum sumardögum getur orðið mjög heitt í Fljótsdal framan af degi, áður en hafgolan nær þangað, sem er vanalega ekki fyrr en um tvöleytið, jafnvel svo að erfitt

³ Hjörleifur Guttormsson, 2018, s. 147.

⁴ *Sveitir og jarðir* II, s. 6-8; Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 13, 21-23 og 81-82; Hjörleifur Guttormsson, 2018, s. 147.

⁵ *Sveitir og jarðir* II, s. 6-8; Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 13 og 238-239; Hjörleifur Guttormsson, 2018, s. 147-150.

er að vinna eða ferðast.”⁶ Geislum sólar er þó misskipt í dalnum. Undir Valþjófsstaðafjalli nýtur kvöld-sólar t.d. miklu skemur en á bæjunum utar á Norðurbyggð, svo ekki sé talað um byggðina í sunnan-verðum dalnum, sem veit mót norðvestri.



Loftmynd af Fljótssdal frá um 2010. Horft úr norðaustri yfir miðdalinn og afdalina. Til vinstri er Gilsárgil á sveitarmörkum og innan við það Ranaskógur og Gilsáreyrar, þar sem Upphéraðsvegur (931) og Leirubú (byggð 2001) þvera Jökulsá á Leirunum við Fljótssbotninn, framundan Hengjufossárgljúfri að norðanverðu. Nokkru innar er Bessastaðargil, en ofarlega fyrir miðri mynd greinist dalurinn um Múla í Suðurdal og Norðurdal. Vatnajökull og Snæfell í baksýn. Ljós.: Skarphéðinn G. Þórisson.

Óvíða á Íslandi eru frá náttúrunnar hendi betri landkostir til búskapar en í Fljótssdal. Þar leggjast á eina sveif óvenjuleg veðursæld, hagfelld vetrarheit, mikil og gróin afréttarlönd ásamt frjósömum jarðvegi til túnæktar á flæðisléttunni í dalbotninum. Fljótssdalur er ennfremur ein helsta skógarsveit landsins og fjallshlíðar allvíða klæddar náttúrulegum og sjálfsánum skógi, þrátt fyrir að hinir fornu birkiskógar hafi að miklu leyti horfið á 17. og 18. öld vegna aldalangrar rányrkju, öskufalla og kólnandi veðurfars.

Stærstu skógarnir eru á Suðurbyggð og í austurhlíðum Suður- og Norðurdals, þ.e. Arnaldsstaðaskógur, Víðivallaskógur, Ranaskógur, Bjargaskógur, Stöppuskógur og Kleifarskógur. Við þetta skóglendi hafa síðan bæst afmarkaðir bæjarskógar, sem byrjað var að efna til á stöku bújörðum um miðja síðustu öld, og þó miklu fremur þeir bænda- og nytjaskógar, sem stofnað var til 1970 með Fljótssdalsáætlun og síðar Héraðsskógum frá 1991. Um 2014 var skógrækt stunduð á 25 lögbýlum og þar af 14 jörðum skv. samningum við Héraðsskóga. Heildarskógarþekja í Fljótssdal, þ.e. flatarmál nýskóga og upprunalegra birkiskóga, var þá talin um 2.500 hektarar, sem nemur um 18% af flatarmáli lands neðan 400 m hæðar yfir sjó í hreppnum⁷ (sjá einnig kafla 2.3.2).

⁶ Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 238-239.

⁷ Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 13 og 243-253; *Aðalskipulag 2014-2030. Greinargerð*, s. 20, *Forsendur*, s. 7.



Víðivallaháls og Víðivallaskógur frá 1990-2000 ofan við túnið á Víðivöllum ytri. Ljós.: Helgi Hallgrímsson / Fljótsdæla, s. 38.

2.3.2 Náttúruperlur og sögustaðir

Í *Fljótsdælu* gefur Helgi Hallgrímsson glögga lýsingu á fjölbreytilegri náttúrufegurð sveitarinnar, fossa-dýrð og gróðursæld. „Varla mun nokkur sveit geta státað af öðru eins fossaskrúði og þar er að finna.“⁸ Þar á meðal eru tveir af hæstu fossum landsins, Hengifoss (128 m) og Strútsfoss (um 120 m), en Keldá og Jökulsá munu vera einhver fossaríkustu vatnsföll landsins með tugum fossa.⁹ Samkvæmt mati Helga voru í Fljótsdal „um 120 árfossar, mannhæð eða meira, áður en Kárahnjúkavirkjun kom til sögunnar sem eyðilagði eða stórskerti um þriðjung þeirra“.¹⁰ Hafði virkjunin „mikil og varanleg, neikvæð áhrif á náttúrufar Fljótsdals, sérstaklega hálendið og rennsli stærstu ána og fossanna í þeim“.¹¹

Engu að síður er dómur Helga Hallgrímssonar um náttúrugæði og ásýnd sveitarinnar svohljóðandi: „Ótæmandi möguleikar hljóta að felast í landgæðum, fegurð og fjölbreytni náttúrunnar í Fljótsdal og á aðliggjandi öræfum, sem og í sögufrægd ýmissa staða og sérstæðum minjum. Þeir hafa lítið verið nýttir til þessa en ættu að geta skotið stoðum undir margþætta starfsemi og fjölgun íbúa.“¹² Þessum kostum er m.a. þannig lýst:

Annað sem athygli vekur eru hrikaleg og víða litskrúðug gil, oft með fossum eða fossastigum, snarbrött fjöll með reglulegum klettahjöllum og ógnarháum björgum, óvenju fagrir og beinvaxnir birkiskógar, auk hinna nýju skóga sem hvergi eru vöxtulegri. Öræfin búa yfir sérstæðum undrum, þar sem Snæfell og Eyjabakkar skipa æðstan sess, ásamt heiðagæsum og hreindýrum.“¹³

⁸ Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 13.

⁹ Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 21-23, 81-82 og 477-478; Hjörleifur Guttormsson, 2018, s. 166.

¹⁰ Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 477.

¹¹ Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 13. Sjá enn fremur s. 62, 82, 462-471 og 477-478.

¹² Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 19.

¹³ Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 477.



Horft yfir vettvang virkjunarframkvæmdanna í Valþjófsstaðalandi um 2010. Efst til vinstri er Fljótsdalsstöð með þjónustuhúsi og fyrir miðri mynd afrennslisskurður virkjunarinnar með Jökulsána á aðra hönd. Neðst til hægri eru beitarhúsin í Hvammi og Hvammseyri, þar sem vinnubúðarþorp virkjunarinnar stóð. Ljósmynd: Skarphéðinn G. Þórisson.

Þessi lýsing er staðfest með ítarlegum frásögnum Helga í *Fljótsdælu*, þar sem m.a. er lýst þeim 6 svæðum sem eru á Náttúruminjaskrá og æskilegt þykir að friðlýsa skv. náttúruverndarlögum að mati Umhverfisstofnunar. Þau eru ásamt 20 öðrum svæðum innan hreppsmarka kynnt í riti Helga, *Djásnaskrá Fljótsdals*, og greinargerð Aðalskipulags Fljótsdalshrepps 2014-2030¹⁴ (sjá kafla 2.4.6).

Fljótsdalur er ennfremur sögurík sveit að fornu og nýju eins og rækilega er skráð í *Fljótsdælu* Helga Hallgrímssonar, en hér verður aðeins fátt eitt nefnt. Byggðin er söguvið helstu fornsagna fjórðungsins og höfuðbólin þekkt í landssögunni um aldir sem aðsetur embættismanna og bændahöfðingja. *Valþjófsstaður* varð snemma kirkjustaður og stórbýli, sem skartaði þegar á 12. öld miklum „rauðviðarskála“ og glæsilegri stafkirkju með útskorinni hurð, sem enn er varðveitt í Þjóðminjasafni og eftirlíking hennar í Valþjófsstaðarkirkju. Á landnámsjörðinni *Bessastöðum* var kirkja og þingstaður sveitarinnar. Á *Skriðu* (Skriðuklaustri) var starfrækt munkaklaustur frá 1493 til 1550 og þar hélst fyrrum klausturkirkja til 1792. Jörðin var aðsetur embættismanna um langt skeið, þá Gunnars Gunnarssonar skálds og Tilraunastöðvar í landbúnaði, en síðan Gunnarsstofnunar og Snæfellsstofu. Á *Víðivöllum ytri* var einnig kirkja framan af öldum og bústaður sýslumanna um aldabil.

Á þessum stórbýlum og öðrum jörðum hreppsins er sægur fornminja og búsetuleifa, þar á meðal bústaðir vætta og huldufólks, fornhaugar, álagastaðir og fleiri þjóðtrúarörnefni. Þessir staðir eru ómetanlegur fjársjóður til styrktar menningartengdri ferðapjónustu. Kerfisbundin fornminjaskráning hefur þó einungis farið fram í tengslum við deiliskipulag á Víðivöllum ytri I og við Laugafell, en frá hendi

¹⁴ Aðalskipulag 2014-2030. Greinargerð, s. 30-33, og Forsendur, s. 17-21. Sjá einnig m.a. Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 477-481.



Helga Hallgrímssonar liggur fyrir ritið *Mannvistarminjar í Fljótsdal* (útg. 2013), sem hann efndi til á árabílinu 1990-2005 og 2011-2012¹⁵ (sjá kafla 2.4.6).

Í lok október 1979 féll gríðarmikil jarðvegsskriða (200-250 m breið) niður í gegnum Víðivallaskóg, sópaði nánast öllum jarðvegi burt og flutti hann niður á láglandið. Beitarhúsin Hlíðarhús standa neðan við skriðuna, en þar olli skriðan miklum skemmdum og fjárdauða. Til hægri er nýbýlið Víðivellir ytri I, sem slapp við skriðuna. Ljós.: Helgi Hallgrímsson, 17. júní 1987.

2.3.3 Náttúruvæði og flóðasvæði

Í gildandi skipulagsáætlun Fljótsdalshrepps er sérstaklega fjallað um hættusvæði vegna ofanflóða, þ.e. „svæði undir náttúruvá“, enda er Fljótsdalur þekktur fyrir miklar aur- og jarðvegsskriður, krapahlaup og vatnsflóð. Lögð er áhersla á, að hvorki verði skipulögð íbúða- né frístundabyggð á meintum hættusvæðum og unnið að kortlagningu þeirra „enn frekar á skipulagstímabilinu“ í samræmi við lög og reglugerðir.¹⁶ Ennþá hefur ekki verið ráðist í þessa rannsókn, sem er þó mikilsverð forsenda við mat á ákjósanlegri staðsetningu byggðarkjarna innan sveitarinnar (sjá kafla 4).

Mikil vitneskja liggur nú þegar fyrir um þessi efni og ber þar hæst ritverk tveggja fræðimanna, annars vegar Ólafs Jónssonar (*Skriðuföll og snjóflóð* I. bindi, útg. 1957), þar sem fjallað er um helstu skriðuföll í Fljótsdal fram til ársins 1955, og hins vegar Helga Hallgrímssonar (*Fljótsdæla*, útg. 2016), þar sem byggt er ofan á eldri heimildir með frásögnum af atburðum allt til ársins 2015. Þekktustu skriðusvæðin eru í bröttum hlíðum Suðurdals, þar sem úrkoma getur orðið gríðarmikil á skömmum tíma. Við þá sögu komu oftast Þorgerðarstaðir, Arnaldsstaðir og Víðivellir fremri, en skv. annál Ólafs Jónssonar finnast heimildir um samtals 35 skriður, sem fyrir 1955 féllu við a.m.k. 15 bæi í Fljótsdal. Þær jarðir, sem helst hafa orðið fyrir landskemmdum vegna aurskriða og krapahlaupa frá 1950, eru þessar: Skriðuklaustur (1950, 2014 og 2015), Arnaldsstaðir (1968 og 1997), Þorgerðarstaðir (1968 og 1997), Valþjófsstaður (1968 og 1998), Víðivellir ytri (1979), Glúmsstaðir I (1979 og 2014), Víðivallagerði (1997), Arnheiðarstaðir (2002).¹⁷



Hinn 7. nóvember 1998 féll mikið krapahlaup úr Valþjófsstaðaffalli niður á milli húsa á prestssetrinu (Valþjófsstað I), flutti með sér mikinn jarðveg, en olli að öðru leyti litlum skaða. Ljós.: Ingólfur Friðriksson / Fljótsdæla, s. 233.

Vatnsflóð eru önnur náttúruvá, sem brýnt er að gefa sérstakan gaum við staðarval byggðarkjarna, sbr. ákvæði skipulagsreglugerðar (nr. 90/2013). Þekkt er af sögunni, að mikil flóð hafa komið í ár og læki í Fljótsdal, bæði í vorleysingum og stórrigningum á haustin, einkum í Keldá og Jökulsá, sem valdið hafa landskemmdum og

¹⁵ Sjá m.a. Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 367, 441-457 og 474-477.

¹⁶ *Aðalskipulag 2014-2030. Greinargerð*, s. 36-37.

¹⁷ *Aðalskipulag 2014-2030. Forsendur og umhverfisskýrsla*, s. 15; Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 228-233.

gríðarlegri vatnsborðshækkun í Lagarfljóti. Kunnust eru hin miklu og skyndilegu stórflóð, sem komið hafa í Keldá og farið hafa yfir allt undirlendi Suðurdals. Mestu flóðin á næstliðnum áratugum voru flóðin miklu haustin 1980, 2002 og 2017. Eftir byggingu Kárahnjúkavirkjunar og aðveitna úr Jökulsá og Keldá með tilheyrandi jarðvegsstíflum og inntakslónum (Ufsarlón og Keldarlón) munu flóð af völdum vorleysinga heyra sögunni til, en haustflóð vegna úrkomu og snjósöfnunar á Hraunum munu áfram vofa yfir eins nýleg dæmi sanna. Þar við bætast hin „mannngerðu hlaup“ sem koma í Jökulsá á 2-3 ára fresti við aurskolun úr Ufsarlóni.¹⁸

Í tengslum við umhverfismat var unnin skýrsla árið 2006 um mat á stíflurofi og yfirflóðahættu úr þessum lónum niður í Lagarfljót. Skv. henni er talið, að flóð úr Keldarlóni myndi berast í Lagarfljót innan 3ja stunda frá upphafi stíflurofs og valda allt að 1,5 m vatnsborðshækkun, en væri „rénað við innrennsli í Lagarfljót um hálfum sólarhring eftir að það“ hæfist. Flóð úr Ufsarlóni bærisk í Lagarfljót innan 2ja stunda frá upphafi rofs og ylli um 25 cm vatnsborðshækkun, en yrði yfirstaðið „um 6 klst. eftir upphaf“. Niðurstaða matsins var sú, að eftirtaldir „6 bæir í Fljótsdal gætu orðið fyrir áföllum vegna flóðs frá stíflurofi“ eða „yfirstreymisflóðs úr Ufsarlóni“, þ.e. Þuríðarstaðir, Langhús, Bessastaðir, Eyrarland, Litla-Grund og Bessastaðagerði. Stíflurof er þó talinn „afar ólíklegur atburður“ skv. skýrslunni: „Möguleg áhrif á samfélagið eru að búskapur legðist af á þessum bæjum og tjón yrði á mannvirkjum og á landi, en um 380 ha ræktaðs lands er neðan flóðmarkanna.“¹⁹ Fyrirliggjandi er sérstök viðbragðsáætlun Almannavarna ríkisins vegna stíflurofs við Hraunaveitu frá ársbyrjun 2012.²⁰



Fyrri stórflóðið haustið 2002 náði hámarki í Fljótsdal 12. október. Myndin var tekin tveimur dögum síðar, þegar flóðið var farið að sjatna. Enn voru nésir þó að verulegu leyti undir vatni, einkum framundan Skriðuklaustri fyrir miðri mynd. Loftmynd: Skarphéðinn G. Þórisson / Fljótsdæla, s. 236.

¹⁸ Helgi Hallgrímsson, 2005, s. 293-297; Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 235-236 og 466-469; Jóhann Frímann Þórhallsson (munnteg frásögn 12. mars 2020). Hinn 27. september 2017 var vatnshæð við brúna yfir Jökulsá í Fljótsdal (við Valþjófsstaðanes), nærri tveimur metrum hærra en að jafnaði, og var þá enn að hækka. <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/tilkynning-vegna-vatnavaxta-a-fljotsdal>.

¹⁹ Aðalskipulag 2014-2030. Greinargerð, s. 37; Forsendur og umhverfisskýrsla, s. 16; Viðbragðsáætlun vegna stíflurofs við Hraunaveitu, s. 5-7.

²⁰ Viðbragðsáætlun vegna stíflurofs við Hraunaveitu.

Þá ber að nefna, að veruleg flóð geta komið í Bessastaðaá í örum vorleysingum eftir snjóþunga vetur og flæmist þá áin um láglandið neðan þjóðveggar með moldar- og aurframburði. Síðast kom slíkt stórhlaup í ána vorið 1989 og olli miklum skemmdum á brúnni og bar þykka jarðvegseðju út á nesin og túnin á Eyrarlandi, Bessastöðum og Bessastaðagerði. Eins eru þess dæmi, að hlaup komi í ár og læki utan við Bessastaðaá, s.s. Bæjarlæk við Bessastaði, Hölná, Brekkulæk og gamla farvegi Hengifossár.²¹ Engar heimildir eru hins vegar um landskemmdir af völdum flóða ofan þjóðveggar og undir brekkurótum í landi jarðanna og Hamborgar.²²

2.3.4 Sjónræn áhrif af völdum raflína

Með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar voru lagðar tvær samsíða risaraflínur frá Fljótsdalsstöð (Fljótsdalslínur 1 og 2) austur yfir dalinn og Víðivallaháls. Þær eru bornar uppi af firnamiklum stálgrindarmöstrum, sem gnæfa hátt yfir landi, þar sem þær þvera dalinn við norðurenda Múlans og liggja þaðan út eftir eyrunum undan Víðivöllum ytri og skáhallt út og upp skógi klæddar hlíðar Víðivalla- og Hallormsstaðahálsa. Þessi mannvirki hafa stórfelld sjónræn áhrif á umhverfi sitt og raska mjög ásýnd lands og útsýni frá hinu friðsæla skóglendi í hlíðinni.



Risamöstrin hafa mikil sjónræn áhrif þar sem raflínurnar liggja austur yfir dalinn og Víðivallaháls. Ljósmynd. Páll J. Lindal, 12. mars 2020.

²¹ Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 159 og 236.

²² Jóhann Frímann Þórhallsson (munnteg frásögn 12. mars 2020).


2.4 Íbúa- og atvinnuþróun

2.4.1 Íbúaþróun og búsetumynstur

Þrátt fyrir þær miklu breytingar, sem orðið hafa í atvinnulífi innan hreppsins á síðustu árum, er landbúnaður ennþá aðalvinnuvegur þeirra, sem hafa þar fasta búsetu. Búsetumynstrið er því hefðbundið dreifbýli með líku sniði og verið hefur um aldir. Munurinn er þó sá, að föst búseta er nú aðeins á um 20 jörðum, heimilisfólk færra og einbúar á um fjórðungi byggðra bæja. Árið 2018 voru í hreppnum 21 íbúðarhús með heilsársbúsetu og 5 hús án samfelldrar búsetu.²³

Á árabílinu 1970-2000 varð mikil og hröð íbúafækkun í Fljótsdal, eða úr 201 í 83 íbúa. Frá aldamótum til 2019 hélst íbúatalan í nokkru jafnvægi, ef undanskilið er árabilið 2004-2009 meðan framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun stóðu sem hæst og íbúatalan hljóp upp í um 530 manns, þegar mest var. Sú tímabundna fjölgun gekk hratt til baka og á árabílinu 2013-2019 hefur íbúum fækkað úr 80 í 74²⁴ (sjá mynd).

Íbúaþróun í Fljótsdalshreppi 2013-2019.



	2013			2014			2015			2016			2017			2018			2019		
	Alls	Karlir	Konur	Alls	Karlir	Konur	Alls	Karlir	Konur	Alls	Karlir	Konur	Alls	Karlir	Konur	Alls	Karlir	Konur	Alls	Karlir	Konur
Fljótsdalshreppur																					
Alls	80	53	27	68	46	22	75	47	28	74	47	27	81	52	29	76	47	29	74	47	27

Heimild: Hagstofa Íslands.

Aldurs- og kynjaskipting íbúanna er athyglisverð í mörgu tilliti. Af 74 íbúum eru 47 karlar (64%) og 27 konur (36%). Þar af eru 36 manns eða 49% íbúanna á aldersbilinu 50-79 ára, 28 manns eða 38% á aldrinum 20-49 ára og aðeins 10 einstaklingar eða 13% undir tvítugsaldri. Í þeim hópi eru 5 á bilinu 15-19 ára og jafnmörg börn 14 ára og yngri. Samfélagið hefur því bersýnilega verið að eldast afar hratt frá aldarbyrjun, því að árið 2001 voru 24% íbúanna yngri en 20 ára í stað 13% árið 2019.²⁵ Þessi staða er sambærilegt við það sem gerist annars staðar á landinu, þar sem sauðfjárbúskapur er uppi-


²³ Húsnæðisáætlun Fljótsdalshrepps 2018-2026, s. 8.

²⁴ Hagstofa Íslands. <https://www.hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelag-og-byggdakjarnar/>.

²⁵ Hagstofa Íslands. <https://www.hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelag-og-byggdakjarnar/>.

staðan í landbúnaði. Að óbreyttu mun því fyrirsjáanlega fækka í yngri aldurshópum og fjölga í hópi þeirra, sem eru að komast á eftirlaunaaldur.²⁶

Aldursdreifing íbúa Fljótssdalshrepps pr. 1. janúar 2019.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Í ljósi þessa og íbúabróunar í hreppnum að undanfögnu virðist því ekki miklar líkur á að hreppsþúum fjölgi umtalsvert „af eigin rammleik“ á komandi árum. Það þótti reyndar fyrirséð við frágang á gildandi aðalskipulagi árið 2014:

Aldurshópurinn 25-50 ára er áberandi fámennur en það er sá aldurshópur sem er virkastur á atvinnu-markaðnum en draga má þá ályktun að þessi hópur flytjist frá sveitarfélaginu og leiti annað til þess að mennta sig eða leita frekari atvinnutækifæra [. . .]. Þó mikil uppbygging hafi átt sér stað á síðasta skipu-lagstímabili [þ.e. 2002-2014] og atvinnutækifærum hafi fjölgað í sveitarfélaginu hefur það ekki leitt til fjölgunar íbúa í Fljótssdalshreppi. Helsta skýringin eru bætтар samgöngur og tækniframfarir í samskiptum. Lóðaframboð er mikið umfram fyrirsjáanlega þörf og er það gert til þess að auðvelda fólki að setjast að á heimaslóð.²⁷

Að þessu styður að nokkru mannfjöldaspá Hagstofu Íslands, sem gerir ráð fyrir því „að enginn vöxtur verði í íbúafjölda á Austurlandi allt til ársins 2055“.²⁸ Á hinn bóginn er gert ráð fyrir talsverðri íbúa-fjölgun í Fljótssdalshreppi á árabílinu 2018-2026, eða allt að 28 nýjum íbúum. Er þá einkum tekið mið af þeirri fjölgun ársverka, sem forsvarsmenn fyrirtækja og stofnana í hreppnum sáu fyrir sér árið 2017 að verða myndi vegna aukinna umsvifa á því tímabili (sjá síðar), að teknu tilliti til lýðfræðilegrar þróunar um hækkandi meðalaldur í hreppnum.²⁹ Þessi spá um íbúafjölgun hefur þó ekki gengið eftir tvö undanfarin ár (2018 og 2019).

²⁶ Húsnæðisáætlun Fljótssdalshrepps 2018-2026, s. 5-6.

²⁷ Aðalskipulag Fljótssdalshrepps 2014-2030. Greinargerð, s. 13.

²⁸ Húsnæðisáætlun Fljótssdalshrepps 2018-2026, s. 6.

²⁹ Húsnæðisáætlun Fljótssdalshrepps 2018-2026, s. 6-7.

2.4.2 Búskaparhættir og atvinnuþróun

Stórfelld breyting hefur orðið í atvinnuháttum í Fljótsdalshreppi á síðustu áratugum. Fyrr á öldum voru þar einhver fjárflestu bú í landinu, enda sveitin sérstaklega vel til þess fallin vegna hinna grösugu og víðlendu afrétta. Árið 1973 var veturfóðrað sauðfé nærri 10.000 talsins á 33 búum, en árið 1990 var öllu sauðfé fargað í hreppnum vegna riðuveiki. Hættu þá margir sauðfjárbúskap og sneru sér að skógrækt í ríkari mæli eða sem aukabúgrein. Má því segja, að bændaskógrækt og vinnsla skógarafurða hafi að miklu leyti leyst sauðfjárbúskapinn af hólmi, þótt vinna við plöntun hafi dregist saman hin síðari ár, en árið 2007 var skógrækt stunduð á 23 lögbýlum af 34 í hreppnum³⁰ (sjá kafla 2.3.1).

Árið 2000 var sauðfé í hreppnum 3.260 og árið 2015 samtals 5.518 á 15 bæjum, en árið 2019 hafði sauðfjárbúum fækkað um tvö og fjártalan lækkað í 4.970.³¹ Nautgripærækt og mjólkurframleiðsla hefur þó orðið öllu harðar úti, því að heita má að enginn kúabúskapur hafi verið stundaður í hreppnum frá aldamótum. Kornrækt hefur sömuleiðis verið stunduð á aðeins einu býli (Geitagerði) hin síðustu ár, en árið 2012 var ræktað korn á 8-9 hekturum. Hrossarækt og tamningar eru hins vegar stundaðar á flestum bæjum, m.a. í tengslum við vaxandi ferðaþjónustu og hestaferðir.³²

2.4.3 Vaxtarsprotar og ársverk

Samdráttur í landbúnaði hefur sjálfkrafa leitt til þess, að flestir ábúendur bújarða vinna við ýmis störf utan heimilis meðfram búrekstri, jafnvel utan heimasveitar. Árið 2013 voru ársverk í landbúnaði (þ.e. sauðfjár-, skóg- og hrossarækt) talin 20 og 15 árið 2018, þ.e. fækkun um fimm ársverk. Það ár var sömuleiðis áætlað að þeim myndi fækka um tvö ársverk á komandi árum og verða aðeins 13 um 2026.³³

Skipting ársverka í Fljótsdalshreppi 2013-2026³⁴

<i>Stofnun/atv.grein</i>	2013	2018	Breyting	2026
Landbúnaður	20	15	-2	13
Fljótsdalsstöð	21,4	17	0	17
Fljótsdalshreppur	2	2?	?	2?
Hestaferðir	0,5			
Laugafellsskáli	1	2	0,5	2,5
Végarður/gistihús	1	2	0,5	2,5
Snæfellsstofa	3,3	3	(1-2)	(4-5)
Gunnarsstofnun	2	3	2,5	5,5
Klausturkaffi	2	3	(0,5-1)	(3,5-4)
Skógarafurðir ehf.		4	4	8
Óbyggðasetur Íslands		3,3	1,7	5
Ársverk alls:	53,2	54,3	8,7 - 10,7	63 - 65

Tilkoma og uppbygging Gunnarsstofnunar (1999), Fljótsdalsstöðvar (2006), Laugafellsskála (2010), Snæfellsstofu (2010), Skógarafurða ehf. (2014) og Óbyggðaseturs Íslands (2016) hafa gjörbreytt atvinnuháttum í hreppnum og aukið til muna á fjölbreytni í störfum. Umsvif í ferðaþjónustu eru þó að mestu leyti árstíðabundin og fela í sér hlutastörf og fá heilsársstörf, sem auk þess eru að stærstum hluta unnin af fólki, sem ekki hefur fasta búsetu í Fljótsdal. Má sem dæmi nefna Óbyggðasetrið, þar sem alls 12 starfsmenn unnu sumarið 2018, en aðeins tveir yfir vetrartímann. Auk þess var kallað til

³⁰ Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, s. 14; Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 338, 347-348 og 252; Aðalskipulag 2014-2030. Forsendur, s. 7.

³¹ Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 338; Ásdís Helga Bjarnadóttir (skv. upplýsingum frá fjallskilastjóra; tölvupóstur 21. febr. 2020).

³² Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 334-335 og 349-350; Aðalskipulag. Forsendur, s. 7-8.

³³ Aðalskipulag 2014-2030. Forsendur, s. 8; Húsnæðisáætlun Fljótsdalshrepps 2018-2026, s. 10; Ásdís Helga Bjarnadóttir (tölvupóstur 21. febr. 2020). Könnun á fjölda ársverka í sveitarfélaginu var gerð í ágúst 2017 og uppfærð í mars 2018. Hún byggði á upplýsingum frá forstöðufólki fyrirtækja og stofnana, en hlutastörf voru umreiknuð í ársverk.

³⁴ Aðalskipulag. Forsendur, s. 8; Ásdís Helga Bjarnadóttir (tölvupóstur 21. febr. 2020).

fleira starfsfólk á álagstímum, eingöngu heimafólk af Héraði, en áður útlendingar, sem margir hafa sest að austanlands.³⁵ Líkt hið sama gildir um flesta starfsmenn Fljótsdalsstöðvar, Gunnarsstofnunar og Snæfellsstofu, að þeir eru búsettir utan hreppsmarka og aðeins þrjú ársverk unnin af heimafólki í ársbyrjun 2020.³⁶

Í töflunni hér að ofan töldust alls 53,2 ársverk í Fljótsdalshreppi árið 2013 og aðeins um einu ársverki fleira árið 2018 eða 54,3. Skv. áætlun forsvarsmanna fyrirtækja og stofnana var þá reiknað með, að ársverkum myndi fjölga um 8,7 – 10,7 á næstu árum eða til ársins 2026. Gangi þær spár eftir verða þá unnin ársverk í hreppnum 63-65 talsins, en þar af aðeins 13 í landbúnaði eins og fyrr segir.

2.4.4 Atvinnusköpun og bætt búsetuskilyrði

Ástæða er til að geta hér í fáeinum orðum nokkurra helstu ráðstafana, sem Fljótsdalshreppur hefur gripið til á síðustu árum til að stuðla að því að gera sveitarfélagið byggilegra og fýsilegra til búsetu í samræmi við *Staðardagskrá* 21. Í fyrsta lagi ber þar að nefna þá uppbyggingu á ferðaþjónustu, sem ráðist hefur verið í við Laugafellsskála, Végarð og Hengifoss (sjá síðar). Í öðru lagi var á árunum 2008-2011 lagður ljósleiðari fyrir fjarskipti og 3ja fasa rafstrengur á alla byggða bæi í hreppnum. Í þriðja lagi voru á árunum 2008-2009 „boraðar 5 hitastigulsholur í sveitinni til að kanna jarðhita og á sama tíma 8 jarðskautsholur við bæi og fjárhús til að breyta rafsviði, sem sumir telja skaðleg mönnum og dýrum“. Og í fjórða lagi voru heimvegir og hlaðvarpar byggðra bæja endurnýjaðir frá grunni 2008-2014.³⁷

2.4.5 Húsnæðisskortur og þörfin fyrir íbúða- og byggðarkjarna

Miðað við ríkjandi aðstæður og íbúðapróun mun hin áætlaða fjölgun atvinnutækifæra í hreppnum fyrst og fremst kalla á *aðflutning fólks á vinnualdri*. Að óbreyttu verður nýjum störfum að mestu leyti sinnt af fólki, sem kys að búa utan hreppsins, eins og reyndin hefur orðið á undanförunum árum með starfsemi Fljótsdalsstöðvar, Gunnarsstofnunar, Snæfellsstofu og Óbyggðaseturs Íslands. Aðeins lítil hluti starfa hjá þessum stofnunum er unninn af fólki með búsetu í hreppnum.³⁸ Framvinda málsins mun því að stórum hluta ráðast af þeim búsetukostum, sem standa munu til boða því fólki, er kysi að setjast að í hreppnum. Þar reynir á getu sveitarstjórnar til að laða til sín fólk í þau störf, sem nú þegar er sinnt af fólki utan hreppsins, svo og í önnur þau störf, sem fyrirsjáanlega munu skapast á komandi árum.

Nærtækast er að bregðast við þessum vanda með úrbótum í húsnæðismálum, því að um langt árabil hefur verið húsnæðisskortur í hreppnum. Á það bæði við um leigu- og eignaríbúðir, því að jarðir sem falla úr ábúð eru sjaldnast leigðar eða seldar til landbúskapar eða annarrar atvinnustarfsemi, en þjóna fremur sem sumarhús fjarbúandi eigenda.³⁹ Þrátt fyrir nægt lóðaframboð á lögbýlum, þar sem heimilt er að reisa þrjú íbúðarhús á hverri jörð til viðbótar þeim íbúðarhúsum, sem tilheyra búrekstri, hefur aðeins eitt nýtt íbúðarhús bæst í hópinn á síðustu árum, þ.e. á búnaðarhluta Skriðuklausturs. Nokkur eldri íbúðarhús hafa verið endurbyggð og stækkuð, en önnur ýmist verið rifin eða teljast óíbúðarhæf, svo að í reynd hefur dregið úr framboði íbúðarhúsnæðis í hreppnum á liðnum árum.

Skortur á leiguhúsnæði hefur því fælt ungt og eldra fólk frá því að setjast að í hreppnum og nýta þá möguleika, sem þar eru í boði, en auk þess valdið erfiðleikum þeim stofnunum og fyrirtækjum, sem

³⁵ *Glettingur* 29. árg., 1. tbl. 2019, s. 11.

³⁶ *Viðræðufundur í Végarði* 12. mars 2029.

³⁷ Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 484.

³⁸ *Húsnæðisáætlun Fljótsdalshrepps 2018-2026*, s. 10; *Viðræðufundur í Végarði* 12. mars 2020.

³⁹ *Húsnæðisáætlun Fljótsdalshrepps 2018-2026*, s. 11.

búa við árstíðabundnar sveiflur í mannahaldi og rekstri. Af þeirra hálfu hefur helst gætt þrýstings á sveitarfélagið um aðgerðir í húsnæðismálum, þ.e. byggingu leiguíbúða.⁴⁰

Sveitarstjórnin hafði því frumkvæði að gerð *Húsnæðisáætlunar Fljótshrepps 2018-2026*, sem birt var í mars 2018. Þar eru settar fram tillögur um hvernig mæta megir eftirspurn og þörf yngra og eldra fólks fyrir leiguíbúðir, sem sveitarfélagið léti byggja.

Hafa ber í huga að stærðarsamsetning nýrra íbúða þarf að passa við þarfir þeirra sem hugsanlega flytja til Fljótshrepps eða þeirra íbúa sem breyta um búsetu innan sveitar á næstu árum. Gera má ráð fyrir að tilkoma nýrra leiguíbúða komi hreyfingu á markaðinn og einhverjir heimamenn í eldri íbúahópnum vilji leigja nýja íbúð og losi þá um leið aðrar eignir eftir atvikum. Mælt er með, að megináhersla verði lögð á að byggja litlar (og meðalstórar) íbúðir í húsum sem falla vel að byggðinni sem fyrir er.⁴¹

Húsnæðisáætlunin bregður upp þremur svipmyndum af því, hvernig standa mætti að byggingu allt að 10 íbúða í hreppnum fram til ársins 2026, ýmist með stofnframlagi frá ríki og sveitarfélagi, sölu tveggja félagslegra leiguíbúða í eigu hreppsins á Hallormsstað og/eða með þátttöku leigufélagsins Ársala, sem sveitarfélagið á aðild að. Einkum er miðað við að mæta fyrirsjáanlegri eftirspurn og þörf eldra og yngra fólks „sem fellur undir tekju- og eignarmörk samkvæmt lögum 52/2016 um almennar íbúðir“. Bent er á, að erfitt geti reynst „að stýra hraða á uppbyggingu á húsnæði og reyna að sjá fyrir með óbyggjandi hætti hverjar þarfir núverandi og væntanlegra íbúa munu verða varðandi gerð og fjölda húsnæðis“. Hallast er þó að byggingu 5 lítilla par- eða raðhúsa, einnar til tveggja hæða, en slík húsgerð hefur að mati skýrsluhöfundar reynst heppileg og hagkvæm lausn víða um land.⁴²

Verði þessari áætlun fylgt eftir virðist borðleggjandi að umræddar leiguíbúðir rísi í skipulögðum íbúða- og byggðarkjarna. Með því frumkvæði sveitarstjórnar verði brautin rudd fyrir frekari íbúða-byggingar á svæðinu, sem ýmist yrðu í formi eignarhúsnæðis einstaklinga og fjölskyldna eða leiguíbúða í eigu sveitarfélagsins, fyrirtækja og stofnana. Mikilsvert er að vel verði vandað til staðarvals og skipulags á slíkum byggðarkjarna með tilliti til fjölmargra þátta, sem nánar er fjallað um í kafla 4.2.

2.4.6 Framtíðarsýn Samfélagsþings 2019 um atvinnuþróun og mannlíf

Helgina 13.-14. apríl 2019 var haldið svonefnt *Samfélagsþing* í Snæfellsstofu á vegum Fljótshrepps-



hrepps og í samstarfi við Austurbrú. Það var hluti af samfélagsverkefni, sem hófst í ágúst 2018 og markmiðið að nýta niðurstöður þess „til að skilgreina valkosti sveitarfélagsins við stefnumörkun í margvíslegum málum, s.s. varðandi skipulagsmál, atvinnumál, þjónustu og eflingu samfélagsins“. Hátt í 50 manns sátu þingið og lögðu sitt til mála.⁴³

Þátttakendur í Samfélagsþinginu 2019. Ljóm.: Austurfrétt / Gunnar Gunnarsson.

⁴⁰ Viðræðufundur í Végarði 12. mars 2020 *Húsnæðisáætlun Fljótshrepps 2018-2026*, s. 11.

⁴¹ *Húsnæðisáætlun Fljótshrepps 2018-2026*, s. 12.

⁴² *Húsnæðisáætlun Fljótshrepps 2018-2026*, s. 13-14.

⁴³ *Fögur framtíð í Fljótshreppi. Skilaboð samfélagsþings, apríl 2019. Ildi.* https://www.fljotsdalur.is/images/samfelagsverkefni/Fgur_framt_Fljotsdal_skilabo_samflagsings_2019.pdf.

Viðfangsefnum og áherslum þingsins var meðal annars þannig lýst í skýrslu um niðurstöður þess, sem nefnist *Fögur framtíð í Fljótsdal*:

Rætt var um möguleika tengda virkjunum, bæði heimavirkjunum og orkuauðlindum í stærra samhengi og kallað eftir stefnumótun af hálfu sveitarfélagsins. Þá var lögð áhersla á sýnileika og markaðssetningu Fljótsdals. Af öðrum málum sem þátttakendur töldu mikilvæg, má nefna atvinnu- og verðmætasköpun, náttúruvernd og sjálfbærni, merkingu gönguleiða, bættu aðstöðu við Hengifoss og á fleiri áfangastöðum og hvað mætti gera betur varðandi Vatnajökulspjóðgarð og þann hluta hálendisins sem tilheyrir sveitarfélaginu. Á þinginu fór fram vönduð greining á styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum Fljótsdals og var einnig skoðað hvaða innviðir og þjónusta þyrftu að vera til staðar til að laða að nýja íbúa. Þar var t.d. rætt um húsnæðismál, leik- og grunnskóla, íþróttastöðu, almenningsvæði og öldrunarheimili og varpað fram hugmynd um uppbyggingu byggðakjarna á aðlaðandi stað. Einnig þarf, að mati þátttakenda, að huga að samgöngum, gsm sambandi, útsendingarskilyrðum útvarps og sjónvarps, sorpmálum og gámasvæði. Þá kom fram að bygging iðnaðarhúsnæðis gæti skapað ýmis tækifæri og bent var á leiðir til að bæta aðstöðu á tjaldsvæði.⁴⁴

Ennfremur forgangsroðuðu þátttakendur með þessum hætti þeim málefnum, sem þeir töldu helst brenna á sveitarfélaginu:

Lang efst raðaðist málefnið búskapur, þar sem fyrst og fremst var rætt um fjölbreytta möguleika í landbúnaði en einnig komið inn á matvælavinnslu og kolefnisbindingu. Því næst lögðu heimamenn áherslu á samfélagið, á viðburði, félagslíf og menningu. Virkjanir voru í þriðja sæti og þá sérstaklega horft til heimavirkjana. Einnig töldu þátttakendur mikilvægt að huga að sýnileika og markaðssetningu Fljótsdals, sem raðaðist í fjórða sæti. Þegar horft er yfir forgangsroðunina í heild sinni, sýnir hún að heimamenn telja að dýrmætasta auðlindin felist í möguleikum dalsins sem landbúnaðarsvæðis og vilja horfa til næstu þróunarskrefa á því sviði.⁴⁵

Grunnforsendur fyrir búsetu í Fljótsdals taldi þingið vera landnýtingu og búskap í víðustu merkingu, matvælaframleiðslu og kolefnisbindingu með skógrækt. Þótt óvissa ríkti um framtíð hefðbundins sauðfjárbúskapar, m.a. vegna kynslóðaskipta, gætu tækifærin legið í heimavinnslu afurða, þ.e. „úrvinnslu og sölu á mjólk, kremum, olíum og merg“. Þá byði skógurinn upp á „fjölmargar framleiðsluafurðir, auk timburs og eldiviðar, s.s. sýróp, te, sveppi og birkisalt“. Ennfremur fælust tækifæri í beitiskógum, „útivist í yndisskógi, ferðamennsku og framleiðslu birkiösku“, og einnig mætti líta á „hestaleigur og útreiðar, tamin hross og hrossarækt, hrossakjöt og blóð, sem auðlindir og möguleika“. Eins bæri að líta til Fljótsdals sem matarhéraðs skv. hinni alþjóðlegu „Slow Food“ hugmyndafræði „sem miðar að því að renna styrkari stoðum undir mat úr héraði“.⁴⁶

Þingfulltrúum var einnig umhugað um uppbyggingu ferðaþjónustunnar, einkum með tilliti til náttúruperla á borð við Hengifoss, Bessastaðaárgil, Drekkjarhyl, Strútsfoss, Tröllkonustíg, Víðivallaskóg, Ranaskóg og Múlann, þar sem komið yrði upp stikuðum gönguleiðum, upplýsingaskiltum og bílastæðum eftir þörfum. Einnig var talin þörf á „að skilgreina og markaðssetja „Gullna Fljótsdalshringinn“. Markmiðið væri að fá fólk innar í dalinn og að ferðamenn dvelji lengur í Fljótsdal.“⁴⁷

⁴⁴ *Fögur framtíð í Fljótsdal*, s. 1.

⁴⁵ *Fögur framtíð í Fljótsdal*, s. 3.

⁴⁶ *Fögur framtíð í Fljótsdal*, s. 4-5 og 11.

⁴⁷ *Fögur framtíð í Fljótsdal*, s. 13-15.

Fjölmarginn fleira kom til umræðu á Samfélagsþinginu, sem hér verður ekki rakið. Meðal þess var þörfin á sérstöku athafna- og iðnaðarhúsnæði (sjá kafla 2.5.7) og íbúða- og byggðarkjarna, sem nánari grein er gerð fyrir í kafla 4.1.3. Huga þyrfti sérstaklega að aðstöðu fyrir starfsfólk fyrirtækja og stofnana, sem kæmi til skemmri og lengri dvalar. „Því var rætt um framboð á byggingarlóðum og skipulag þéttbýlis- eða byggðakjarna. Þessu tengt kom svo upp sú spurning hvort sveitarfélagið eigi að eiga landið.“⁴⁸

Á þinginu kom fram að styrkleikar Fljótsdals væru fjölmargir, s.s. náttúra, veðurfar, samfélag, góð landgæði til ræktunar, fjölbreytt atvinnulíf, góð fjarskipti og 3ja fasa rafmagn. Á hinn bóginn þóttu veikleikarnir felast í hækkandi meðalaldri íbúanna, skorti á húsnæði og þjónustu s.s. skóla og heilsgæslu, og vannýtingu jarða. Tækifærin fælust þó meðal annars í bættri þjónustu við ferðamenn, ungu fólki og uppbygging atvinnulífs, en ógnanir voru taldar liggja í kynslóðaskiptum og hættu á að þekking hinna eldri næði ekki að yfirfærast til yngri kynslóða.⁴⁹

⁴⁸ *Fögur framtíð í Fljótsdal*, s. 6.

⁴⁹ *Fögur framtíð í Fljótsdal*, s. 19.


2.5 Nokkur skilgreind svæði skv. aðalskipulagi

Fljótsdalur er dæmigert *landbúnaðarsvæði* með ríkri skógræktarhefð, upprunalegum birkiskógum og skipulögðum svæðum til ræktunar nytjaskóga, þ.e. *skógræktar- og landgræðslusvæðum*. Hálendi hreppsins er víðáttumikil heiðalönd og hluti þeirra innan marka *Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs*, sem lýtur sérstakri stjórnunar- og verndaráætlun. Á láglandi einkennist byggðarmynstrið af dreifðri byggð á bújörðum með íbúðar- og útihúsum, túnnum og öðrum spildum til kvikfjárbúskapar og skógræktar, en að öðru leyti er landrýmið svæðaskipt til fjölpættra nota skv. aðalskipulagi til samræmis við aðstæður og þarfir íbúa og ferðafólks.⁵⁰

Hér skal gerð örstutt grein fyrir þessum þáttum skipulagsins, sem eru þýðingarmiklir í umræðunni um staðarval *íbúða- og þjónustukjarna* sveitarinnar, sem er sérstaklega fjallað um í 4. kafla.

2.5.1 Landbúnaðarsvæði

Þessi svæði eru skilgreind „fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstri, með áherslu á búfén-
að, matvæla- og fóðurframleiðslu“. Miðað er við „að góð landbúnaðarsvæði verði nýtt áfram til land-
búnaðar og að landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum, með eðlilegum þróunarmöguleikum
ýmissa atvinnugreina sem henta slíkum svæðum“. Þar er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og
starfsemi sem tengjast búrekstri og óheimilt „að skerða landbúnaðarsvæði nema með leyfi sveitar-
stjórnar“, enda skuli slík ákvörðun byggja á mati á ræktunargildi svæðisins. Stefnt skuli að eflingu
landbúnaðar og ýmissa stoðgreina hans, þ.á m. „úrvinnslu skógræktar á svæðinu til viðarframleiðslu,
útivistar, skjóls og landbóta“.⁵¹



Skipting bújarða í ábúð eftir búrekstri um 2014. Aðalskipulag 2014-2030. Greinargerð, s. 19. Landmótun sf.

Um aðra nýtingu landbúnaðarsvæða segir í greinargerð aðalskipulagsins: „Heimilt er að veita *almenna ferðapjónustu* á landbúnaðarsvæðum, s.s. *gistingu og greiðasölu í hóflegu mæli*,“ í því augnamiði að nýta þann húsakost, sem nú þegar er til staðar á bæjum. Einnig er heimilt „*að afmarka lóðir og reisa allt að þrjú íbúðarhús þar sem að-stæður leyfa á lögbýlum auk þeirra íbúðar-húsa sem tilheyra búrekstrinum*. Ennfremur er heimilt *að byggja allt að 3 stök frístundahús á lögbýlum [sem eru stærri en 70 ha], þ.m.t. veiðihús, auk aðstöðu fyrir ferðapjónustu og léttan iðnað*,“ án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. „*Fleiri frístundahús verða einungis byggð á svæðum fyrir*

frístundabyggð“. Sömuleiðis er heimilt, „þar sem aðstæður leyfa á hverju lögbýli, „að hafa sérhæfðar byggingar fyrir ferðapjónustu, þ.e. hótél, gistiheimili og byggingar fyrir verslunarrekstur, svo fremi sem heildarstærð þeirri fari ekki yfir 1.500 m²“.⁵² Sjá nánar kafla 2.5.3 og 4 um Íbúða- og byggðakjarna og kafla 2.5.4 um Frístunda- og sumarhúsabyggð.

⁵⁰ *Aðalskipulag 2014-2030. Greinargerð*, s. 11-41.

⁵¹ Aðalskipulag 2014-2030. Greinargerð, s. 17-18.

⁵² *Aðalskipulag 2014-2030. Greinargerð*, s. 14 og 17-18.

2.5.2 Skógræktar- og landgræðslusvæði


Skipulagsáætlun sveitarfélagsins miðar að því „að skógrækt í tengslum við Héraðs- og Austurlands-skógaverkefni sbr. lög nr. 95/2006 verði eflað“ og stuðlað að því „að til verði ný atvinnugrein á hefðbundnum landbúnaðarsvæðum“. Í því augnamiði eru gerðar skógræktaráætlanir fyrir einstakar bújarðir samkvæmt þeim kröfum, sem stjórn verkefnisins gerir á hverjum tíma. Um 2014 var skógrækt stunduð á 25 lögbýlum í hreppnum og þar af á 14 jörðum skv. samningum við Héraðsskóga, en heildarflatarmál nýskóga og náttúrulegra birkiskóga var þá talin um 2.500 hektarar.⁵³

2.5.3 Íbúða- og byggðarkjarni

Sérstaklega er fjallað um þennan þátt skipulagsins í 4. kafla. Hér skal einungis áréttað, að gert er ráð fyrir 7 hektara svæði í landi *Bessastaða/Eyrrarlands* fyrir íbúðabyggð „í bland við verslun og þjónustu“. Sömuleiðis er afmarkað svæði á Skriðuklaustri/Skriðu með tveimur íbúðarhúsalóðum innan við húsið Skriðu skv. sérstöku deiliskipulagi (*Deiliskipulag fyrir Skriðuklaustur – Valþjófsstað 1 – Hamborg*), sem staðfest var 3. júní 2008. Sú íbúðabyggð er í samræmi við það almenna ákvæði aðalskipulagsins, að heimilt sé „að afmarka lóðir og reisa allt að þrjú íbúðarhús þar sem aðstæður leyfa á lögbýlum auk þeirra íbúðarhúsa sem tilheyra búrekstrinum“⁵⁴ (sjá kafla 2.5.1 hér að ofan).

2.5.4 Verslunar- og þjónustusvæði

Skv. skipulagsáætlun er stefnt „að auknum atvinnutækifærum á sviði verslunar- og þjónustu“, m.a. með því að „byggð verði upp aðstaða fyrir ferðamenn til að þeir dvelji lengur á svæðinu en þeir gera nú“, og gerðar verði „úrbætur á aðstöðu til móttöku ferðamanna á vinsælum áningarstöðum í sveitarfélaginu, s.s. við Hengifoss“.⁵⁵ Auk þess er heimilt, - eins og nefnt er hér að framan, - „að veita almenna ferðaþjónustu á landbúnaðarsvæðum, s.s. gistingu og greiðasölu í hóflegu mæli,“ og reisa á



hverju lögbýli „þar sem aðstæður leyfa [. . .], sérhæfðar byggingar fyrir ferðaþjónustu, þ.e. hótél, gistiheimili og byggingar fyrir verslunarrekstur, svo fremi sem heildarstærð þeirri fari ekki yfir 1.500 m²“.⁵⁶ Má því segja, að skilmálar til uppbyggingar og reksturs slíkrar þjónustu í sveitarfélaginu, séu býsna víðtækir.

Hengifoss. Ljósmynd: <https://www.hengifoss.is/en/hengifoss>.

⁵³ Aðalskipulag 2014-2030. Greinargerð, s. 20-22.

⁵⁴ Aðalskipulag 2014-2030. Greinargerð, s. 14 og 18.

⁵⁵ Aðalskipulag 2014-2030. Greinargerð, s. 24.

⁵⁶ Aðalskipulag 2014-2030. Greinargerð, s. 14, 17-18.

Slík ferðapjónustu- og menningarsvæði eru nú þegar afmörkuð á sex stöðum í hreppnum, þ.e. við *Hengifoss* og *Laugafell*, í *Végarði*, á *Valþjófsstað*, *Egilsstöðum* og *Skriðuklaustri*, en bændagisting er aðeins starfrækt á *Húsum*.

(1) Hengifoss-svæðið „er ætlað fyrir verslun og þjónustu með möguleika á uppbyggingu fyrir minni-háttar móttöku fyrir ferðamenn“.⁵⁷ Fossinn er mest sótti ferðamannastaðurinn í Fljótsdal og var heimsóttur af um 40.000 gestum árið 2014 og um 80.000 árið 2019 skv. teljara. Áningarstaður er við gilsmynnið með bílastæðum, snyrtingu og upplýsingaskilti, en þaðan liggja tréstigi og malborinn stígur upp að Stuðlabergsfossi.⁵⁸ Deiliskipulag fyrir svæðið, sem tekur yfir gljúfrið frá heiðarbrún og niður fyrir þjóðveg 933, var unnið að frumkvæði sveitarstjórnar og öðlaðist gildi 3. nóv. 2015. Þar er m.a. gert ráð fyrir sérstökum *upplýsinga- og þjónustuskála*, innan við ána í landi Mela,⁵⁹ en efnt var til samkeppni um hönnun þess. Á Samfélagsþingi 2019 komu fram ábendingar um, að gera þyrfti ákveðnar breytingar á þessu skipulagi, m.a. tilliti til staðsetningar á bílastæðum og þjónustuhúsi.⁶⁰

(2) Laugafell er ferðamiðstöð skammt frá Laugafelli og rústum Laugakofa, sem byggð hefur verið upp á undanförunum árum skv. staðfestu deiliskipulagi fyrir þjónustusvæði frá 2007.⁶¹ Árið 2010 lét Fljótsdalshreppur byggja þar allstórt og veglegt timburhús, *Laugafellsskála* (450 m²), þar sem rekið er sumarhótel, sem rúmar 38 manns í gistingu. Húsið er hitað með vatni úr borholu við steinhlaðnar baðlaugar, sem eru fjölsóttur og vinsæll áfangastaður ferðafólks. Í þessu samhengi ber einnig að nefna þá *gönguskála* (fjallasel), sem ýmist eru til staðar eða ráðgert er að reisa á hálendinu austan



Snæfells og í tengslum við megin-gönguleiðir sem *afþreyingar- og ferðamannasvæði* í samræmi við aðalskipulag Fljótdalshrepps, verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs og Landsskipulagsstefnu 2015-2026 (áður Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands).⁶²

Laugafell. Ljósm.: <https://www.hengifoss.is/is/afthreying/laugafell>.

⁵⁷ Aðalskipulag 2014-2030. Greinargerð, s. 24.

⁵⁸ Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 474.

⁵⁹ Deiliskipulag Hengifoss, 2015.

⁶⁰ Fögur framtíð í Fljótsdal, s. 13.

⁶¹ Laugafell / Laugará [. . .]. Tillaga að deiliskipulagi.

⁶² Aðalskipulag 2014-2030. Greinargerð, s. 11, 16 og 24; Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 210, 475 og 484.



Séð yfir gistihúsið Fljótsdalsgrund (Hengifoss guesthouse) og tjaldsvæðið frá rótum Valþjófsstaðafjalls. Félagsheimilið Végarður fjær fyrir miðri mynd. Ljós.: <https://hengifoss.is/is/thjonusta/hengifoss-guesthouse>.

(3) **Végarður** þjónar því tvíþætta hlutverki að vera félagsmiðstöð og ráðhús hreppsins. Á árunum 2003-2013 var þar til húsa upplýsingamiðstöð og gestastofa Landsvirkjunar, sem heimsótt var af tugum þúsunda. Húsinu fylgir 4,1 ha lóðarspilda, sem deiliskipulögð var árið 2008 fyrir gistihús, tjald- og

hjólhýsasvæði.⁶³ Árið 2010 var þar opnað gistihúsið **Fljótsdalsgrund** (einnig nefnt *Hengifoss guesthouse*) með um 20 herbergjum og þjónusturými. Þar er einnig tjaldsvæði með tilsvarendi aðstöðu skv. hönnun Birkis Einarssonar landslagsarkitekts. Ofan við svæðið skásker Tröllkonustígur (Skessustígur) Valþjófsstaðafjallið frá rótum upp undir fjallsbrún.⁶⁴

(4) **Valþjófsstaðarkirkja** (vígð 1966) er í senn sóknarkirkja Fljótsdælinga og vinsæll áningastaður ferðafólks, sér í lagi vegna eftirlíkingar hinnar nafntoguðu Valþjófsstaðarhurðar, sem prýðir kirkjuna. Áætlað er að hún laði til sín um 10.000 gesti árlega.⁶⁵



Óbyggðasetur Íslands á Egilsstöðum. Ljós.: Hörður Kristjánsson/Bændablaðið, júlí 2018.

(5) Á bænum **Egilsstöðum**, innsta byggða bóli nærri botni Norðurdals, hafa hjónin Arna Björg Bjarnadóttir og Steingrímur Karlsson unnið að uppbyggingu á **Óbyggðasetri Íslands**, sem hóf formlega starfsemi árið 2016 og telja má meðal áhugaverðustu sprota í flóru

menningar- og ferðamiðstöðva í landinu. Í gamla íbúðarhúsinu (byggt 1940), öðrum eldri húsum og nýbyggingum er „boðið upp á fjölbreytta upplifun og afþreyingu, s.s. sýningar um líf í óbyggðum og við jaðar þeirra“, hesta- og gönguferðir, veitingaþjónustu og gistirými fyrir 36 manns á endurgerðu baðstofulofti og í gamla íbúðarhúsinu, ásamt aðgengi að norðurljósa- og stjörnuskoðunarstöð, baðhúsi og steinhlaðinni baðlaug utandyra.⁶⁶ Um 8.000 manns sóttu Óbyggðasetrið heim árið 2018.

⁶³ Aðalskipulag 2014-2030. Greinargerð, s. 24.


⁶⁴ Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 117-118, 308-309 og 474-475; Gistiheimilið Fljótsdalsgrund. www.visitegilsstadir.is/is/gisting/fljotsdalsgrund-guesthouse; Hengifoss gistihús. <https://www.east.is/is/east/service/hengifoss-guesthouse>.

⁶⁵ Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 474.

⁶⁶ Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 86-91; Óbyggðasetur Íslands: <http://www.visitegilsstadir.is/is/gisting/wilderness-center>; Hörður Kristjánsson, 2018; Glettingur 29. árg., 1. tbl. 2019, s. 6-11; <https://www.hengifoss.is/is/afthreying/obyggdasetur-islands>.



Horft úr suðvestri yfir heimavöll hins forna stórbýlis og menningarseturs Skriðuklausturs. Neðst eru rústir Ágústínusarklausturs, sem starfrækt var frá 1493 til siðaskipta 1550, en aðgengi að þeim er frá Gunnarshúsi, sem stendur litlu ofar í skjóli vöxtulegra trjáa. Utar og neðan þjóðbrautar er Snæfellsstofa. Ljósmynd.: <https://www.skriduklaustur.is/is/>.



Deiliskipulag fyrir Gestastofu og Gunnarshús frá 2009. Landmótun sf.

(6) Skriðuklaustur er einn fjölsóttasti ferðamannastaður í Fljótsdal að fornu og nýju, enda aðsetur munkaklausturs á öndverðri 16. öld og síðan embættismanna og stórbænda, þ.á m. hjónanna Franziscu og Gunnars Gunnarssonar skálds frá 1939 til 1948, sem létu byggja hið mikla og glæsilega íbúðar- og herragarðshús, svonefnt

Gunnarshús. Tilraunastöð í landbúnaði var starfrækt þar á árunum 1949-1991 og sjálfstætt býli með búrekstri hefur verið rekið á búnaðarhluta jarðarinnar frá 1999. Frá því að *Gunnarsstofnun* hóf starfsemi í Gunnarshúsi um síðustu aldamót hefur verið rekið þar öflugt menningar- og fræðasetur með fjölbættu sýninga- og samkomuhaldi, gestaíbúð fyrir lista- og fræðimenn, veitingasölu (Klausturkaffi) og leiðsögn um klausturrústirnar og minjasvæðið yfir sumartímann. Sumarið 2010 var opnuð

Snæfellsstofa, starfsstöð, gestastofa og upplýsingamiðstöð fyrir Austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs, í nýbyggðu húsi í nágrenni við Gunnarshús. Stofan er fyrsta íslenska húsið, sem fengið hefur um-


hverfisvottunina BREEAM.⁶⁷ Til hennar er lögð 3,3 ha lóð, sem er hluti þeirrar spildu undir Valþjófsstaðar- og Klausturfjalli, sem var deiliskipulögð 2008 og 2009.⁶⁸



Snæfellsstofa. Ljósmynd.: <https://www.skriduklaustur.is/is/>.

⁶⁷ Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 118-153 og 474; *Skriðuklaustur*. <https://www.skriduklaustur.is/is/>.

⁶⁸ Deiliskipulag fyrir menningar- og þjónustustarfsemi í landi Skriðuklausturs, Valþjófsstaðar 1 og Hamborgar (2008) og Deiliskipulag fyrir Gestastofu og Gunnarshús. Landmótun sf. (staðfest af sveitarstjórn Fljótsdalshrepps 14. apríl 2009).



Víðivellir ytri I. Deiliskipulag að frístundabyggð frá 2011 (endurskoðað 2016), - gömul og ný svæðaskipting. Mynd: Loftmyndir ehf. / Mannvit.

2.5.5 Frístunda- og sumarhúsa-svæði

Í aðalskipulagi Fljótsdalshrepps er gert ráð fyrir fimm *frístundasvæðum*, sem ætluð eru fyrir „frístundahús og nærpjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi“. Á þessum svæðum er föst heilsársbúseta óheimil. Ennfremur er leyfilegt „að

byggja allt að 3 sumarhús á landbúnaðarsvæðum lögbýla, sem eru stærri en 70 ha, án þess að skilgreina þurfi svæðið sem frístundabyggð í aðalskipulagi“. Ofangreind svæði með fleiri en fjórum frístundahúsum eru hins vegar áformuð á eftirtöldum jörðum:⁶⁹

- (1) **Droplaugarstaðir**. Þar er gert ráð fyrir byggingu 4-5 frístundahúsa á um 5 hektara svæði.
- (2) **Brekkugerði**. Áætlað svæði um 5 ha að stærð.
- (3) **Brekka**. Áætlað svæði fyrir frístundahús um 5 ha.
- (4) **Víðivellir ytri I**. Gert er ráð fyrir um 13 frístundahúsum á um 20 ha svæði.
- (5) **Víðivellir ytri II**. Þar er gert ráð fyrir um 8 frístundahúsum á um 6-8 ha svæði.

Ekki liggur fyrir staðfest deiliskipulag fyrir þessi svæði og enn sem komið er hafa einungis risið þrjú sumarhús í landi Víðivalla ytri I. Deiliskipulag fyrir frístundabyggðina þar var samþykkt af sveitarstjórn 1993 og í breyttri útgáfu 11. jan. 2011 og 2. ágúst 2016,⁷⁰ en sú ákvörðun var felld úr gildi af úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála 14. júní 2018.⁷¹ Er því ekkert deiliskipulag í gildi fyrir svæðið, svo að húsum mun væntanlega ekki fjölga þar um sinn. Svæðið er 19,4 ha að stærð og liggur í skógi klæddri hlíðinni ofan þjóðbrautar og fast utan við beltið, sem þar myndaðist við skriðuhlaupið



mikla haustið 1979. Í *Víðivallaskógi nýja*, sem tilheyrir ytri Víðivallabæjunum, er hins vegar allstórt og fallegt *samkomusvæði*, sem skilgreint er sem *opið svæði* til útivistar og var í fyrstu útbúið með bekkjum, borðum og smáhýsi í tilefni 25 ára afmælis skógarins árið 1995.⁷² Á Skriðuklaustri er sömuleiðis afmarkað opið svæði (13,5 ha) skv. deiliskipulagi, sem m.a. nær til fornminjasvæðisins neðan við Gunnarshús.

Samkomusvæði í Víðivallaskógi var opnað árið 1995. Ljós.: Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2002-2014.

⁶⁹ Aðalskipulag 2014-2030. Greinargerð, s. 14-15.

⁷⁰ Víðivellir ytri I. Deiliskipulag frístundabyggðar. Skipulags- og byggingarskilmálar. Tillaga. Mannvit. 3. mars 2016.

⁷¹ <https://uua.is/urleits/137-2016-vidivellir/>. Sótt 13. mars 2020; Viðræðufundur í Végarði 12. mars 2029.

⁷² Aðalskipulag 2014-2030. Greinargerð, s. 16; Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 40.

2.5.6 Náttúru- og minjaverndarsvæði

Í kafla 2.3.2 er fjallað stuttlega um helstu náttúruperlur og söguminjar í Fljótsdal, en nokkrar þeirra eru friðlýstar og/eða njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúru- og þjóðminjavernd. Víðáttu- mest eru þau tvö náttúruminjasvæði, sem eru á Náttúruminjaskrá Umhverfisstofnunar og tilheyra hálendishluta sveitarfélagsins innan marka Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs. Þau eru *Snæfell*, *Vesturöræfi* og *Hafrahvammaglúfur* (615) og *Eyjabakkar* (616). Önnur náttúruminjasvæði í dalnum



eru þessi: *Hengifossárgljúfur* (617), *Ranaskógur* og *Gilsárgil* (618), *Geitagerðisbjarg* (644) og *Strútsfoss* (645).⁷³

Bessastaðaárgil og Drekkjarhylur neðst í ánni. Ljósmynd: Morgunblaðið 6. nóv. 1999.

Markmið aðalskipulags Fljótsdals- hrepps er að stuðla „að varðveislu friðlýstra svæða, annarra náttúru- minja og umhverfislegra gæða almennt“ og vinna að

„samtengingu svæða sem eru á

náttúruminjaskrá“ með *hverfisvernd*. Með slíkum svæðum verði stuðlað „að varðveislu náttúruminja, fornleifa og annarra söguminja, sem m.a. rennir styrkari stoðum undir ferðaþjónustu á svæðinu“.⁷⁴

Haldgóðir leiðarvísar að því marki eru rit Helga Hallgrímssonar, *Djásnaskrá Fljótsdals* og *Mannvistarminjar í Fljótsdal*, sem fyrir eru nefnd (sjá kafla 2.3.2). Á þeim grunni var *Bessastaðaárgil* og *fjallshlíðin ofan við Skriðuklaustur* og *Valþjófsstað* með *Tröllkonustíg* tekið til hverfisverndar við samþykkt Aðalskipulags 2014-2030. Undir svæðið falla einnig þrjár friðlýstar fornleifar, *Drekkjarhylur* og ýmsar búsetuminjar neðarlega í árgilinu.⁷⁵ Nú er unnið að útfærslu á stikaðri gönguleið eða söguslóð um svæðið með áherslu á stórbrotna náttúru þess og söguminjar.

Aðrar friðlýstar minjar í dalnum eru innan *minjaverndarsvæðisins* á Skriðuklaustri, sem stofnað var til með sérstakri verndaráætlun 19. ágúst 2012, þ.e. *Gunnarshús* og *Kirkjuvöllur* (kirkjugarður með kirkjutóft), sem rannsakað var með umfangsmiklum uppgreiftri samhliða leifum klaustursins á árunum 2002-2012.⁷⁶

⁷³ Aðalskipulag 2014-2030. Greinargerð, s. 31-33, og Forsendur, s. 17-19; Náttúruminjaskrá. <https://www.ust.is/nattura/natturu-verndarsvaedi/natturuminjaskra/austurland/>.

⁷⁴ Aðalskipulag 2014-2030. Greinargerð, s. 30 og 35.

⁷⁵ Aðalskipulag 2014-2030. Greinargerð, s. 35-36; Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 153-161; Hjörleifur Guttormsson, 2018, s. 199-202.

⁷⁶ Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 127-131; Aðalskipulag 2014-2030. Forsendur, s. 24.

2.5.7 Iðnaðar- og athafnasvæði

Auk mannvirkja *Fljótsdalsstöðvar* gerir aðalskipulagið ráð fyrir sérstöku „iðnaðarsvæði fyrir skógar- og landbúnaðarafurðir“ á Hvammseyri⁷⁷ innan við Valþjófsstað, þar sem vinnubúðarþorpið stóð meðan á virkjunarframkvæmdum stóð. Enn sem komið er hafa engin iðnaðarfyrirtæki hreiðrað þar um sig. Skv. eldra aðalskipulagi var gert ráð fyrir að í landi Valþjófsstaðar og Víðivalla ytri yrðu iðnaðarsvæði eða



„úrvinnslusvæði skógarafurða“⁷⁸ í samræmi við markmið skipulags-áætlunar hreppsins um viðurframleiðslu og aukna úrvinnslu nytjaskóga. Árið 2014 hófu feðgarnir Bjarki M. Jónsson og Jón Ólafur Sigurðsson, skógarbændur á Víðivöllum II, fjölþætta úrvinnslu úr lerki á vegum fyrirtækisins Skógarafurða ehf, sem þeir reka á jörðinni.⁷⁹

Vinnslusalur Skógarafurða ehf. á Víðivöllum ytri II. Ljósmynd: www.skogarafurdir.is.

Í þessu sambandi skal nefnt, að á Samfélagsþingi 2019 var rætt um byggingu 500-700 m² iðnaðar- og athafnahúsnæðis með möguleika á stækkun. Þetta hús gæti hýst kæli- og frystigeymslu, véla- og smíðaverkstæði, vélageymslu, matvælavinnslu og aðra starfsemi.⁸⁰ Sýnist einboðið, að slíkt hús verði staðsett á Hvammseyri, verði það á annað borð byggt.

⁷⁷ Aðalskipulag 2014-2030. Greinargerð, s. 25.

⁷⁸ Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2002-2014, s. 48.

⁷⁹ www.skogarafurdir.is/um-okkur.

⁸⁰ *Fögur framtíð í Fljótsdal*, s. 23.

3. Sálfræðilegar forsendur og aðferðafræði

Umhverfi fólks hefur mótandi áhrif á andlega, líkamlega og félagslega heilsu þess. Með aukinni þekkingu á samspili fólks og umhverfis hefur áhugi á samþættingu sálfélagslegra þátta við skipulagsgerð og umhverfismótun, aukist verulega. Mannvænt umhverfi, þ.e. umhverfi sem skipulagt og mótað er á forsendum mannlegs atferlis, þarfa og væntinga, er almennt talið eftirsóknarverðara og skapar tækifæri fyrir sterk félagsleg tengsl, atvinnu- og búsetuþróun og aukin lífsgæði.

3.1 Heimsmarkmið

Með aðild sinni að Sameinuðu þjóðunum hefur Ísland skuldbundið sig til að vinna að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem samþykkt voru árið 2015. Heimsmarkmiðin fela í sér 17 markmið um sjálfbæra þróun og hefur verið sett fram framkvæmdaráætlun til ársins 2030. Heimsmarkmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli þriggja þátta sjálfbærrar þróunar, þ.e. þeirra umhverfislegu, efnahagslegu og félagslegu.⁸¹

Af þáttunum þremur hefur reynst erfiðast að skilgreina félagslega þáttinn og segja má að hann hafi verið afskiptur frá því umræða um sjálfbærni fór á flug fyrir nokkrum áratugum.⁸² Á undanförunum árum hefur hann þó sótt í sig veðrið og sífelld meiri athygli beinst að honum. Samfara því hafa þættir á borð við heilsu fólks og vellíðan fengið aukið vægi í umræðu um markmið sjálfbærrar þróunar.

Þessi þróun endurspeglast með skýrum hætti í Heimsmarkmiði 3 sem segir að stuðla skuli að heilbrigðu lífern og vellíðan á öllum æviskeiðum. Hvað varðar skipulag, hönnun og mótun umhverfis er Heimsmarkmið 3 samofið Heimsmarkmiði 11 sem fjallar um að gera borgir og íbúðasvæði öllum mönnum auðnotuð, örugg, viðnámspolin og sjálfbær.⁸³ Samþætting þessara tveggja markmiða felur því í sér sköpun heilsueflandi samfélaga, þar sem skipulag þéttbýlis stuðlar að betri loftgæðum, meira öryggi og aukinni virkni.⁸⁴ Auknar áherslur og áhuga má því sjá á samþættingu Heimsmarkmiðanna við innlendar áskoranir, s.s. í opinberri stefnumótun og skipulags- og lýðheilsuárum. Má þar nefna endurskoðun á gildandi landsskipulagsstefnu og verkefni embættis landlæknis um heilsueflandi samfélög.

3.1.1 Landsskipulag

Í Landsskipulagsstefnu 2015 – 2026⁸⁵ segir að stefna skuli að því að skipulag landnotkunar styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands, nýtingu þess og vernd, og stuðli að samþættri stefnu um byggðapróun í dreifbýli.

Til viðbótar við gildandi landsskipulagsstefnu er nú unnið að því að samþætta þrjú ný viðfangsefni, þ.e. loftslag, landslag og lýðheilsu, við þau fjögur leiðarljós sem gildandi stefna tekur til. Í ákvörðun umhverfis- og auðlindaráðherra⁸⁶ um gerð landsskipulagsstefnu sem feli í sér viðbætur við gildandi stefnu segir, að mikilvægt sé „að skipulagsgerð sé beitt til að tryggja að staðsetning og útfærsla mannvirkja og byggðar hámarki tækifæri til að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag.“ Ennfremur segir að mikilvægt sé „að nýta skipulagsgerð til þess að ný byggð, hvort sem er innan eða utan þétt-

⁸¹ Sjá heimasíðu Heimsmarkmiða um sjálfbæra þróun. <http://www.heimsmarkmidin.is/>.

⁸² Kandachar, P., 2014. Materials and Social Sustainability. Í E. Karana, O. Pedgley & V. Rognoli, *Materials experience - fundamentals of materials and design*. Elsevier, 91-103.

⁸³ Sjá heimasíðu Heimsmarkmiða um sjálfbæra þróun. <https://www.heimsmarkmidin.is/>

⁸⁴ Sjá heimasíðu Embættis landlæknis. <https://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item28551/Heilsueflandi-samfelag>.

⁸⁵ Landsskipulagsstefna 2015 – 2026 ásamt greinargerð. Skipulagsstofnun. September 2016. https://www.landsskipulag.is/media/pdf-skjol/Landsskipulagsstefna_2015-2026_asamt_greinargerð.pdf.

⁸⁶ Sjá: Bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til Skipulagsstofnunar – dags. 10. júlí 2018. https://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna-vidbaetur/Landsskipulagsstefna-vidb_brefradherra.pdf.

býlis, skapi góða umgjörð um mannlíf á hverjum stað með vandaðri og viðeigandi útfærslu byggðar og almenningsrýma“. Í bréfinu er jafnframt lögð áhersla á að litið sé til sálfélagslegra þátta við skipulag hins byggða umhverfis, sem aftur stuðli að bættri lýðheilsu og vellíðan.

Í lýsingu fyrir gerð landsskipulagsstefnu⁸⁷ segir, að við alla mannvirkjagerð sé mikilvægt að huga að varðveislu staðbundinna gæða sem felast í landslagi viðkomandi svæðis. Mannvirkjagerð og breyting á landnýtingu geti haft áhrif á landslag og ásýnd með ólíkum hætti og skipulag geti opnað mikilvæg tækifæri til jákvæðrar upplifunar fólks á svæðinu. Þá segir í lýsingunni, að á seinni árum hafi sífellt aukin athygli beinst að því, hvernig skipulag geti hvatt til og auðveldað útveru og hreyfingu í daglegu lífi, stuðlað að vellíðan og skapað tækifæri til samveru.

Með þeim viðbótum við Landsskipulagsstefnu 2015 – 2026, sem nú er unnið að, mun því til framtíðar verða gerð ríkari krafa um að skipulag, hönnun og mótun umhverfis fari fram á forsendum mann-vænna gilda.

3.1.2 Heilsueflandi samfélag og lýðheilsuvísar

Heilsueflandi samfélag er samstarfs- og samráðsverkefni Embættis landlæknis, sveitarfélaga, opinberra stofnana, frjálsra félagasamtaka o.fl. Meginmarkmið verkefnisins er að styðja samfélög í þeirri viðleitni að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum, góðri heilsu og vellíðan allra íbúa.⁸⁸



Í tengslum við verkefnið hefur verið tekið saman fjölbætt safn lýðheilsuvísa sem varpa ljósi á heilsu og líðan fólks. Í verkefninu hefur lýðheilsuvísunum verið skipt upp í fjóra meginflokka (sjá skýringarmynd), sem mynda stigul frá þáttum sem lúta ákvörðunum, stjórn og ábyrgð einstaklingsins (s.s. hreyfing, næring og geðrækt) yfir í þætti sem hafa viðtækari skírskotun og lúta ákvörðunum, stjórn og ábyrgð á samfélagslegu stigi (má þar nefna ríki, sveitarfélög, vinnustaði og skóla).

Mikilvægt er því að sveitarfélög setji fram skýra stefnu í þágu heilsu og vellíðunar þegar kemur að skipulagningu, mótun og hönnun umhverfis, og fylgi þeirri stefnu eftir með gerð áætlana um skipulag og uppbyggingu. Uppbygging í þágu heilsu og vellíðanar hefur svo áhrif á félagsleg tengsl og samskipti fólks, sem og lifnaðarhætti þess.

⁸⁷ Lýsing fyrir gerð landsskipulagsstefnu. Loftslag, landslag, lýðheilsa. Viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Mars 2019. https://www.landsskipulag.is/media/pdf-skjol/Lysing_landsskipulagsstefnu_mars-2019_loka.pdf.

⁸⁸ Sjá heimasíðu Embættis landlæknis. <https://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item28551/Heilsueflandi-samfelag>.

Á Austurlandi hefur gögnum um lýðheilsuvísu verið safnað um nokkurt skeið og eru þær flokkaðar í þrjá megin flokka, samfélag, lifnaðarhætti og heilsu og sjúkdóma.⁸⁹ Með slíkri gagnaöflun gefst tækifæri til að greina stöðu mála, finna styrkleika og áskoranir og skilja þarfir íbúa þannig að hægt sé að vinna með markvissum hætti að því að bæta heilsu og líðan.

Niðurstöður lýðheilsuvísu⁹⁰ sýna t.d. að fjöldi fullorðinna á Austurlandi árið 2018, sem fann oft eða mjög oft fyrir mikilli streitu í daglegu lífi, er ríflega 20% og er það marktækt lægra en landsmeðaltal. Á móti taldi um fjórðungur fullorðinna líkamlega heilsu sína sæmilega eða lélega árið 2017 og ríflega 21% andlega heilsu sína sæmilega eða lélega. Hvort tveggja var marktækt hærra en landsmeðaltal. Að sama skapi sýna niðurstöður að notkun þunglyndislyfja kvenna er marktækt ofan við landsmeðaltal árið 2018.

3.2 Sálfélagsfræðilegar forsendur

3.2.1 Öryggi

Hugtakið öryggi vísar almennt til aðstæðna sem vernda fólk gegn andlegum, líkamlegum og félagslegum afleiðingum óhappa, mistaka, slysa eða annarra atvika sem ekki teljast eftirsóknarverð.⁹¹ Að búa og lifa við raunverulegt öryggi er lykilforsenda í lífi hvers manneskju og hefur mikil áhrif á hvernig henni reiðir af.⁹² Sömuleiðis hefur mat fólks á öryggi, þ.e. öryggistilfinning, mikil áhrif á heilsu og vellíðan þess og gildir einu, hvort raunverulegt öryggi sé fyrir hendi eða ekki.⁹³ Þannig stuðlar tilfinning um öryggi að vellíðan og velsæld, en tilfinning um óöryggi að hinu gagnstæða.

Náttúruvá er hvert það ástand í náttúrunni sem ógnar og getur orðið að válegum atburði, valdið skaða, aðstöðu- og eignartjóni eða mannfalli eftir atvikum.⁹⁴ Þannig vofir náttúruvá yfir og getur mögulega leitt til náttúruhamfara. Náttúruvá ýtir því eða getur ýtt undir óöryggi meðal fólks og haft neikvæð áhrif lífsgæði þess.

Hönnun og skipulag umhverfis leikur stórt hlutverk í mati fólks á öryggi sínu.⁹⁵ Við hönnun og skipulag er horft til tveggja megintrauma: a) einangrunar, s.s. í formi eftirlits og aðgangsstjórnunar, og b) samþættingar, þar sem umhverfið ýtir undir tilfinningu um að vera meðal fólks, stuðlar að félagslegum samskiptum og aukinni athafnasemi. Mikilvægt er þó að hafa í huga, að ólíkir hópar og einstaklingar gera eða geta gert ólíkar kröfur til öryggis og upplifað öryggi með mismunandi hætti.^{96 97}

⁸⁹ Sjá heimasíðu Embættis landlæknis. https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item37384/Lydheilsuvisar_2019_AUSTURLAND.pdf.
⁹⁰ Ibid.

⁹¹ Misra, K.B., 2008. Dependability considerations in the design of a system. Í K.B. Misra (Ritstj.): *Handbook of Performability Engineering* (bls. 71-80). London: Springer-Verlag.

⁹² Stamps, A.E., 2005. Enclosure and safety in urban spaces. *Environment & Behavior*, 37, s. 102-133.

⁹³ De Jesus, M., Puleo, E., Shelton, R.C. & Emmons, K.M., 2010. Associations between perceived social environment and neighborhood safety: Health implications. *Health & Place*, 16, s. 1007-1013.

⁹⁴ Sjá Vísindavefinn. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=68712#>.

⁹⁵ Kytä, M., Kuoppa, J., Hirvonen, J., Ahmadi, E. & Tzoulas, T., 2014. Perceived safety of the retrofit neighborhood: A location-based approach. *Urban Design International*, 19, s. 311-328.

⁹⁶ Ulrich R, Zimring C, Zhu X, DuBose J, Seo H, Choi Y, o.fl., 2008. A review of the research literature on evidence-based healthcare design. *Health Environments Research & Design*, 1, s. 61-125.

⁹⁷ Ewing, R., & Handy, S., 2009. Measuring the unmeasurable: Urban design qualities related to walkability. *Journal of Urban Design*, 14, s. 65-84.

3.2.2 Sjálfræði - stjórn

Hugtakið stjórn vísar hér til hæfni fólks til að: a) ákveða hvað það gerir, b) hafa áhrif á aðstæður sínar, og c) ákvarða hvað aðrir gera þeim.⁹⁸ Sjálfræði hefur mikil áhrif á hæfni fólks til að bregðast við streituvaldandi aðstæðum og atburðum. Almennt má segja að eftir því að fólk hefur meiri stjórn eða telur sig hafa meiri stjórn á aðstæðum sínum, því minni streitu upplifir það og býr við betri heilsu⁹⁹.

Skortur á einveru og skortur á aðgengi að félagslegu samneyti er hvort um sig streituvaldur sem tengdur hefur verið skorti á sjálfræði. Slíkt getur haft margvísleg neikvæð áhrif í för með sér, s.s. skapað þörf fyrir sálfræðilega endurheimt, ýtt undir lært hjálparleysi og þunglyndi og haft neikvæð líkamleg áhrif.^{100 101} Til að auka möguleika notenda á því að stjórna félagslegum aðstæðum sínum og þar með að auka vellíðan sína, er því mikilvægt að skipulag, hönnun og mótun umhverfis myndi markvissan stigull frá opnum almenningsrýmum niður í svæði sem nýtt eru til einkanota.¹⁰²

3.2.3 Samfélagsupplifun

Samfélagsupplifun er hugtak sem vísar til afskipta og virkrar þátttöku einstaklinga innan tiltekins samfélags, sem aftur hefur áhrif á líf fólks og samfélagið í stærra samhengi. Að baki samfélagsupplifun standa fjórir þættir:¹⁰³

- Hópaðild: Tilfinningin um að tilheyra tilteknu samfélagi, sem t.d. má rekja til fortíðar fólks, tilfinningalegs öryggis og framlags til samfélagsins.
- Áhrif: Upplifun fólks á gagnkvæmu samspili þess og samfélagsins, þ.e. að fólki gefst tækifæri á að hafa áhrif á samfélag sitt og er að sama skapi meðvitað um að samfélagið hefur áhrif á það sömuleiðis.
- Uppfylling þarfa: Sá ávinningur, sem fólk nýtur af aðild sinni að samfélaginu og sú trú að samfélagið muni mæta þörfum og gildum þess.
- Tilfinningaleg tengsl: Sterk persónuleg tengsl, sameiginleg reynsla og vensl við tiltekinn stað.

Samfélagsupplifun gefur því til kynna heilbrigði samfélagsins og varpar sýn á gæði tilfinningalegs samspils innan þess. Aukin samfélagsupplifun ýtir því undir aukna andlega og líkamlega vellíðan, félagslega samheldni, gagnkvæmni og traust, og eflir miðlun upplýsinga og þekkingar, sem hefur jákvæð áhrif á félagsauð innan samfélaga.^{104 105}

⁹⁸ Gatchel, R.J., Baum, A. & Krantz, D.S., 1989. *An Introduction to Health Psychology* (2. útg.). New York: McGraw-Hill.

⁹⁹ Ganster, D.C. & Rosen, C.C., (2013) Work stress and employee health: A multidisciplinary review. *Journal of Management*, 20, s. 1-38.

¹⁰⁰ Ulrich, R.S., 1999. Effects of gardens on health outcomes: Theory and research. Í C.C. Marcus, M. Barnes (Ritstj.): *Healing Gardens: Therapeutic Benefits and Design Recommendations* (s. 27-85). New York: Wiley.

¹⁰¹ Davis, M. C., Leach, D. J. & Clegg, C. W., 2011. The physical environment of the office: Contemporary and emerging issues. Í G.P. Hodgkinson & J.K. Ford (Ritstj.): *International Review of Industrial and Organizational Psychology*, 26. bindi, (s. 193-235). Chichester, UK: Wiley.

¹⁰² Alexander, C., Ishikawa, S. & Silverstein, M., 1977. *A Pattern Language - Towns Buildings Construction*. New York: Oxford University Press.

¹⁰³ McMillan, D. W., & Chavis, D. M., 1986. Sense of community: A definition and theory. *Journal of Community Psychology*, 14(1), s. 6-23.

¹⁰⁴ Talò, C., Mannarini, T., & Rochira, A., 2014. Sense of community and community participation: A meta-analytic review. *Social indicators research*, 117(1), s. 1-28.

¹⁰⁵ Coulombe, S., & Krzesni, D. A., 2019. Associations between sense of community and wellbeing: A comprehensive variable and person-centered exploration. *Journal of Community Psychology*, 47, s. 1-23.

3.2.4 Félagsauður

Félagsauður er hugtak sem vísar til þess hversu mikill ábati er af því fyrir fólk innan samfélags að umgangast og búa innan um hvert annað.¹⁰⁶ Í samfélögum þar sem félagsauður er mikill ríkir gagnkvæmni og traust sem leiða til þess að félagsnetið verður þétt og fólk getur leitað til nágretta í daglegum vanda eða í neyð. Í slíku samfélagi hafa íbúar sterka tilfinningu fyrir eigin skyldum sem hópmeðlimir (borgaravitund) á sama tíma og samvinna þeirra á milli er rík. Sálfræðingar og félagsfræðingar hafa lengi rannsakað ólíka þætti félagsauðs og reynt að finna leiðir til þess að hámarka hann innan stórra og smárra samfélaga. Það er mikilvægt þar sem rannsóknir hafa ítrekað sýnt að meiri félagsauður skilar sér í betri heilsu og líðan íbúa.^{107 108}

3.2.5 Sálfræðileg endurheimt

Sálfræðileg endurheimt er regnhlífarhugtak yfir þá líkamlegu og andlegu endurheimt sem á sér stað í tilteknu umhverfi og/eða fyrir tilstuðlan tiltekinna þátta í umhverfinu. Í því samhengi er talað um endurheimtandi umhverfi og hafa rannsóknir ítrekað sýnt fram á, að slíkt umhverfi er heilsuþættandi, stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan auk þess að vera forvörn gegn sjúkdómum og heilsuleysi.

Í daglegu lífi tekst fólk á við fjölbætt verkefni og skyldur og þarf í því skyni að reiða sig á margvíslega getu sem það býr yfir.¹⁰⁹ Geta fólks er hins vegar takmörkuð auðlind og samfara því sem leyst er úr viðfangsefnum hversdagsins minnkar getan til að leysa þau. Þörf fyrir sálfræðilega endurheimt eykst jafnt og þétt, eða það sem í daglegu tali er gjarnan nefnt „þörf til að hlaða batteríin“. Með aukinni þörf fyrir sálfræðilega endurheimt hrakar frammistöðu á mörgum sviðum og neikvæð áhrif á andlega og líkamlega líðan aukast. Sé þörfin ekki virt til lengri tíma litið geta afleiðingar orðið skaðlegar fyrir heilsu og velferð fólks.^{110 111} Sálfræðileg endurheimt er því þétt ofin lífi hverrar manneskju og mikilvægt að tryggja að ferli hennar geti átt sér stað með virkum og reglubundnum hætti.

3.2.6 Athafnir utandyra

Athafnir fólks utandyra er mikilvægur þáttur í mótun samfélags enda sýnt að mannlíf utandyra hefur jákvæð áhrif á öryggi, samfélagsupplifun og félagsauð, svo eitthvað sé nefnt. Áratuga reynsla víða um heim hefur sýnt, að skipulag, hönnun og mótun umhverfis geta verið leiðandi þáttur þegar kemur að eðli og umfangi athafna fólks utandyra, en þeim má skipta í þrjá flokka:¹¹²

- Nauðsynlegar athafnir: Athafnir sem eru hluti af daglegum þörfum, s.s. að ferðast til og frá vinnu, fara í verslun og viðra hundinn. Um er að ræða athafnir sem eiga sér stað óháð gæðum í umhverfinu og ytri þáttum s.s. veðurfari og árstíma.
- Valfrjálssar athafnir: Athafnir sem spretta vegna löngunar til að sinna þeim, auk þess sem staður og stund henta vel, s.s. að sitja úti og njóta góðs veðurs, taka þátt í leikjum, ganga eða hjóla til afþreyingar. Ytri þættir, s.s. umhverfissgæði, hafa mikil áhrif á líkur þess að athafnir sem þessar eigi sér stað innan tiltekins svæðis og í hvaða mæli, þannig að aukin

¹⁰⁶ Coleman, J.S., 1988. Social capital in the creation of human capital. *American Journal of Sociology*. 94, S95-S120. Coleman, J.S. (1987). Norms as social capital. Í G. Radnitzky & P. Bernholz (Ritstj.): *Economic Imperialism: The Economic Approach Applied Outside the Field of Economics* (s. 133–155). New York: Paragon House Publishers.

¹⁰⁷ Baumeister, R.F. & Leary, M.R., 1995. The need to belong: desire for interpersonal attachments as a fundamental human motivation. *Psychological Bulletin*. 117, s. 497–529.

¹⁰⁸ Thoits, P.A., 2011. Mechanisms linking social ties and support to physical and mental health. *Journal of Health and Social Behavior*, 52, s. 145–161.

¹⁰⁹ Yfirleitt er getunni skipt upp í þrjá flokka, þ.e. andlega, líkamlega og félagslega.

¹¹⁰ Kaplan, R., & Kaplan, S., 1989. *The experience of nature: A psychological perspective*. New York: Cambridge University Press.

¹¹¹ Hartig, T., Mitchell, R., de Vries, S. & Frumkin, H., 2014. Nature and Health. *Annual Review of Public Health*, 35, s. 207–228.

¹¹² Gehl, J., 2018. *Mannlíf milli húsa*. Reykjavík: Úrbanistan.

umhverfisgæði og/eða betra veður auka líkurnar á fjölbreyttum athöfnum innan svæðis og stuðla þannig að mannlífi innan þess.

- Félagslegar athafnir: Athafnir sem oft spretta upp af sjálfsdáðum og fela í sér formleg eða óformleg félagsleg samskipti, s.s. þegar börn eru að leik, vinir koma saman og fólk hittist á förnum vegi, en einnig að sjá annað fólk og heyra í því. Félagslegar athafnir eru „afleiðing“, því þær eru sprottnar af athöfnum í hinum tveimur flokkunum við það eitt að fólk deilir sama rými, þó ekki sé nema stuttlega. Líkt valfrjálsum athöfnum eru þessar athafnir háðar ytri þáttum, þannig að umhverfi, sem býður upp á innviði á borð við bekkir eða leiktæki og ýtir undir nálægð fólks og tengslamyndun, er líklegra til að stuðla athöfnum sem þessum.

Í samfélögum 21. aldarinnar er mikilvægt að skipulag, hönnun og mótun umhverfis mæti fjölbættum þörfum. Í því skyni hefur verið miðað við að fyrirkomulag og uppbygging gangi út frá þörfum yngstu og elstu aldurshópanna, gjarnan kallað 8-80 reglan.¹¹³ Með henni er horft til þess að öruggt og aðgengilegt umhverfi, sem mætir þörfum þessara hópa frá degi til dags, muni það mæta þörfum allra annarra samfélagshópa.

¹¹³ 880 Cities. Creating cities for all. <https://www.880cities.org/>.

4. Staðarval byggðarkjarna

Skv. skipulagsreglugerð er *íbúðar- og þjónustukjarni byggðar* skilgreindur sem „svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi, sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins“.¹¹⁴

4.1 Staðsetning skv. aðalskipulagi og tillögum Samfélagsþings

Umræða um þörf á slíkum byggðarkjarna í Fljótsdalshreppi hófst að einhverju marki nokkru fyrir síðustu aldamót. Þá höfðu um árabil verið uppi ýmis áform um stórvirkjun í hreppnum með tilheyrandi rannsóknnum á Bessastaðaárgili og hálendinu. Af því tilefni var árin 1975-1976 lagður bílvegur (Snæfellsvegur) í kröppum hlykkjum meðfram gilinu norðanvert frá Bessastöðum upp á heiðina og inn að vinnuskála Orkustofnunar á Grenisöldu við Gilsárvötn. Eftir ákvörðun um Kárahnjúkavirkjun um aldamótin var vegurinn endurbyggður og framlengdur um Vesturöræfi allt að Syðra-Kárahnjúk og nefnist nú Kárahnjúkavegur eða Austurleið (910). Hann er meginleiðin inn á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs, en frá honum greinast afleggjarar austur á Hraun, inn með Snæfelli og að Vatnajökli.¹¹⁵



Flugsýn yfir Bessastaðaárgil og nærsvæði. Fyrir miðri mynd hlykkjast Kárahnjúkavegur upp hliðina utan við gilið og ofan við fornþýlið Bessastaði. Ljós.: Skarphéðinn G. Þórisson / Fljótsdæla, s. 459.

4.1.1 Aðalskipulag 2002-2014

Mót Fljótsdalsvegar (933) og Kárahnjúkavegar (910) eru steinsnar utan við Bessastaðabæ og um einn kílómetra utan við Bessastaðaá. Þannig er hið forna höfuðból enn sem fyrr á krossgötum, því að um aldaraðir hefur legið þaðan þjóðleið í norðvestur yfir heiðina (Bessastaðavegur / Bessagötur) til Jökul-

¹¹⁴ Aðalskipulag Fljótdalshrepps 2014-2030. Greinargerð, s. 13.

¹¹⁵ Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 380 og 459; Hjörleifur Guttormsson, 2018, s. 199.

dals og kaupstaðarleið af Efra-Dal. Í því ljósi var í hæsta máta eðlileg þessi framtíðarsýn, sem Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur viðraði á prenti árið 1999: „Á Bessastöðum væri tilvalinn staður fyrir umferðarmiðstöð og ferðapjónustu, vegna hins mikla straums ferðamanna inn á öræfin, sem náði hámarki síðastliðið sumar, en á líklega eftir að vaxa. Má vel hugsa sér að í framtíðinni muni rísa þorp á Bessastaðagrundum.“¹¹⁶



Frá mótum Kárahnjúka- og Fljótsdalsvega. Ljós.: Páll J. Línal, 12. mars 2020.

Fleiri deildu skoðun Helga á þessum árum og þar á meðal þeir, sem þá unnu að gerð aðalskipulags hreppsins fyrir árabilið 2002-2014. Að því studdi enn fremur sú mikla uppbygging, sem þá hafði verið gerð á veltengingu sveitarinnar við byggðirnar austan Lagarfljóts með nýjum þjóðvegi (Upphéraðs-vegi) og brú yfir Jökulsá á Leirunum við Fljótsbotninn, en frá gatnamótum neðan við Hjarðarból eru 34 km austur í Egilsstaðakaupstað, en aðeins um 3 km inn að Kárahnjúkavegi og 5 km að Skriðuklaustri. Má því segja, að með því hafi þéttbýlasti hluti sveitarinnar, þ.e. frá gatnamótum við Hengi-foss inn að Valþjófsstað, orðið nokkurs konar möndull eða þungamiðja byggðarinnar vegna hinna bættu samgangna og stóru auknu umferðar, jafnt innan sveitar sem upp á hálendið.

Þessar breyttu aðstæður leiddu til þeirrar niðurstöðu við gerð aðalskipulagsins 2002, að „tekið [var] frá svæði fyrir verslun og þjónustu við gatnamót hjá Bessastöðum, þar sem umferð ofan af hálendinu kemur í byggð, en með bættum samgöngum á hálendinu má ætla að umferð þar aukist verulega“. Svæðið var enn fremur ætlað fyrir „íbúðarhverfi“ með „8-10 stórum lóðum“ á 7 hektara spildu í landi Eyrarlands og Bessastaða. Rökin fyrir þessari staðsetningu voru þau, að svæðið væri „miðsvæðis í byggðinni“ og lægi vel við umferð. Þar væri engin bygging og deiliskipulag ekki hafið, en stefnt væri „að því að geta úthlutað lóð fyrir almenna verslunar- og ferðamannapjónustu“.¹¹⁷

Við undirbúning aðalskipulagsins voru einnig uppi hugmyndir um „íbúðabyggð við Végarð“, þar sem afmarkað yrði svæði með blandaðri landnotkun fyrir íbúða-, verslunar- og þjónustukjarna. Þessi áform tengdust stækkun félagsheimilisins, sem áætlað var að stuðla myndi að frekari uppbyggingu, t.d. í tengslum við ferðapjónustu. Tillagan var kynnt og rædd á íbúafundi 25. október 2002, þegar lokadrög skipulagsins lágu fyrir. Ráðstöfun svæðisins til íbúðabyggðar var andmælt og frá henni horfið, en í þess stað var lagt til „að áfram verði byggt upp á svæðinu blönduð starfsemi þjónustu, en í stað íbúðabyggðar, verði það merkt sem opið svæði til sérstakra nota með áherslu á útivistarsvæði til móttöku ferðamanna s.s. tjaldsvæði eða smáhýsasvæði til gistinga“.¹¹⁸

¹¹⁶ Helgi Hallgrímsson, 1999, s. 10.

¹¹⁷ Aðalskipulag Fljótdalshrepps 2002-2014, s. 36, 54 og 57.

¹¹⁸ Aðalskipulag Fljótdalshrepps 2002-2014, s. 12-13.

4.1.2 Aðalskipulag 2014-2030

Markmið gildandi aðalskipulags um uppbyggingu íbúðakjarna í hreppnum eru orðuð með þessum hætti: „Stuðlað verður að hagkvæmri þróun íbúðarbyggðar með það að markmiði að auðvelda fólki að setjast að á heimaslóð. Gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir íbúðarbyggð. Íbúðarbyggð verður ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, náttúruauðlinda, sögu- eða almenns útivistargildis.“ Ennfremur segir, að komið „verði til móts við mismunandi þarfir með fjölbreyttu framboði íbúðagerða og lóða heima fyrir“.¹¹⁹ Vísar það bæði til hins afmarkaða byggðarkjarna og þeirra íbúðarhúsalóða, sem standa til boða á einstökum lögbýlum hreppsins (sbr. kafla 2.5.1).

Staðsetning íbúða- og þjónustusvæðis er sem fyrr áformuð á 7 hektara spildu undir hlíðinni utan vegamóta við Eyrarland. Þar af eru 5 ha ætlaðir fyrir íbúðarhús, en 2 ha fyrir „þjónustuhluta“ svæðisins. Nánari lýsing er þannig orðuð í greinargerð sem nokkurs konar leiðarvísir að deiliskipulagi, sem ennþá liggur ekki fyrir: „Gert er ráð fyrir íbúðabyggð á um 5 ha svæði með 5 lóðum. Lóðir liggja frá gatnamótum norður með hlíðinni, 1-2 hæða hús á kjallara þar sem aðstæður leyfa. Þjónusta og verslun staðsett að gatnamótum.“ Þá segir, að þéttleiki byggðar skuli vera „1-2 hús á lóð og hreinleg atvinnustarfsemi er leyfileg“. Ennfremur krefjast „lega að gatnamótum“ þess „að vandað verði til yfirbragðs nýbygginga“.¹²⁰

4.1.3 Hugmyndir Samfélagsþings 2019

Niðurstaða Samfélagsþingsins, sem haldið var í Snæfellsstofu 13.-14. apríl 2019,¹²¹ var ótvírætt sú að þörf væri á skipulögðum byggðarkjarna í sveitarfélaginu til að hýsa ýmsa grunnþjónustu og mæta knýjandi húsnæðisþörf, sbr. Húsnæðisáætlun 2018-2026, sem sveitarstjórn hefði samþykkt. Mikilvægt væri að móta skýra framtíðarsýn og skapa ímynd, sem aftur myndi laða að nýja íbúa. Sett voru fram skilyrði fyrir staðsetningu slíks byggðarkjarna, s.s. að svæðið þyrfti að vera sólríkt, hafa gott landrými til ráðstöfunar, fallett útsýni, miðsvæðis legu með tilliti til aðgengis, samgangna og fjarlægða og bjóða upp á góðar aðstæður til útivistar, afþreyingar og almenningsparfa. Í því efni voru reifaðar hugmyndir um almenningssvæði (almenningsgarð) með göngu-, sögu- og/eða hjólastígum, leiktækjum og jafnvel dýragarði. Ennfremur var nefnd þörfin á leikskóla, grunnskóla, öldrunarheimili, fjölbreyttri matvælaþjónustu og matarmörkuðum. Þá þyrfti nýta kosti „nálægðar við náttúru og samfélag fólks“ og rætt um „vistþorp með persónubundinni þjónustu“. Kallað var „eftir reglulegum almenningssamgöngum“ með föstum ferðum. Skyldu þær líklega miðast við ferðir milli byggðarkjarnans í Fljótssdal og þéttbýlisins á Egilsstöðum, þótt ekki væri tiltekið. „Slíkar ferðir myndu . . . þjóna ferðamönnum, unglingum og fólki að sækja vinnu.“¹²²

Eftirtaldir 8 staðir taldi Samfélagsþingið að komið gætu til greina fyrir byggðarkjarna: *Vallholt* (skógarbalinn), *Brekka*, *Hjarðarból*, *Melar*, *Múlinn*, *Skriðuklaustur*, *Végarður* og *Húsatangi* við Lagarfljót, yst í land Brekkugerðishúsa.¹²³ Skýrsla þingsins birtir hvorki nánari staðsetningu innan einstakra svæða né frekari rökstuðning fyrir þessu staðarvali. Er því óþekkt, hversu djúpstæð umræða fór yfirleitt fram um þessa kosti, en væntanlega var að einhverju marki tekið mið af ofan nefndum skilyrðum, sem þingið áleit brýnust. Athygli vekur, að ekki var nefnt það svæði í landi Bessastaða/Eyrarlands, sem ráðstafað er fyrir íbúða-, verslunar- og þjónustukjarna í gildandi aðalskipulagi.

¹¹⁹ Aðalskipulag Fljótssdalshrepps 2014-2030. Greinargerð, s. 13-14.

¹²⁰ Aðalskipulag Fljótssdalshrepps 2014-2030. Greinargerð, s. 14 og 24.

¹²¹ Fögur framtíð í Fljótssdal. Skilaboð samfélagsþings, apríl 2019.

https://www.fljotsdalur.is/images/samfelagsverkefni/Fgur_framt_Fljotsdal_skilabo_samflagsings_2019.pdf.

¹²² Fögur framtíð í Fljótssdal, s. 21-22.

¹²³ Fögur framtíð í Fljótssdal, s. 21.

Í lok Samfélagsþingsins drógu þátttakendur upp *Framtíðarsýn – 2035* og var hún eftirfarandi fyrir byggðarkjarnann:

Íbúum hefur fjölgað og hér hefur orðið mikil uppbygging bæði í atvinnu og húsnæði. Orðinn er til byggðakjarni í Fljótsdal, lítið þorp, með íbúðum, húsum og smábúðum. Nokkrir staðir voru nefndir; í miðjum dal, utan við Végarð, á skógarbala eða, eins og það var orðað, „...í Hengifosskauptúninu, sem er 150 manna kaupún á Melahæðum“. Ekki voru allir draumar svo stórbrotnir og einhver sagði: „Nokkrum húsum var bætt við“. Ýmsir áttu sér þann draum að í þorpinu sé leikskóli, eða vistun hjá dagmömmu og e.t.v. skóli, enda hafi ungum fjölskyldum fjölgað. Þá sé stóra skemman [athafnahúsnæðið] komin og fólk að vinna í kringum það. Ekki aðeins hafi byggðin vaxið, heldur sé hér hugsanlega sjálfbært samfélag.¹²⁴

4.2 Helstu forsendur og viðmið

Við gerð gildandi aðalskipulags virðist ekki hafa farið fram sérstakt mat á kostum og veikleikum hins áformaða íbúða- og þjónustusvæðis við Eyrarland, t.d. með tilliti til staðhátta og legu svo nærri fjölförnum þjóðvegi og vegamótum. Sömuleiðis mun ekki hafa verið gerð könnun á öðrum álitlegum svæðum til þeirra nota innan hreppsins. Með þessari samantekt er því leitast við að taka málið til endurmats með nánari skoðun á staðhátum og öðrum þeim þáttum, sem brýnt er að hafa í huga við staðsetningu á slíkum byggðarkjarna. Byggt er á því efni, sem dregið hefur verið saman hér að framan, og þeim lauslegu athugunum, sem skýrsluhöfundum (TGJ) gafst færi á að gera á vettvangi hinn 12. mars síðastliðinn.

Fyrst skulu nefnd til sögu helstu viðmið, sem lögð eru til grundvallar því mati, og síðan gefin stutt lýsing á þeim 9 svæðum, sem komið hafa til skoðunar. Í 5. kafla er að síðustu teknar saman niðurstöður með áherslu á þau þrjú svæði, sem TGJ telur best fallin til að þjóna byggðarkjarna sveitarfélagsins.

4.2.1 Hlutverk og umfang byggðarkjarna.

Að mati TGJ ber að leitast við að tryggja íbúða- og byggðarkjarna sem friðsælasta umgjörð og aðskilja hann sem kostur er fjölsóttum áningarstöðum ferðafólks, þar sem ónæði frá bílastæðum, þjónustumiðstöð og umferð gangandi ferðamanna er óhjákvæmilegur fylgifiskur slíkrar starfsemi.

Í þess stað ber fyrst og fremst að miða staðsetningu og uppbyggingu byggðarkjarna í Fljótsdal við kyrrlátt og hlýlegt íbúðahverfi með heilsársbúsetu yngra og eldra fólks, ásamt tengdri nærþjónustu á borð við leikskóla, félagslega heimaþjónustu og hreinlega atvinnustarfsemi í smáum stíl, sem fallið getur að slíkri byggð og m.a. getur falist í handverki og fjarvinnu af ýmsum toga vegna tryggrar nettengingar um ljósleiðara. Vel mætti huga að aðstöðu íbúa til sjálfsþurftar- og frístundabúskapar í litlum mæli, s.s. garðyrkju og ræktunar, auk þeirra tækifæra sem þeir gætu nýtt sér til hrossaræktar í samvinnu við bændur á nærliggjandi jörðum.

Nálægðin við byggðarkjarnann á Hallormsstað, sem er einungis í um 7,5 km fjarlægð frá mótum Fljótsdals- og Upphéraðsvega við Hjarðarból, gefur einnig færi á margvíslegu samstarfi um sameiginleg hagsmunamál, s.s. rekstur leikskóla, yngstu bekk grunnskóla og félagslega heimaþjónustu, sem nú er sinnt skv. þjónustusamningi við Fljótsdalshérað.

Aðra grunnþjónustu, s.s. lækniþjónustu, grunn- og framhaldsskólamenntun, aðstöðu til íþróttaiðkunar og mestalla verslun umfram dagvörunauðsynjar, munu íbúar Fljótsdals þurfa að sækja í þéttbýlið á Egilsstöðum um fyrirsjáanlega tíð eins og verið hefur hingað til.

¹²⁴ Fögur framtíð í Fljótsdal, s. 30.

4.2.2 Umhverfi og aðdráttarafi

Leggja þarf mat á og vega saman fjölmarga þætti við val á svæði fyrir byggðarkjarna, svo að hann þjóni hlutverki sínu sem eftirsóknarverður og aðlaðandi staður til búsetu. Þau atriði sem lögð eru til til grundvallar eru þessi:

- **Staðsetning innan sveitarfélags** – nálægð við skilgreindan möndulás.
- **Landgerð** – gæði lands undir byggðarkjarna (miðað við sjónrænt mat skýrsluhöfunda og er ekki byggt á gögnum um gerð jarðvegs og undirlags).
- **Rými til vaxtar** – möguleiki byggðarkjarna til að vaxa innan svæðis (miðað er við að stærð sé meira en 5 ha).¹²⁵
- **Aðgengi** – landfræðilegt aðgengi m.t.t. landhalla og vetrarfærðar.
- **Tengsl við nágrannasveitir** – fjarlægð svæðis frá mótum Fljótsdalsvegar og Upphéraðsvegar, sem litið er á sem upphafspunkt tengsla við nágrannasveitir og þéttbýli, m.a. vegna mögulegs samstarfs og/eða þeirrar þjónustu, sem þangað þarf að sækja.
- **Þjónusta í nærumhverfi** – fjarlægð svæðis frá mögulegum þjónustukjarna, þar sem hægt er að nálgast nauðsynjavörur.
- **Sólríkt svæði** – miðast við hversu mikillar sólar svæðið nýtur á degi hverjum og á ársgrundvelli (miðað við mat skýrsluhöfunda út frá loftmyndum, samtölum og ljósmyndum, en ekki tölulegum gögnum).
- **Vindafar** – miðast við hversu skjólgott svæðið er (miðað við mat skýrsluhöfunda út frá loftmyndum og samtölum en ekki tölulegum gögnum).
- **Gott og fagurt útsýni** – útsýnið veiti yfirsýn yfir héraðið og nálægar sveitir.
- **Náttúrufegurð** – fjölbreytileiki í nærumhverfi, s.s. form, gerð og eðli nærumhverfis og tilfinning um óspillta náttúru.
- **Umlyking umhverfis** – með hvaða hætti staðhættir halda utan um svæðið.
- **Söguleg skírskotun** – söguleg tenging svæðisins.
- **Aðstaða til útivistar og hreyfingar** – líkur á að gerð skipulagðra, uppbyggðra og/eða merktra gönguleiða út frá svæði, sem færar eru aldurshópunum 8 og 80 ára. Jafnframt er horft til möguleika á frístunda- og/eða sjálfþurftarbúskap á svæðinu eða í nágrenni þess.
- **Göngutengingar við þjónustu** – líkur á að gerð skipulagðra, uppbyggðra gönguleiða sem tengja svæði við nærþjónustu og eru færar aldurshópunum 8 og 80 ára (miðað er við að fjarlægð sé að hámarki 2 km).¹²⁶
- **Náttúruvá** – líkur á náttúruhamförum (miðast við hættumat vegna skriðufalla, skógarelda og ofanflóða með hliðsjón af umfjöllun í kafla 2.3.3 hér að framan, en mikilvægt er að heildstætt hættumat fari fram samhliða ákvörðun um staðsetningu byggðarkjarna).

Sérhver þessara þátta og samspil þeirra mynda grundvöll hinnar sálfræðilegu hliðar málsins, sem fjallað er um í 3. kafla:

- **Öryggi** – miðast við mat fólks á öryggi sínu og möguleika til að tryggja öryggi sitt.
- **Sjálfræði** – miðast við tækifæri fólks til að mæta þörfum fyrir kyrrlátt og rólegt umhverfi, þegar það óskar þess.

¹²⁵ Við ákvörðun á mörkum lágmarksstærðar var litið til sambærilegra byggðakjarna víðsvegar um landið og þeirra skilmála sem gilda á slíkum svæðum.


¹²⁶ Við ákvörðun á fjarlægð svæðis frá mögulegum þjónustukjarna var horft til efri marka þess, sem fullorðið fólk er tilbúið að ganga með reglulegum hætti til að afla sér nauðsynja í heimabyggð, þannig að slíkt geti verið raunverulegur valkostur. Æskileg vegalengd í þeim efnum er 400-800 m.

- **Samfélagsupplifun og félagsauður** – miðast við að svæði auki tilfinningu fólks um að tilheyra samfélaginu og þann ábata, sem fólk telur sig hafa af því að umgangast og búa innan samfélagsins.
- **Sálfræðileg endurheimt** – miðast við að umhverfið gefi tækifæri til sálfræðilegrar endurheimtar og ýti undir að sálfræðileg endurheimt eigi sér stað.
- **Athafnir utandyrá** – miðast við að svæði stuðli að valfrjálsum og félagslegum athöfnum utan dyra, jafnframt því að styðja við nauðsynlegar athafnir.


Öll viðmið stefna að því marki að staðsetning og skipulag leggist á eitt með að búa byggðarkjarnann þeim kostum, að hann verði eftirsóknarverður staður til búsetu, jafnt fjölskyldufólki sem einstaklingum.

Í staðarvalskönnun (sjá kafla 4.3) er hver og einn ofangreindra þátta metinn og niðurstaða mats sett fram með eftirfarandi hætti:

Matskvarði fyrir efnislega þætti:

	Þáttur stenst þær forsendur sem lagt er upp með.
	Þáttur er á mörkum þess að standast þær forsendur sem lagt er upp með .
	Þáttur stenst ekki þær forsendur sem lagt er upp með.

Matskvarði fyrir sálfélagslega þætti:

	Sálfræðilegri þörf er fyllilega mætt.
	Sálfræðilegri þörf er mætt að vissu marki.
	Sálfræðilegri þörf er ekki mætt.

4.3 Staðarvalskönnun

Í þessum kafla verður gefin stutt lýsing á þeim 10 svæðum, sem TGJ tók til skoðunar vegna staðsetningar byggðarkjarna innan hreppsins. Aðeins eitt þessara svæða er á Suðurbyggð, þ.e. í landi *Vallholts*, en hin á Norðurbyggð og í landi eftirtalinna jarða: *Brekkugerðishúsa* (Húsatangi), *Brekku*, *Hjarðarbóls*, *Mela*, *Bessastaða/Eyjarlands*, *Hamborgar*, *Skriðuklausturs* og *Valþjófsstaðar I* (Végarður) og *Valþjófsstaðar II*.


Sjö af þessum svæðum voru sérstaklega tilgreind af þátttakendum *Samfélagsþings 2019* sem ákjósanlegir staðir fyrir íbúða- og byggðarkjarna, þ.e. Húsatangi í landi Húsa, Brekka, Hjarðarból, Melur, Skriðuklaustur, Végarður og „Skógarbalinn“ í landi Vallholts. Í skýrslu þingsins kemur þó hvorki fram nákvæm staðsetning einstakra svæða (nema Húsatangi, Végarður og „Skógarbalinn“) né heldur rökin fyrir vali á þeim. Líklega voru þinggestum þó efst í huga þau almennu skilyrði, sem fyrr eru nefnd og sett voru fram á þinginu, að íbúðasvæðið þyrfti að vera sólríkt, hafa gott landrými til ráðstöfunar, fallett útsýni, miðsvæðis legu með tilliti til aðgengis, samgangna og fjarlægða og bjóða upp á góðar aðstæður til útivistar (sjá kafla 4.1.3).

Samfélagsþingið lagði ennfremur til „Múlann“ sem mögulega staðsetningu byggðarkjarna án frekari skýringar. Kemur þar vart til álita annar staður en túnin vestan við Langhús. Að mati TGJ getur það svæði varla talist fýsilegur kostur fyrir byggðarkjarna og liggja til þess margar ástæður. Meðal annars lega þess vestan Jökulsár og fjarlægð vegna óþénugs vegasambands við miðsvæði eða möndulás sveitarinnar á Norðurbyggð. Risamöstur Fljótsdalslínu 1 og 2 ráða einnig úrslitum um að byggðarkjarni rísi þar og sömuleiðis á annars mjög aðlaðandi og skógi prýddum svæðum í landi Víðivalla ytri I og II, sem TGJ tók einnig til lauslegrar skoðunar. Áhugaverðir staðir á jörðunum í austanverðum Suðurdal liggja einnig of fjarri miðsvæði sveitarinnar til þess að staðsetning íbúða- og byggðarkjarna á þeim slóðum geti talist fýsilegur kostur. Það sama gildir um að ýmsu leyti álitleg svæði á takmörkuðu undirlendi Norðurdals.

Auk hinna sjö fyrrnefndu svæða leggja skýrsluhöfundar inn þrjú önnur svæði í þessa könnun, þ.e. í landi Valþjófsstaðar II, Hamborgar og Bessastaða/Eyjarlands, þar sem gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir staðsetningu íbúðakjarna ásamt verslunar- og þjónustusvæði.

Í eftirfarandi undirköflum er lagt mat á hvert og eitt þeirra svæða, sem getið er um hér að ofan. Eru þau metin með tilliti til þeirra 20 þátta, sem getið er um í kafla 4.2. Þá eru teknir saman styrkleikar og veikleikar hvers svæðis og að lokum er niðurstaða kynnt. Með hverju svæði er birt mynd með rauðum hring. Hún sýnir þá staðsetningu, sem horft var til við matið, en henni er ekki ætlað að gefa neina nákvæma afmörkun fyrir svæðið. Slíkt afmörkun bíður næsta áfanga þessa verkefnis.

Staðsetning íbúða- og byggðarkjarna og tengdra svæða



4.3.1 Húsatangi

Jörðin Brekkugerðishús eða Hús var í öndverðu beitarhús og síðar hjáleiga frá Brekku, en var í stopulli ábúð á 19. öld og fram til 1924, er jörðin varð formleg bújörð og henni lögð til mjó landræma milli



Brekkugerðis og Geitagerðis. Aðeins er um 1 km milli merkja á Húsatanga. Þar er aflíðandi undirlendi frá þjóðvegi niður að Lagarfljóti, og fullræktað tún með skógarreit upp með Marklæk, sem plantað var um og eftir 1991.¹²⁷

Neðarlega til vinstri er Brekkugerði og efst til vinstri Brekkugerðishús (Hús). Ljósmyndir: Loftmyndir ehf. / www.map.is.

Þjóðsagan segir, að haus hins eina og sanna Lagarfljótsorms hafi á sinni tíð verið bundinn við Húsatanga og halinn við Skarfatanga

Fellum. Á meðan ferjan Lagarfljótsormurinn var í siglingum á Lagarfljóti, um og eftir aldamótin síðustu, hafði hún viðdvöl á Húsatanga, þar sem þáverandi húsráðendur á Húsum, Hákon Aðalsteinsson og Sigrún Benediktsdóttir, byggðu lítinn „gamma“ úr lerkiviði með borði og bekkjum og gestum var boðið upp á eftirminnilega dagskrá.¹²⁸

Frá Húsatanga og flötinni neðan þjóðvegur er fagurt útsýni yfir Lagarfljótið og fremur skjólsælt vegna vöxtulegra lerkiskóga á þrjá vegu.

Efnislegir þættir:

Þáttur	Mat	
Staðsetning innan sveitarfélags	Svæðið er ríflega 4 km utan við vegamót Upphéraðs- og Fljótsdalsvega og þar af leiðandi talsvert utan við möndul sveitarfélagsins og þéttbýlasta hluta þess.	
Landgerð	Svæðið er nokkuð flatlent næst þjóðvegi, en er síðan aflíðandi niður að Lagarfljóti. Svæðið hentar vel sem land undir byggðarkjarna og gefa staðhættir mjög gott svigrúm fyrir gerð skipulags og uppbyggingu.	
Rými til vaxtar	Tún neðar vegar, sem myndu henta sem byggingarland, eru allt að 6 ha. Svæðið er skýrt afmarkað af þjóðvegi, skógrækt og Lagarfljóti, en gæti hæglega vaxið áfram, ef svo bæri undir. Möguleikar eru fyrir sjálfburftarbúskap innan svæðis og tækifæri til frístundabúskapar eða hrossaræktar eru klárlega fyrir hendi.	
Aðgengi	Svæðið stendur fremur lágt og meginstofnæð umferðar um sveitarfélagið liggur ekki nærri, svo gera þyrfti ráðstafanir til að tryggja að greiðfært væri árið um kring. Aðgengi að svæðinu er gott en huga þarf að snjósofnun innan þess.	

¹²⁷ Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 186-187.

¹²⁸ Helgi Hallgrímsson, 2005, s. 232 og

Tengsl við nágrannasveitir	Svæðið er ríflega 4 km frá vegamótum Upphéraðs- og Fljótisdalsvega. Staðsetningin hentar því nokkuð vel hvað varðar tengsl og samvinnu við nágrannasveitir og þær vegalengdir sem íbúar þurfa að fara til að sækja sér nauðsynlega þjónustu.	
Þjónusta í nágrenni	Svæðið er um 5 km frá áningarstað við Hengifoss, þar sem hugmyndir eru um að byggja upp þjónustu við ferðamenn. Sú þjónusta verður þó líklega ekki til að mæta þörfum íbúa byggðarkjarnans nema að mjög takmörkuðu leyti.	
Sólríkt svæði	Svæðinu hallar móti suðri og stendur því afar vel gagnvart sólu.	
Vindafar	Svæðið er að sögn næðingssamt en hávaxinn trjágróður veitir að líkindum talsvert skjól á ákveðnum stöðum innan þess.	?
Gott og fagurt útsýni	Hæsti hluti svæðisins er í um 50 m hæð yfir yfirborð Lagarfljóts og er glæsilegt útsýni fyrir Fljótið og hlíðarnar að austanverðu.	
Náttúrufegurð og náttúrufyrirbæri	Nærumhverfið á svæðinu er fallett og mjúkar línur í landslaginu. Svæðið er umlukið vöxtulegum trjágróðri og nálægð við Lagarfljót gefur því svip. Þá rennur um svæðið lækur, sem brýtur landið upp með sjónrænum hætti og eykur fjölbreytileika þess. Þrátt fyrir þetta má segja að nærumhverfið sé fremur einsleitt, þar sem fjölbreytileiki náttúru og náttúrufyrirbæra er fremur takmarkaður. Þjóðvegur, sem stendur nokkuð hátt miðað við mögulegt byggingarland, getur sumsstaðar spillt annars ósvikinni tilfinningu um tengsl við náttúru og sterkri náttúruupplifun.	
Umlyking umhverfis	Frá þjóðvegi hallar landi nokkuð skart og gín vegurinn því nokkuð yfir landinu án þess að veita því aðlaðandi aðhald. Skógrækt skapar sterka umlykingu á völdum stöðum, en annars má segja að landið sé opið og fremur berangurslegt. Því þarf að vanda mjög staðsetningu og skipulag byggðar á svæðinu.	
Söguleg skírskotun	Þjóðsagan segir, að Lagarfljótsormurinn sé þar bundinn á haus og er því talinn tilheyra þessu svæði. Býður upp á ýmsa möguleika.	
Aðstaða til útivistar og hreyfingar	Svæðið býður upp á margvíslega möguleika til útivistar bæði um skóglendi og niður að Lagarfljóti. Mögulegt væri að tengja svæðið áningarstað ferðamanna við Hengifoss, en ólíklegt er að gönguleið verði byggð upp milli svæðanna. Á svæðinu má vel koma upp lítilsháttar sjálfsþurftarþúskap innan svæðis, en möguleikar til frístundabúskapar eða hrossaræktar eru síður augljósir.	
Göngutengingar við þjónustu	Vegna fjarlægðar við áningarstað ferðamanna við Hengifoss og væntanlega lágs þjónustustigs verslunar og greiðasölu þar má telja ólíklegt að ráðist verði í uppbyggingu gönguleiðar milli svæðanna.	
Náttúruvá	Engin náttúruvá er á svæðinu að því er best er vitað.	

Sálfélaglegir þættir

Þáttur	Mat	
Öryggi	Öryggisupplifun fólks gæti mögulega mótast af þeirri staðreynd að byggðarlagið í heild sinni er tiltölulega afskekkt og talsverð fjarlægð frá mikilvægri þjónustu, s.s. heilbrigðisþjónustu. Ætti það þá sérstaklega við um samgöngur að vetrarlagi og áreiðanleika fjarskipta.	
Sjálfræði	Jafnvel innan sveitar er svæðið úr alfaraleið og má því fullyrða að íbúar innan svæðisins munu alla jafna njóta kyrrðar og friðsældar.	

Samfélagsupplifun / félagsauður	Staðsetning svæðisins, svo fjarri meginás umferðar og þéttbýlasta svæðisins innan sveitarfélagsins, mun að líkindum ekki stuðla að eins sterkri samfélagsupplifun og ella væri. Íbúar gætu upplifað sig sem utan samfélagsins á meginásnum. Mætti því gera ráð fyrir, að til verði „einangrað samfélag“ innan hins stærra samfélags, einkum ef byggðarkjarnanum yxi fiskur um hrygg. Slíkt gæti vissulega ýtt undir samfélagsþátttöku, eflt félagsauð og afskipti fólks innan „eigin samfélags“ en síður utan þess.	
Sálfræðileg endurheimt	Svæðið skapar einstaklega góðar aðstæður til sálfræðilegrar endurheimtar. Ræður þar mestu um geysifallegt útsýni, kyrrð og ró, nálægð við náttúru og fjarlægð frá umferð. Við skipulagsgerð er mikilvægt að þessum þáttum sé gert hátt undir höfði.	
Athafnir utandyra	Svæðið ýtir undir alla þrjá flokka athafna utandyra. Mjög góð tækifæri eru til valfrjálsra og félagslegra athafna á svæðinu, sem aftur ýta undir samfélagsupplifun og félagsauð.	

Samantekt:

Styrkleikar Húsatanga

Augljósasti kostur svæðisins er friðsældin sem þar ríkir vegna staðsetningar. Sjálfræði íbúa væri mikið og tækifæri til útivistar og náttúruskoðunar á nærsvæði mjög góð. Hvað áhrærir staðsetningu, umhverfisgæði og nálægð við náttúru er ljóst, að búseta á Húsatanga myndi vera heilsueflandi og skapa vellíðan. Þá eru býsna góð vaxtarskilyrði fyrir byggðarkjarna til framtíðar og möguleikar íbúa til sjálfspurftar- og/eða frístundabúskapar eru fyrir hendi. Þá henta staðhættir vel undir byggðarkjarna og myndu sem slíkir veita gott svigrúm til skipulagsgerðar og uppbyggingar.

Veikleikar Húsatanga

Helsti ókostur svæðisins er hversu úrleiðis svæðið er, ef miðað er við möndul og þéttbýlasta hluta byggðarinnar. Fjarlægð svæðisins skapar fremur veikar forsendur til uppbyggingar göngutenginga við þjónustusvæði eða önnur áhugaverð svæði innan sveitarfélagsins. Þá er hætt við að staðsetning svæðisins muni ýta undir tilvist „einangraðs samfélags“ sem upplifir sig alla jafna ekki sem hluta af samfélaginu í stærra samhengi. Það er andstætt þeim hugmyndum sem uppi eru um stofnun byggðarkjarna í sveitarfélaginu.

Niðurstaða:

Með hliðsjón af mati, samantekt og fyrirvara um að skýrsluhöfundar hafa ekki haft tækifæri til að skoða svæðið á vettvangi, er það niðurstaða TGJ, að svæðið kemur ekki til greina sem einn þriggja mögulegra valkosta fyrir byggðarkjarna í Fljótsdal.

4.3.2 Brekka

Brekka er forn stórfjörð, sem komst í eigu Skriðuklausturs 1513 og varð síðar konungseign og nú ríkiseign. Árið 1772 var hún „lögð lækni í Austurfjórðungi til frjálsrar brúkunar“. Þar var læknissetur til 1844 og frá 1903 til 1944 með spítala í steinsteyptu húsi frá 1907 og til þess það brann í ársbyrjun



1944. Á rústum þess var byggt steinhús árið 1960 sem enn stendur. Í öndverðu náði land Brekku frá Hengifossi að Marklæk, innan við Geitagerði, en ytri helmingur þess hefur lengi tilheyrt Brekkugerði og Húsum og skákin milli Hengifossár og Hölnár nýbýlinu Hjarðarbóli, sem stofnað var 1947.¹²⁹

Horft yfir Brekkuland frá Hölná út fyrir Brekkulæk við bæjarstæðið á Brekku. Ljósmynd: Loftmyndir ehf. / www.map.is.

Brekkubær stendur á um 50 m háum malarhjalla eða ávölum hól

neðan þjóðveg, sem áður lá um hlaðið, en utan við hólinn fellur Brekkulækur í djúpu gili. Malarhjallinn vitnar um hærri vatnsstöðu í lok síðustu ísaldar. Frá bænum er fjölbreytilegasta og besta útsýni í Fljótsdal, sérstaklega inn yfir Fljótsdalinn og allt inn til Snæfells, svo og í austur og norðaustur yfir endilangt Fljótið, skógarhlíðar Hallormsstaðar og út til Dyrfjalla.

Upp með Hölná, ofan þjóðveg, er allstór lerkiskógur í aflíðandi hlíðinni beggja megin ár, sem byrjað var að planta upp úr 1970.¹³⁰ Í honum er dávænt rjóður eða ræktað tún og er það svæði í Brekkulandi, sem gæti borið íbúðabygð.

Efnislegir þættir:

Þáttur	Mat	
Staðsetning innan sveitarfélags	Svæðið er ofan þjóðveg, ríflega 1 km utan við vegamót Upphéraðs- og Fljótsdalsvega og er þar af leiðandi nokkuð utan við möndul sveitarfélagsins og þéttbýlasta hluta þess.	
Landgerð	Svæðið er flatlent tún sem hallar nokkuð mót austri. Svæðið gæti á margan hátt hentað vel sem land undir byggðarkjarna, en staðhættir setja þó skipulagsgerð og uppbyggingu skorður. Að því sögðu þyrfti þó að skoða svæðið betur á vettvangi.	
Rými til vaxtar	Tún eða rjóður innan skógræktar ofan vegar myndi henta best sem byggingarland en það land er fremur lítið eða ríflega 3,5 ha. Hins vegar háttar svo til að byggingarland má teygja til ýmissa átta, svo að rými til vaxtar er töluvert bæði innan skógræktar og utan hennar. Segja má að möguleikar fyrir sjálfburftarbúskap innan svæðis sé fyrir hendi, en tækifæri til frístundabúskapar eða hrossaræktar mun síðri. Utan skógræktarsvæðisins skortir hins vegar ekki landrými fyrir slíkan búskap.	

¹²⁹ Sveitir og jarðir í Múlapingi II, s. 23-24; Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 174-182.

¹³⁰ Sveitir og jarðir í Múlapingi II, s. 23; Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 175.

Aðgengi	Svæðið stendur nokkuð hátt í landi og gæti landhalli torvelað aðkomu, einkum að vetri til. Þegar upp hallann er komið þarf að huga að snjósöfnun innan svæðis, sem gæti verið allnokkur vegna skógræktarinnar.	
Tengsl við nágrannasveitir	Svæðið er ríflega 1 km frá vegamótum Upphéraðs- og Fljótsdals-vega undan Hjarðarbóli. Staðsetningin hentar því vel hvað varðar tengsl og samvinnu við nágrannasveitir og þær vegalengdir sem íbúar þurfa að fara til að sækja sér nauðsynlega þjónustu.	
Þjónusta í nágrenni	Svæðið er um 2 km frá áningarstað við Hengifoss, þar sem áformað er að byggja upp þjónustu við ferðamenn. Sú starfsemi verður þó líklega ekki til að mæta þörfum íbúa byggðarkjarnans nema að mjög takmörkuðu leyti.	
Sólríkt svæði	Svæðinu hallar móti suðri og stendur því afar vel gagnvart sólu.	
Vindafar	Svæðið er að sögn vinda- og næðingssamt í norðvestanátt, en innan eftirsóknarverðasta hluta svæðisins veitir hávaxinn trjágróður mjög gott skjól. Öðru máli gegnir um það svæði, sem mögulega yrði byggt á utan skógræktarsvæðisins.	?
Gott og fagurt útsýni	Svæðið stendur í meira en 100 m hæð yfir yfirborði Lagarfljóts og þar sem trjágróður byrgir ekki, er glæsilegt útsýni út og inn yfir fljótið og dalinn.	
Náttúrufegurð og náttúrufyrirbæri	Eftirsóknarverðasti hluti svæðisins er umlukinn vöxtulegum trjágróðri og gefur því svip. Hölná, sem afmarkar svæðið til suðurs, brýtur landið upp með sjónrænum hætti og eykur fjölbreytileika þess, sem og lágreist klettabelti, sem sjá má hér og þar í brekkunum. Þrátt fyrir þetta er nærumhverfið fremur einsleitt og berangur, þegar komið er út fyrir skógarteiginn. Að því sögðu má gera ráð fyrir nánnum tengslum við náttúru og sterkri náttúruupplifun innan svæðisins.	
Umlyking umhverfis	Drýgsti hluti svæðisins er umlukin vöxtulegum trjágróðri sem skapar mjög eftirsóknarverðan ramma. Utan svæðisins er umlykingin ekki jafn heillandi, ýmist of mikil innan skógræktarsvæðis eða of lítil utan þess.	
Söguleg skírskotun	Brekka á sér langa sögu sem læknissetur.	
Aðstaða til útivistar og hreyfingar	Svæðið býður upp á fremur takmörkuð tækifæri til útivistar, að undanskildum gönguleiðum um skóglendið og nærri Hölná. Mögulegt væri að tengja svæðið við áningarstað ferðamanna við Hengifoss, en sennilega yrði slík gönguleið ekki eftirsóknarverð um skorninga og berangurslegar hlíðar. Annar kostur væri að byggja upp gönguleið meðfram þjóðvegi, þótt ólíklega yrði ráðist í slíkar framkvæmdir. Innan svæðis má koma upp lítilsháttar sjálfsþurftarbúskap, en möguleikar á frístundabúskap eða hrossarækt eru virðast minni.	
Göngutengingar við þjónustu	Ólíklegt er að ráðist verði í gerð gönguleiðar milli íbúðasvæðis og áningarstaðar ferðamanna við Hengifoss, þar sem þjónustustig verslunar og greiðasölu mun væntanlega verða fremur lágt.	
Náttúruvá	Engin náttúruvá er á svæðinu að því er best er vitað.	

Sálfélagslegir þættir

Þáttur	Mat	
Öryggi	Öryggisupplifun fólks gæti mögulega mótast af þeirri staðreynd, að byggðarlagið í heild sinni er tiltölulega afskekkt og í talsverðri fjarlægð frá mikilvægri þjónustu, s.s. heilbrigðisþjónustu. Á það sérstaklega við um samgöngur að vetrarlagi og áreiðanleika fjar-skipta.	
Sjálfræði	Jafnvel innan sveitar er svæðið nokkuð úr alfaraleið og má því fullyrða að íbúar innan svæðisins munu alla jafna njóta kyrrðar og friðsældar.	
Samfélagsupplifun / félagsauður	Staðsetning svæðisins, svo fjarri megináasi umferðar og þéttbýlasta hluta sveitarfélagsins, mun að líkindum ekki stuðla að eins sterkri samfélagsupplifun og ella væri. Íbúar gætu jafnvel upplifað sig utanveltu samfélagsins á meginásnum og hugsanlegt að til yrði „einangrað samfélag“ innan hins stærra samfélags, einkum við verulegan vöxt byggðarkjarnans. Slíkt gæti vissulega ýtt undir samfélagsþátttöku, eftl félagsauð og afskipti fólks innan íbúðakjarnans en síður utan hans.	
Sálfræðileg endurheimt	Svæðið skapar einstaklega góðar aðstæður til sálfræðilegrar endurheimtar. Ræður þar mestu um mikilfenglegt útsýni, kyrrð og ró, nálægð við náttúru og fjarlægð frá umferð. Við skipulagsgerð er mikilvægt að þessum þáttum sé gert hátt undir höfði.	
Athafnir utandyra	Svæðið ýtir undir alla þrjá flokka athafna utandyra. Að sumu leyti má segja að tækifæri til valfrjálsra athafna á svæðinu séu takmörkuð. Það ræðst þó mjög af því, hverju fólk er að sækjast eftir með búsetuvali sínu. Svæðið hentar vel til félagslegra athafna utandyra, sem líkt og valfrjálsar athafnir ýta undir samfélagsupplifun og félagsauð.	

Samantekt:

Styrkleikar Brekku fyrir byggðarkjarna

Augljósasti kostur svæðisins er friðsældin sem þar ríkir vegna staðsetningar. Staðsetning byggðarkjarna inni í skógarjórðri veitir mikil umhverfissgæði og áhugaverðan ramma. Sjálfræði íbúa væri mikið og möguleikar á sálfræðilegri endurheimt einstaklega góðir, ekki síst vegna glæsilegs útsýnis af svæðinu. Hvað þessi atriði varðar er ljóst að búseta á Brekku myndi vera heilsueflandi og skapa vellíðan. Nægt landrými veitir vaxtarskilyrði fyrir byggðarkjarna til framtíðar og möguleikar íbúa til sjálfspurftar- og/eða frístundabúskapar eru fyrir hendi.

Veikleikar Brekku fyrir byggðakjarna

Helsti ókostur svæðisins er hversu úrleiðis svæðið er, ef miðað er við möndul og þéttbýlasta hluta byggðarinnar. Þá eru aðstæður til útvisstar fyrir alla aldurshópa takmarkaðar og áhugaverðar göngu-leiðir út frá svæðinu takmarkaðar, þar sem svæðið er berangurslegt utan skógræktarsvæðisins. Fjarlægð svæðisins skapar fremur veikar forsendur til uppbyggingar göngutenginga við þjónustu-svæði eða önnur áhugaverð svæði innan sveitarfélagsins. Þá er hætt við að staðsetning svæðisins muni ýta undir tilvist „einangraðs samfélags“ sem upplifir sig alla jafna ekki sem hluta af samfélaginu í stærra samhengi. Það er andstætt þeim hugmyndum, sem uppi eru um stofnun byggðarkjarna í sveitarfélaginu.

Þá má velta fyrir sér, hvort landhalli setji skipulagi og uppbyggingu byggðarkjarna á Brekku þrengri skorður en heppilegt er, en tekið skal fram, að skýrsluhöfundar hafa ekki haft tækifæri til að skoða svæðið á vettvangi. Landhalli myndi líka skapa áskoranir fyrir aðgengi að svæðinu fyrir alla aldurs- hópa allan ársins hring.

Niðurstaða:

Með hliðsjón af mati, samantekt og fyrirvara um að skýrsluhöfundar hafa ekki haft tækifæri til að skoða svæðið á vettvangi, er það niðurstaða TGJ að svæðið kemur ekki til greina sem einn þriggja mögulegra valkosta fyrir byggðarkjarna í Fljótsdal.

4.3.3 Hjarðarból

Nýbýlið Hjarðarból var eins og fyrr segir stofnað 1947 og lögð til þess landspilda úr Brekku milli Hölnár og Hengifossár. Við Hölná, yst í landinu, er skógræktarteigur frá 1972, nær eingöngu af lerki, en að öðru leyti er landið skóglaut og berangurslegt. Þar er mjög veðrasamt og hafa þar bæði orðið



heytjón og fjárskaðar. Bæjarstæðið er alllangt uppi í hlíðarfláa fyrir ofan þjóðveginn. Þaðan er mikið og gott víðsýni eins og á Brekku, en að bænum liggur fremur brött heimreið neðan frá þjóðvegi, fast utan við Hengifossána. Við gilsmynnið er skv. deiliskipulagi frá 2015 gert ráð fyrir bílastæðum og upplýsinga- og þjónustuskála, enda er Hengifoss-gilið og fossarnir mest sótti ferðamannastaðurinn í Fljótsdal (sjá kafla 2.5.4).

Horft yfir land Hjarðarbóls. Ljósmynd: Loftmyndir ehf. / www.map.is.

Efnislegir þættir

Þáttur	Mat	
Staðsetning innan sveitarfélags	Svæðið er ofan þjóðvegur á mótis við vegamót Upphéraðs- og Fljótsdalsvega og liggur því við nyrðri mörk meginássins um sveitarfélagið og þéttbýlasta hluta þess.	
Landgerð	Svæðið er flatlent tún sem hallar talsvert móti austri. Staðurinn gæti hentað sem land undir byggðarkjarna, en staðhættir myndu setja skipulagsgerð og uppbyggingu talsverðar skorður. Nánara mat á aðstæðum þarfnast þó skoðunar á vettvangi.	
Rými til vaxtar	Engin augljós afmörkun er sýnileg á svæðinu og því er rými til vaxtar ríflegt. Möguleikar eru fyrir sjálfburftarbúskap, en tækifæri til frístundabúskapar eða hrossaræktar ekki jafn augljós, þótt landrými virðist nægjanlegt.	
Aðgengi	Bæjarstæðið er í um 60 m hæð yfir yfirborði Lagarfljóts. Frá þjóðvegi rís land nokkuð hratt upp og getur landhalli torveldað aðgengi að svæðinu, einkum að vetri til.	

Tengsl við nágrannasveitir	Svæðið er beint upp af vegamótum Upphéraðs- og Fljótsdalsvega. Staðsetningin hentar því vel varðandi tengsl og samvinnu við nágrannasveitir og þær vegalengdir, sem íbúar þurfa að fara til að sækja sér nauðsynlega þjónustu.	
Þjónusta í nágrenni	Svæðið er steinsnar frá áningarstað við Hengifoss, þar sem áformað er að byggja upp þjónustu við ferðamenn. Sú þjónusta mun þó tæplega mæta þörfum íbúa byggðarkjarnans nema að mjög takmörkuðu leyti. Þá er svæðið í tæplega 3,5 km fjarlægð frá þjónustusvæði við vegamót Kárahnjúka- og Fljótsdalsvega, þar sem vænta má að byggist upp verslun og þjónusta til að mæta þörfum íbúa að einhverju leyti.	
Sólríkt svæði	Svæðinu hallar móti suðri og stendur því afar vel gagnvart sólu.	
Vindafar	Svæðið er berangur og þar er afar veðrasamt í norðvestanátt.	
Gott og fagurt útsýni	Bæjarstæðið er eins og fyrr segir í um 60 m hæð yfir Fljótinu og byði nálægt íbúðasvæði því upp á mikið og glæsilegt útsýni.	
Náttúrufegurð og náttúrufyrirbæri	Auk ræktaðs lands, einkennist nærumhverfi af melum og móum og litlum klettablettum. Land er því fremur fábrotið. Í nágrenni þess er Hengifossárgljúfur, sem er vinsælasti áningarstaður ferðamanna í Fljótsdal.	
Umlyking umhverfis	Svæðið er flatlendi og hallandi berangur.	
Söguleg skírskotun	Svæðið tilheyrir nýbýli, sem stofnað var 1947, en í námunda þess stóðu fyrrum forn beitarrús, sem nú eru horfin (Skógargerði).	
Aðstaða til útivistar og hreyfingar	Svæðið býður upp á takmarkaða möguleika til útivistar vegna staðháttanna. Eftir núverandi heimreið að Hjarðarbóli er göngutenging við áningarstað ferðamanna við Hengifoss og gönguleið upp með Hengifossánni að sunnanverðu. Mögulegt væri að koma upp lítilsháttar sjálfsþurftarbúskap á svæðinu, en aðstæður til frístundabúskapar eða hrossaræktar eru afar takmarkaðir.	
Göngutengingar við þjónustu	Göngutenging er nú þegar milli svæðsins og áningarstaðar ferðamanna við Hengifoss, þar sem þjónustustig verslunar og greiðasölu mun væntanlega verða fremur lágt. Vegna fjarlægðar við hugsanlegt þjónustusvæði við vegamót Kárahnjúka- og Fljótsdalsvega má telja ólíklegt að ráðist verði í gerð gönguleiðar milli svæðanna.	
Náttúruvá	Engin náttúruvá er á svæðinu að því er best er vitað.	

Sálfélagslegir þættir

Þáttur	Mat	
Öryggi	Öryggisupplifun fólks gæti mögulega mótast af þeirri staðreynd, að í heild sinni er byggðarlagið tiltölulega afskekkt og í talsverði fjarlægð frá mikilvægri þjónustu, s.s. heilbrigðisþjónustu. Á það sérstaklega við um samgöngur að vetrarlagi og áreiðanleika fjarskipta.	
Sjálfraði	Svæðið er í námunda við Hengifoss, helsta ferðamannasvæðis í Fljótsdal, þar sem allt að 80.000 manns koma árlega. Meginstraumur ferðamanna að fossinum er hins vegar upp með ánni að sunnanverðu. Vegna staðsetningar hátt í landi og staðháttanna að öðru leyti er fremur ólíklegt, að byggðarkjarninn myndi draga að	

	sér mikinn fjölda ferðamanna, þótt þess mætti vænta að þangað slæddist jafnan nokkur fjöldi með tilheyrandi óæskilegri truflun fyrir íbúa.	
Samfélagsupplifun / félagsauður	Staðhættir svæðis og veðráttá er með þeim hætti að hún vinnur gegn þróun samfélagsupplifunar þar sem forsendur til samskipta utandyra eru takmarkaðar. Staðsetning svæðisins svo hátt uppi í brekkum og löng aðkoma mun hafa neikvæð áhrif á samfélagsupplifun íbúa, jafnvel þótt svæðið sé nærri vinsælasta ferðamannastaðnum og meginás umferðar, og sé auk þess hluti af þéttbýlasta svæði sveitarfélagsins. Íbúar gætu upplifað sig utan samfélagsins á meginásnum, svo að mögulega yrði til „einangrað samfélag“ innan hins stærra samfélags, einkum við verulegan vöxt byggðarkjarnans. Slíkt gæti vissulega ýtt undir samfélagsþátttöku, eftir félagsauð og afskipti fólks innan „eigin samfélags“, en síður utan hans.	
Sálfræðileg endurheimt	Þar sem svæðið er berangur, vindasamt og nærumhverfi fremur einsleitt og hrjóstrugt má gera ráð fyrir að það styðji að takmörkuðu leyti við ferli sálfræðilegrar endurheimtar. Á móti vegur svo geysifallegt útsýni. Hvort skapast mun kyrrð og ró ræðst verulega af skipulagsgerð og uppbyggingu svæðisins. Nálægð við Hengifoss-svæðið kann að leiða til þess að ákveðinn fjöldi ferðamanna mun sækja svæðið heim og sennilega rýra möguleika íbúa til sálfræðilegrar endurheimtar að einhverju marki.	
Athafnir utandyra	Svæðið ýtir tæpast undir alla þrjá flokka athafna utandyra. Vegna staðháttar og veðurfars munu bæði valfrjálsar og félagslegar athafnir verða í litlum mæli nema fram komi úthugsaðar og metnaðarfullar lausnir í skipulagi, mótun og uppbyggingu innan svæðisins. Takmarkanir á athöfnum utandyra munu vinna gegn samfélagsupplifun og félagsauði.	

Samantekt:

Styrkleikar Hjarðarbóls fyrir byggðarkjarna

Augljósasti kostur svæðisins er staðsetning þess m.t.t. mönduls og þéttbýlasta hluta byggðarinnar. Svæðið skapar því góðar forsendur fyrir tengsl og samvinnu við nágrannasveitir. Þá myndi byggðarkjarni á svæðinu hafa mjög rýmilegt svigrúm til vaxtar. Þá er mjög gott útsýni á svæðinu.

Veikleikar Hjarðarbóls fyrir byggðarkjarna


Helstu ókostir svæðisins eru staðhættir og vindafar, en svæðið er berangurslegt og veðrasamt. Hvort tveggja vinnur gegn sálfélagslegum þörfum fólks. Þá stendur svæðið hátt í landi og þrátt fyrir góða staðsetningu innan sveitar, er svæðið afskekkt. Það mun ýta undir tilvist „einangraðs samfélags“ sem upplifir sig alla jafna ekki sem hluta af samfélaginu í stærra samhengi. Það er andstætt þeim hugmyndum sem eru uppi um stofnun byggðarkjarna í sveitarfélaginu. Löng aðkoma í talsverðum landhalla mun ennfremur auka á þennan síðastnefnda þátt.

Niðurstaða:

Með hliðsjón af mati, samantekt og fyrirvara um að skýrsluhöfundar hafa ekki haft tækifæri til að skoða svæðið á vettvangi, er það niðurstaða TGJ að svæðið kemur ekki til greina sem einn þriggja mögulegra valkosta fyrir byggðarkjarna í Fljótsdal.

4.3.4 Melar

Jörðin var upphaflega hjáleiga frá Bessastöðum og lengi eign Skriðuklausturs og síðan konungs- og þjóðjörð, en komst í eigu ábúanda árið 1919. Hún er fremur landlítil, aðeins um 1 km milli merkja um þjóðveg innan frá Brekkulæk, en utan að henni heldur Hengifossá með sínu stórbrotna gili og fossum. Bæjarstæðið og gömlu heimatúnin eru uppi á giljótum og vatnsgröfnum melhjöllum, nokkurn spöl



ofan við þjóðveg og nánast í hvarfi þaðan. Þaðan er fagurt og víðáttu-mikið útsýni eins og af fyrirtöldum bæjum, en ofan við hjallann og túnin eru tveir skógræktarteigar, samtals um 35 ha að stærð, sem plantað hefur verið í lerki og fleiri trjátegundum síðan 1988. Á flatlendinu neðan þjóðveggar er samfelld túnslétt milli merkja.¹³¹

Horft yfir Melaland, Hengifossárgilið efst í hægra horni. Ljós.: Loftmyndir ehf. / www.map.is.

Þátttakendur í Skipulagsþingi 2019 settu fram framtíðarsýn af

byggðar-kjarna í Fljótsdal, sem birtist þeim í „150 manna kaupúni á Melahæðum“, svonefndu „Hengifoss-kaupúni“. Vandséð er hvar og hvernig koma mætti byggð af þeirri stærðargráðu fyrir á svæðinu, en hugmyndin sem slík er góðra gjalda verð.

Efnislegir þættir

Þáttur	Mat	
Staðsetning innan sveitarfélags	Svæðið er ofan þjóðveggar, ríflega 1,5 km innan við vegamót Upphéraðs- og Fljótsdalsvega og er því við meginás um sveitarfélagið og innan þéttbýlasta hlut þess.	
Landgerð	Svæðið er annars vegar flatlent tún eða óræktað mólendi sem hallar talsvert móti austri. Staðurinn gæti hentað sem land undir byggðarkjarna, en staðhættir myndu setja skipulagsgerð og uppbyggingu miklar skorður. Að því sögðu þyrfti þó að skoða svæðið betur á vettvangi.	
Rými til vaxtar	Engin augljós afmörkun fyrir byggðarkjarna er sýnileg á svæðinu og þyrfti því að skoða það nánar. Ljóst má þó vera, að talsvert rými er fyrir hendi, en vaxtarmöguleikar taka þó mið af því hvaða staðsetning verður endanlega fyrir valinu. Mögulegar eru fyrir sjálfrúðarþáttur á svæðinu og einnig til frístundabúskapar eða hrossaræktar.	
Aðgengi	Bæjarstæðið er í um 60 m hæð yfir yfirborði Lagarfljóts. Frá þjóðvegi rís land nokkuð hratt og getur landhalli torveldað aðgengi, einkum að vetri til.	
Tengsl við nágrannasveitir	Svæðið er 1,5 km frá vegamótum Upphéraðs- og Fljótsdalsvega. Staðsetningin hentar því vel varðandi tengsl og samvinnu við	

¹³¹ Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, s. 26; Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 167-168.

	nágrannasveitir og þær vegalengdir, sem íbúar þurfa að fara til að sækja sér nauðsynlega þjónustu.	
Þjónusta í nágrenni	Svæðið er í ríflega 700 m fjarlægð frá áningarstað við Hengifoss, þar sem áformað er að byggja upp þjónustu við ferðamenn. Sú þjónusta mun þó tæplega mæta þörfum íbúa byggðarkjarnans nema að mjög takmörkuðu leyti. Þá er svæðið í tæplega 3,5 km fjarlægð frá ráðgerðu verslunar- og þjónustusvæði við vegamót Kárahnjúka- og Fljótsdalsvega, þar sem vænta má að byggist upp verslun og þjónusta til að mæta þörfum íbúa að einhverju marki.	
Sólríkt svæði	Svæðinu hallar móti suðri og stendur því afar vel gagnvart sólu.	
Vindafar	Svæðið er að sögn vinda- og næðingssamt í norðvestanátt, en vöxtulegur trjágróður í hlíðum ofan við bæjarstaðið og hlíðinni sunnan við Hengifossána veitir skjól að einhverju leyti. Á öðrum svæðum má vænta að geti orðið næðingssamt.	?
Gott og fagurt útsýni	Bæjarstaðið er í 60 m hæð yfir yfirborði Lagarfljóts og býður svæðið því upp á mikið og glæsilegt útsýni.	
Náttúrufegurð og náttúrufyrirbæri	Álitlegustu hlutar svæðisins eru í nágrenni vöxtulegs trjágróðurs, sem gefur því svip. Giljóttar og vatnsgrafnar hlíðar brjóta landið upp með sjónrænum hætti og auka fjölbreytileika þess. Þá er svæðið nánast í hvarfi frá þjóðvegi séð, sem eykur á sjónræn gæði á nærsvæði og dregur úr mögulegri hávaðamengun frá umferð um þjóðveginn. Í námunda við svæðið er svo helsta náttúruperla héraðsins, Hengifoss, og stórbrotið árgljúfrið. Á svæðinu má gera ráð fyrir sterkum tengslum við náttúru og sterkri náttúruupplifun innan svæðisins.	
Umlyking umhverfis	Byggilegustu hlutar svæðisins eru í nánd hins vöxtulega trjágróðurs, sem skapað getur mjög eftirsóknarverðan ramma. Á öðrum stöðum er umlyking í mjög takmörkuðum mæli. Það er því mikilvægt að horft sé til þessa þáttar við endalega staðsetningu byggðarkjarnans.	
Söguleg skírskotun	Melar eru gamalt býli og á sér langa sögu. Þar bjuggu meðal annars lengi ættforeldrar hinnar fjölmennu Melaættar á 18. öld.	
Aðstaða til útivistar og hreyfingar	Svæðið býður upp á ýmsa möguleika til útivistar á skógivöxnu nærsvæði, á Hengifoss-svæðinu og einnig inn dalinn. Með uppbyggðri göngutengingu við þjónustusvæðið á vegamótum Kárahnjúka- og Fljótsdalsvega, sem er í um 2 km fjarlægð, mætti tengja svæðið við Bessastaðaárgil. Hugmyndir hafa verið uppi um uppbyggingu gönguleiðar milli Bessastaðaárgils og Tröllkonustígs í Valþjófsstaðafjalli. Að öllu samanlögðu yrði verulega góð aðstaða til útivistar, sem gæti nýst íbúum byggðarkjarnans, en einnig verið góður stuðningur við ferðamennsku á svæðinu. Innan svæðis er gott svigrúm til sjálfsþurftarþúskaþar og einnig má sjá fyrir sér nokkra möguleika á frístundabúskap eða hrossarækt.	
Göngutengingar við þjónustu	Göngutenging er nú góð milli svæðisins og áningarstaðar ferðamanna við Hengifoss, þar sem þjónustustig verslunar og greiðasölu mun væntanlega verða fremur lágt. Fyrirhugað verslunar- og þjónustusvæði við vegamót Kárahnjúka- og Fljótsdalsvega er í um 2 km fjarlægð frá svæðinu. Uppbygging góðra göngutenginga milli þessara svæða gæti því verið mjög æskilegur kostur.	
Náttúruvá	Engin náttúruvá er á svæðinu að því er best er vitað.	

Sálfélagslegir þættir

Þáttur	Mat	
Öryggi	Öryggisupplifun fólks gæti mögulega mótast af þeirri staðreynd, að í heild sinni er byggðarlagið tiltölulega afskekkt og í talsverðri fjarlægð frá mikilvægri þjónustu, s.s. heilbrigðisþjónustu. Á það sérstaklega við um samgöngur að vetrarlagi og áreiðanleika fjar-skipta.	
Sjálfræði	Þrátt fyrir nálægð við Hengifoss, helsta ferðamannasvæðið í Fljótsdal, gæti svæðið verið nokkuð vel varið gagnvart umferð ferðamanna, því það er úrleiðis og nánast í hvarfi frá þjóðvegi, auk þess sem skógarrræktarvegur skermar það frá gönguleiðinni að Hengifossi. Þetta ræðst þó vissulega af endanlegri staðsetningu byggðarkjarnans, en margt bendir til þess að íbúar innan svæðisins gætu alla jafna notið kyrrðar og friðsældar.	
Samfélagsupplifun / félagsauður	Staðsetning svæðisins svo hátt uppi í brekkum með langri aðkomu frá þjóðvegi og nánast í hvarfi frá honum, mun hafa neikvæð áhrif á samfélagsupplifun íbúa, jafnvel þó íbúðabyggðin standi nærri vinsælasta ferðamannastaðnum, meginás umferðar um sveitina og sé hluti af þéttbýlasta svæði hennar. Íbúar gætu upplifað sig sem utan samfélagsins á meginásnum og þess vegna mögulegt, að til verði „einangrað samfélag“ innan hins stærra samfélags, einkum þegar íbúum byggðarkjarnans fjölgar. Slíkt gæti vissulega ýtt undir samfélagsþátttöku, eftl félagsauð og afskipti fólks innan „eigin samfélags“ en síður utan þess. Mögulega mætti vinna gegn þessum þáttum með góðum göngutengingum, þar sem umferð göngufólks um dalinn færi um byggðarkjarnann eða í námunda við hann. Mjög yrði þó að vanda til skipulagningar hans og uppbyggingar.	
Sálfræðileg endurheimt	Vænta má þess að svæðið skapi góðar aðstæður til sálfræðilegrar endurheimtar. Ræður þar mestu geysifallegt útsýni, kyrrð og ró, nálægð við náttúru og ákveðin einangrun. Við skipulagsgerð er mikilvægt að þessum þáttum sé gert hátt undir höfði.	
Athafnir utandyrar	Svæðið ýtir undir alla þrjá flokka athafna utandyrar. Mjög góð tækifæri eru til valfrjálsra og félagslegra athafna á svæðinu, sem aftur ýta undir samfélagsupplifun og félagsauð.	

Samantekt:

Styrkleikar Mela

Styrkleikar Mela liggja hvað helst í staðsetningu svæðisins m.t.t. mönduls og þéttbýlasta hluta byggðarinnar og mjög góðum forsendum fyrir tengsl og samvinnu við nágrannasveitir. Þá er landrými rífllegt, sem gefur gott svigrúm fyrir vöxt byggðarkjarna til framtíðar. Byggðakjarni á Melahæðum mun að líkindum vera í hvarfi frá þjóðvegi, og því mun svæðið uppfylla mjög vel forsendur um sálfræðilega endurheimt, veita góð tækifæri til náttúruupplifunar og tengsla við umhverfi. Umhverfisgæði í nær-umhverfi virðast mikil og útsýni er mjög gott. Vegna staðsetningar opnar svæðið á mögulega á áhuga-verðri göngutengingu milli áningarstaðar við Hengifoss og fyrirhugaðs verslunar- og þjónustusvæðis, sem gæti legið um byggðakjarnann eða nærri honum. Með góðu skipulagi og vandaðri uppbyggingu væri þó áfram hægt að tryggja friðsæld og ró á svæðinu.

Veikleikar Mela

Um leið og staðsetning Mela er helsti kostur svæðisins, er það einnig helsti ókostur þess, því að staðsetning þess hátt í landi og í hvarfi frá meginumferðaræð um sveitina getur ýtt undir tilvist „einangraðs samfélags“ sem upplifir sig alla jafna ekki sem hluta af samfélaginu í stærra samhengi og er það andstætt þeim hugmyndum, sem uppi eru um stofnun byggðarkjarna í sveitarfélaginu. Sú göngutenging, sem minnst er á hér að ofan, gæti verið mikilvægur liður í að vega upp á móti þessum veikleika. Þá eru vangaveltur um að landhalli setji skipulagi og uppbyggingu byggðarkjarna þrengri skorður en heppilegt er, en þess skal getið að skýrsluhöfundar hafa ekki haft tækifæri til að skoða svæðið á vettvangi. Landhalli ásamt langri aðkomu í talsverðum landhalla myndi líka skapa áskoranir fyrir aðgengi að svæðinu fyrir alla aldurshópa allan ársins hring.

Niðurstaða:

Með hliðsjón af mati, samantekt og fyrirvara um að skýrsluhöfundar hafa ekki haft tækifæri til að skoða svæðið á vettvangi, er það niðurstaða TGJ að svæðið kemur til greina sem einn þriggja mögulegra valkosta fyrir byggðarkjarna í Fljótsdal.


4.3.5 Bessastaðir / Eyrarland

Svæðið, sem skv. gildandi aðalskipulagi er ætlað fyrir íbúða-, verslunar og þjónustukjarna, er í óskiptu landi Bessastaða og Eyrarlands. Það er 7 hektara svæði, sem afmarkað er á skipulagsuppdraðti hér að neðan. Neðri hluti þess er slétt og gróin flöt (um 3 ha að stærð), sem liggur milli brekkuróta og Fljótsdalsvegar, innan frá mótum hans og Kárahnjúkavegar og út með hlíðinni að Hlauplæk, sem rennur í skorningi niður hlíðina innan við býlið Litlu-Grund. Þessi mjóa landræma (um 80 m á breidd) liggur



nokkru lægra en uppbyggðir vegirnir. Hlíðin upp af henni er þykkur jökulruðningur með aflíðandi bratta og gilskorningum. Hún er allvel gróin en skóglaus og því nokkuð berangursleg. Upp í þessar brekkur er ráðgert að íbúðabyggingin teygir sig, en verslunar- og þjónustusvæðinu er ætlað rými niðri við gatnamótin.

Svæðið í landi Bessastaða/Eyrarlands er undir brekkurótum og upp fyrir brekkur, utan við mót Kárahnjúkavegar og Fljótsdalsvegar. Ljós.: Loftmyndir ehf. 2016 / www.map.is.



Í ýmsu tilliti er svæðið hagkvæmt fyrir staðsetningu byggðarkjarna. Það er miðsveitis og tilheyrir þeim kjarna sveitarinnar, sem um langan tíma hefur verið frjósamasti og þéttbýlasti hluti hennar. Það er við fjölfarin gatnamót og liggur því vel við samgöngum, jafnt innan sveitar og upp á hálendið, þangað sem umferð mun fyrirsjáanlega fara vaxandi á komandi tíð.

Afmörkun 7 ha svæðis fyrir íbúða-, verslunar- og þjónustukjarna í landi Bessastaða / Eyrarlands. Bygðaruppdraáttur Aðalskipulags 2014-2014.

Í því felast tækifæri svæðisins fyrir verslun og ýmiss konar þjónustu við ferðafólk og heimamenn, en eins og fjallað er um í kafla 6 er það mat TGJ, að enginn staður innan sveitarfélagsins sé betur til þess fallinn að að vera verslunar- og þjónustusvæði.



Horft inn eftir Fljótsdalsvegi (933) í átt að Eyrarlandi og gatnamótunum, en ráðgerðu íbúða-, verslunar- og þjónustusvæði er ætlaður staður á flötinni og í brekkunni innan frá gatnamótum og út að Hlauplæk. Ljósmynd: Páll J. Lindal, 12. mars 2020.

Efnislegir þættir

Þáttur	Mat	
Staðsetning innan sveitarfélags	Svæðið er nálægt miðju þéttbýlasta hluta sveitarinnar og stendur nær alveg við meginás umferðar.	
Landgerð	Svæðið er flatlent tún og hentar því vel sem land undir byggðarkjarna, en um 80 m frá þjóðvegi tekur land að rísa nokkuð ákveðið. Staðhættir setja gerð skipulags og uppbyggingu nokkuð skýr takmörk.	
Rými til vaxtar	Flatlendið, sem gæti nýst sem byggingarland, er að hámarki ríflega 3 ha að stærð, svo að einu stækkunarmöguleikar þess eru upp brekkurnar líkt og gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir. Þó vissulega geti byggðin teygst sig upp brekkurnar, þá er bratti þeirra talsverður og lítt eftirsóknarverður kostur fyrir byggðarkjarna. Svæðið hefur því nokkuð skýran ramma varðandi mögulegan vöxt. Möguleikar eru fyrir sjálfrpurftarbúskap innan svæðis, en tækifæri til frístundabúskapar eða hrossaræktar eru utan þess handan þjóðvegjar. Þá er rétt að nefna, að helgunarsvæði þjóðvegjar mun draga úr stærð byggingarlands.	
Aðgengi	Flatlendi svæðisins liggur meðfram meginstofnæð umferðar um sveitarfélagið og væri þannig greiðfært að svæðinu árið um kring. Aðgengi að byggð í brekkunum yrði að líkindum frá Kárahnjúkavegi. Vænta má að aðgengi þaðan væri frekar auðvelt allan ársins hring.	
Tengsl við nágrannasveitir	Svæðið er í 3 km fjarlægð frá vegamótum Upphéraðs- og Fljótsdalsvegjar. Staðsetningin hentar því nokkuð vel hvað varðar tengsl og samvinnu við nágrannasveitir og þær vegalengdir sem íbúar þurfa að fara til að sækja sér nauðsynlega þjónustu.	
Þjónusta í nágrenni	Svæðið er samofið fyrirhuguðu verslunar- og þjónustusvæði við vegamót Kárahnjúka- og Fljótsdalsvegja.	
Sólríkt svæði	Svæðið stendur móti austri undir aflíðandi brekku að vestanverðu. Svæðið liggur því afar vel gagnvart sólu.	

Vindafar	Að jafnaði er fremur skjólsælt undir brekkunum að því er best er vitað, en svæðið nýtur þó ekki skjóls af trjágróðri.	?
Gott og fagurt útsýni	Svæðið stendur lágt, svo að ekki er víðsýnt þaðan. Uppbyggður þjóðvegur stendur mjög nærri og tekur mikið til sín þegar horft er yfir dalinn til austurs. Og ef vel er rýnt má sjá háspennulínur/-möstur brjóta sér leið gegnum skógi vaxnar brekkur yfir Víðivalla-hálsinn.	
Náttúrufegurð og náttúrufyrirbæri	Nærumhverfi svæðisins er einsleitt ræktað land og í brekkunum tekur við mólendi og melar. Giljóttar og vatnsgrafnar brekkur brjóta landið þó upp með sjónrænum hætti og auka nokkuð fjölbreytileika þess. Uppbyggður þjóðvegur, fjölfarin vegamót Kárahnjúka- og Fljótsdalsvega og væntanleg uppbygging verslunar og þjónustu við vegamótin munu rýra tengsl við náttúru og tilfinningu fyrir búsetu í dreifbýli.	
Umlyking umhverfis	Brekkuræturnar veita flatlendinu ákveðið aðhald, en lögun flatlendisins, þ.e. löng og mjó ræma meðfram þjóðveginum, vinnur verulega gegn því aðhaldi, sem brekkan veitir. Þrátt fyrir að vera sett mjög skýr mörk, nær umgjörð svæðisins ekki að mynda heildstæða og notalega umgjörð.	
Söguleg skírskotun	Svæðið geymir hvorki frásagnarverð minni né búsetuminjar að því er best er vitað.	
Aðstaða til útivistar og hreyfingar	Svæði er í ríflega 1 km fjarlægð frá Bessastaðaárgili, en hugmyndir hafa verið uppi um uppbyggingu gönguleiða upp með gljúfrinu, sem tengja mætti Tröllkonustíg, þannig að líkur á góðum gönguleiðum eru talsvert miklar. Þá er svæðið í tæplega 2,5 km fjarlægð frá áningarstað ferðamanna við Hengifoss. Ef kæmi til uppbyggingar gönguleiðar milli þessara svæða myndi sú leið fylgja þjóðveginum, sem vænta má að gæti dregið svolítið úr gildi útivistar. Mögulegt er að koma upp lítilsháttar sjálfsþurftarbúskap innan svæðis, en nálægð við Bessastaði og Eyrarland geta einnig skapað möguleika á frístundabúskap eða hrossarækt.	
Göngutengingar við þjónustu	Þar sem svæðið er samofið ráðgerðum verslunar- og þjónustukjarna við vegamót Kárahnjúka- og Fljótsdalsvega verða byggðar upp gönguleiðir.	
Náttúruvá	Engin náttúruvá er á svæðinu svo kunnugt sé.	

Sálfélagslegir þættir

Þáttur	Mat	
Öryggi	Öryggisupplifun fólks gæti mögulega mótast af þeirri staðreynd, að í heild sinni er byggðarlagið tiltölulega afskekkt og í talsverðri fjarlægð frá mikilvægri þjónustu, s.s. heilbrigðisþjónustu. Á það sérstaklega við um samgöngur að vetrarlagi og áreiðanleika fjarskipta.	
Sjálfræði	Svæðið er samofið fyrirhuguðu verslunar- og þjónustusvæði á mótum Kárahnjúka- og Fljótsdalsvega, svo að líklegt er að ferðamenn á svæðinu leiti inn í byggðarkjarnann, sem gæti valdið íbúum ónæði. Er því mjög mikilvægt að komið verði á umferðarstýringu í skipulagi svo að lágmarka megi mögulegar truflanir vegna ferðamanna og tryggja sem best frið og ró.	

Samfélagsupplifun / félagsauður	Staðsetning svæðisins á láglandi, miðsvæðis í sveitarfélaginu, skapar góðar forsendur fyrir sterkri samfélagsupplifun, sérstaklega ef vandlega er hugað að því að mannvænu skipulagi, hönnun og uppbyggingu. Slíkt myndi ýta undir samfélagsþátttöku og afskipti fólks, sem aftur hefur áhrif á félagsauð.	
Sálfræðileg endurheimt	Nálægð svæðisins við meginæð umferðar innan sveitarfélagsins og þjónustusvæðið á vegamótunum skapar verulegar áskoranir innan svæðisins varðandi sálfræðilega endurheimt. Við skipulagsgerð er afar brýnt að horft sé heildstætt á þessi tvö svæði, svo tryggja megi sem best þær forsendur sem þurfa að vera fyrir hendi, hvað varðar sálfræðilega endurheimt. Sé það gert gæti það aukið gæði og aðdráttarafl byggðarkjarnans nokkuð.	
Athafnir utandýra	Með vandaðri hönnun gæti svæðið ýtt undir alla þrjá flokka athafna utandýra.	

Samantekt:

Styrkleikar Bessastaða / Eyrarlands

Styrkleikar Bessastaða / Eyrarlands liggja hvað helst í staðsetningu svæðisins nálægt miðju sveitarinnar, góðum forsendum fyrir tengsl og samvinnu við nágrannasveitir og greiðfæra aðkomu. Svæðið er samofið fyrirhuguðu verslunar- og þjónustusvæði við vegamót Kárahnjúka- og Fljótsdalsvega, svo aðgengi að þjónustu á nærsvæði verður sérlega gott. Vegna miðlægrar staðsetningar eru einnig góð tækifæri til útivistar og hreyfingar, bæði inn að Bessastaðargili og út að Hengifossi. Staðsetning byggðarkjarna á svæðinu mun sennilega ýta undir samfélagsupplifun íbúa, einkum ef gætt er vel að skipulagi og uppbyggingu hans sem og tengsla við verslunar- og þjónustusvæðið.

Veikleikar Bessastaða / Eyrarlands

Helsti veikleiki svæðisins er nálægð þess við verslunar- og þjónustusvæði við vegamót Kárahnjúkavegar. Nálægð við fjölfarin vegamót er líkleg til að draga verulega úr umhverfisgæðum og gæðum byggðarkjarnans, vegna umferðar og erils, auk þess sem ferðamenn gætu haft tilhneigingu til þess að leita inn í byggðarkjarnann í töluverðum mæli. Hvort tveggja myndi mjög líklega hafa neikvæð áhrif á sjálfræði íbúa, tækifæri þeirra til að upplifa sálfræðilega endurheimt og upplifun um að búa í friðsælli sveit í nánnum tengslum við náttúru.

Þá eru svæðinu settar mjög skýrar skorður hvað varðar vöxt til framtíðar. Flatlendið hentar á margan hátt vel sem byggingarland, en nálægð þess við þjóðveg rýrir mjög gæði þess. Brattlendi það, sem tekur svo við ofan flatarinnar, er talsvert mikið og ljóst að landhalli mun setja skipulagi og uppbyggingu miklar skorður. Þá vinnur fremur einsleitt landslag og skortur á landfræðilegu aðhaldi eða ramma á móti staðsetningu byggðarkjarna á svæðinu.

Niðurstaða:

Með hliðsjón af mati og samantekt er það niðurstaða TGJ, að svæðið komi ekki til greina sem einn þriggja mögulegra valkosta fyrir byggðarkjarna í Fljótsdal.

4.3.6 Hamborg

Jörðin er gömul hjáleiga frá höfuðbólinu Bessastöðum og var líkt og heimajörðin eign Skriðuklausturs frá 16. öld til 1911. Býlið fór í eyði 1958, en bæjar- og gripahús stóðu á sléttri grundu undir aflíðandi brekku og grasi grónum hjalla. Eftir að síðustu bæjar- og útihúsin voru jöfnuð við jörðu um 2006/07 stendur aðeins eftir nokkurra hektara tún, nokkurn spöl ofan við þjóðveginn. Það er nytjað af bændum á Arnheiðarstöðum og Hrafnkelsstöðum, en gamall trjálundur í túnjaðri vitnar enn um fyrri tíðar búsetu á jörðinni. Innarlega í bæjarhjallanum er einnig svonefndur Gálgaklettur, sem er hvorttveggja í



senn vitnisburður um hinn forna Bessastaðapingstað og skjól fyrir hross að hama sig undir í illviðrum, eins og nafn býlisins bendir til.¹³²

Hamborg 1988. Þá stóðu ennþá uppi útihús og gamla íbúðarhúsið, sem byggt var 1912 af Halldóri Stefánssyni, síðar alþingismanni og forstjóra, og var annað fyrsta steinsteyppuhúsið, sem byggt var í Fljótsdal. Um 2006/07 voru húsinn jöfnuð við jörðu. Lengst til vinstri í bæjarhjallanum er Gálgaklettur, en Klausturhæðin og Bessastaðaaargil í baksýn. Ljós.: Helgi Hallgrímsson / Fljótsdæla, s. 155.



Gamla heimatúnið í Hamborg. Efst eru bæjar- og útihúsin á Bessastöðum og Eyrarlandi. Ljós.: Loftmyndir ehf. 2016 / www.map.is.

Innan við túnið fellur Bessastaðaa í fossasyrpu fram úr stórbrotnu gili, Bessastaðaaargili, sem er eitt helsta náttúruundur Fljótsdals og nýtur hverfisverndar ásamt Valþjófsstaðafjalli. Neðan við gilið er Drekkingsrhyllur, þar sem sakakonum var drekkt, en í mynni gilsins og á börmum þess eru ýmis kennileiti og búsetuminjar, sem auka mjög gæði þess til útivistar og náttúruskoðunar (sjá einnig kafla

2.5.6). Í landi Hamborgar og steinsnar innan við ármynnið er einnig ein veglegasta skilarétt landsins, Mela- eða Fljótsdalsrétt, grjóthlaðið mannvirki frá því um aldamótin 1900. Nálægðin við Bessastaði með ríkri skírskotun til sögu fornþýlisins sem kirkju- og þingstaðar, styrkir enn frekar umgjörð svæðisins. Þar er búskapur aflagður, en reisulegt íbúðarhúsið með vöxtulegum skruðgarði er nýtt sem sumardvalarstaður.¹³³ Skammt undan, en í hæfilegri fjarlægð, eru gatnamót Kárahnjúkavegar, þar sem erilsöm verslunar- og þjónustumiðstöð myndi hafa lítil áhrif á friðsælan byggðarkjarna í Hamborgarlandi.

Einnig má benda á, að verulega aukin landgæði gætu falist í endurheimt birkiskógar, sem áður prýddi hlíðina og myndi auka enn frekar kosti svæðisins fyrir byggðarkjarna sveitarinnar. Skipuleg skógrækt á

¹³² Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 153-161; Hjörleifur Guttormsson, 2018, s. 198-202.

¹³³ Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 155-158; Hjörleifur Guttormsson, 2018, s. 198-201.

jörðinni hefur hins vegar ekki verið liður í þeim skógræktarverkefnum og -áætlunum, sem unnið hefur verið að í hreppnum á undanförunum árum.¹³⁴



Horft til norðausturs frá Melarétt yfir land Hamborgar. Gálgaklettur sker sig úr fannbreiðunni í bæjarhjallanum ofan við túnið, svo og gamall trjálundur í sunnanverðum jaðri þess. Fjær sér í hús og trjágróður á Bessastöðum og Eyrarlandi. Ljós.: Páll J. Lindal, 12. mars 2020.

Efnislegir þættir

Þáttur	Mat	
Staðsetning innan sveitarfélags	Svæðið er mitt í þéttbýlasta hluta sveitarinnar.	
Landgerð	Svæðið er flatlent og hentar því vel sem land undir byggðarkjarna. Staðhættir veita nokkurt svigrúm fyrir gerð skipulags og uppbyggingu.	
Rými til vaxtar	Tún sem myndu henta sem byggingarland eru um 4 ha, en mögulega er hægt bæta 1 ha við ef mörk þess eru færð utar. Svæðið hefur því nokkuð skýr mörk sem getur verið takmarkandi. Möguleikar eru sjálfþurftarbúskap innan svæðis en tækifæri til frístundabúskapar eða hrossaræktar virðast ekki jafn augljós.	
Aðgengi	Svæðið er á láglendi og liggur nærri meginstofnæð um sveitarfélagið sem tryggir að greiðfært er árið um kring, þó huga þyrfti að snjósöfnun innan svæðisins.	
Tengsl við nágrannasveitir	Svæðið er tæplega 4 km frá vegamótum við Upphéraðsveg. Staðsetningin hentar því nokkuð vel hvað varðar tengsl og samvinnu við nágrannasveitir og þær vegalengdir sem íbúar þurfa að fara til að sækja sér nauðsynlega þjónustu.	
Þjónusta í nágrenni	Um 600 m eru í beinni loftlínu frá trjálundi á suðurhluta svæðisins að fyrirhuguðu verslunar- og þjónustusvæði við gatnamót Kárahnjúka- og Fljótsdalsvega.	
Sólríkt svæði	Svæðið stendur móti suðri undir aflíðandi brekku og hjalla að norðanverðu. Svæðið stendur því afar vel gagnvart sólu.	
Vindafar	Nafn svæðisins gefur jafnvel til kynna að þar sé skjólgott fyrir illviðrum, en nánari vitneskja er skýrsluhöfundum ekki tiltæk.	?
Gott og fagurt útsýni	Svæðið stendur lágt, svo ekki er víðsýnt þaðan. Uppbyggður þjóðvegur stendur nokkuð nærri og tekur nokkuð til sín þegar horft er yfir dalinn til austurs. Og ef vel er rýnt má sjá háspennulínur/-möstur brjóta sér leið gegnum skógi vaxnar brekkur yfir Víðivallahálsinn.	

¹³⁴ Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014-2030. Greinargerð, s. 21-22.

Náttúruvegur og náttúruvæðing	Steinsnar sunnan við svæðið rennur Bessastaðaá í mjög tilkomu- miklu gjúfri sem eykur mjög fegurð svæðisins. Auk þess skapa kennileiti, klettur, grasi grónar brekkur upp af svæðinu vestan- verðu og lítill trjálundur fjölbreytileika í nærumhverfi. Uppbyggður þjóðvegur rýrir tilfinningatengsl við náttúruna og manngerður árfarvegur nokkuð svæðið m.t.t. til tilfinningar um ósnortna náttúru.	
Umlyking umhverfis	Landið er í dálítilli hvilft, rammað af klettum og brekkum til vesturs og suðvesturs. Svæðið hefur því fallega afmörkun sem gefur því mjög notalega ásýnd.	
Söguleg skírskotun	Svæðið á sér talsverða sögulega skírskotun sem gömul hjáleiga, auk þess sem þar er að finn vitnisburði um hið forna Bessastaða- þing og refsidóma fyrir á tíð. Áhugaverðar búsetuminjar er víða að finna á nærsvæðinu.	
Aðstaða til útivistar og hreyfingar	Svæðið er í námunda við Bessastaðaárgil. Hugmyndir hafa verið uppi um uppbyggingu gönguleiða upp með Bessastaðaárgili, sem mögulega mætti tengja við skógræktarsvæði innan við gilið og Tröllkonustíg, þannig að líkur á góðum gönguleiðum eru talsvert miklar. Þá má koma upp lítilsháttar sjálfspurftarbúskapar innan svæðis, en nálægð við Bessastaði og Eyrarland geta einnig skapað möguleika á frístundabúskap eða hrossarækt.	
Göngutengingar við þjónustu	Vegna nálægðar við þjónustusvæði á mótum Kárahnjúka- og Fljótsdalsvega má telja líkur á góðum göngutengingum við þjónustukjarna vænlegar.	
Náttúruvá	Vegna landhæðar og varnargarða er svæðið varið fyrir vatnsflóð- um og aurframburði Bessastaðaár, sem dæmi eru um að valdið hafi stórfelldum landskemmdum (sjá kafla 2.3.3).	

Sálfélagslegir þættir

Þáttur	Mat	
Öryggi	Öryggisupplifun fólks gæti mögulega mótast af þeirri staðreynd, að byggðarlagið í heild sinni er tiltölulega afskekkt og í talsverðri fjarlægð frá mikilvægri þjónustu, s.s. heilbrigðisþjónustu. Ætti það þá sérstaklega við um samgöngur að vetrarlagi og áreiðanleika fjarskipta.	
Sjálfræði	Svæðið stendur nokkuð nærri þjónustusvæði á mótum Kárahnjúka- og Fljótsdalsvega og því er sá möguleiki fyrir hendi að ferðamenn á svæðinu leiti inn í byggðarkjarnann, sem gæti valdið íbúum ónæði. Það er því mjög mikilvægt að í skipulagi verði komið á umferðarstýringu svo lágmarka megi mögulegar truflanir vegna ferðamanna og tryggja sem best frið og ró.	
Samfélagsupplifun / félagsauður	Staðsetning svæðisins á láglendi miðsvæðis í sveitarfélaginu skapar góðar forsendur fyrir sterkri samfélagsupplifun, sérstaklega ef vandlega er hugað að því með mannvænu skipulagi, hönnun og uppbyggingu. Slíkt myndi ýta undir samfélagsþátttöku og afskipta fólks, sem aftur hefur áhrif á félagsauð.	
Sálfræðileg endurheimt	Nálægð svæðisins við meginæð umferðar innan sveitarfélagsins, þjónustusvæðið á mótum Kárahnjúka- og Fljótsdalsvega og Bessastaðaárgil sem áningarstað ferðamanna skapar áskoranir innan svæðis hvað varðar sálfræðilega endurheimt. Við skipulags-	

	gerð er afar brýnt að horft sé heildstætt á þessi þrjú svæði, svo tryggja megi sem best þær forsendur sem þurfa að vera fyrir hendi varðandi sálfræðilega endurheimt. Sé það gert er svæðið nokkuð vel í sveit sett hvað þennan þátt varðar, enda náttúruvegur og náttúrufyrirbæri í háum gæðaflokki.	
Athafnir utandyra	Svæðið ýtir undir alla þrjá flokka athafna utandyra. Mjög góð tækifæri eru til valfrjálsra og félagslegra athafna á svæðinu, sem aftur ýta undir samfélagsupplifun og félagsauð.	

Samantekt:

Styrkleikar Hamborgar

Styrkleikar Hamborgar liggja í staðsetningu svæðisins í miðju sveitarinnar sé horft til mönduls og þéttbýlasta hluta hennar og greiðfærrar aðkomu. Svæðið stendur nærri fyrirhuguðu verslunar- og þjónustusvæði við vegamót Kárahnjúka- og Fljótsdalsvega, svo að aðgengi að þjónustu á nærsvæði verður gott. Staðsetningin veitir mjög góð tækifæri til útivistar og hreyfingar, ef horft er til hugmynda um uppbyggingu hringgönguleiðar um Bessastaðaárgil, Tröllkonustíg, Valþjófsstað - Végarð og Skriðuklaustur - Skriðu. Munu allir þessir þættir ýta undir samfélagsupplifun íbúa, einkum ef gætt er vel að skipulagi og uppbyggingu byggðarkjarnans, sem og tengsla við verslunar- og þjónustusvæðið og Bessastaðaárgil.

Veikleikar Hamborgar

Helsti veikleiki svæðisins er mögulegt rými til vaxtar, en svæðinu eru sett skýr mörk af landslagi, bæjarstæði Bessastaða og þjóðvegi. Þá er möguleiki, að staðsetning byggðarkjarna svo nálægt fyrirhuguðu verslunar- og þjónustusvæði með mögulegri gönguleið frá svæðinu að Bessastaðaárgili, ásamt nálægð við þjóðveg, muni rýra möguleika til sálfræðilegrar endurheimtar og þess að njóta friðsældar. Það er því mikilvægt, að skipulag og uppbygging taki mjög sterklega mið af því að gera þessum þáttum hátt undir höfði.

Niðurstaða:

Með hliðsjón af mati og samantekt er það niðurstaða TGJ, að svæðið komi til greina sem einn þriggja mögulegra valkosta fyrir byggðarkjarna í Fljótsdal.

4.3.7 Skriðuklaustur - Skriða


Eins og fyrr er nefnt eru skv. aðal- og deiliskipulagi afmarkaðar tvær íbúðarhúsaloðir á hjallanum innan við húsið Skriðu og neðan þjóðvegur. Fast innan við þær er enn fremur afmarkað sérstakt minjasvæði, sem geymir elsta gróðurtilraunareit Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Þar suður af eru



ræktuð tún í framræstri mýri og aflíðandi halla, svo að ætla má að þar sé talsverð jarðvegsdýpt og ef til vill fremur óhagstætt byggingarland. Á hinn bóginn hefur þetta svæði ýmsa ótvíræða kosti, sem m.a. felast góðu útsýni út og inn yfir Klausturnesið og dalsléttuna, skógi klæddar hlíðar Suðurbyggðar, Múlann og mynni Suður- og Norðurdals.

Svæðið er á hjallanum innan við íbúðarhúsið Skriðu og tvær afmarkaðar byggingarlóðir skv. deiliskipulagi. Ljós.: Loftmyndir ehf. 2016 / www.map.is.

Íbúða- og byggðarkjarni á þessu svæði hefði sömuleiðis góðan stuðning af merkri sögu staðarins, nálægð við minjasvæðið og starfsemi Gunnarsstofnunar og Snæfellsstofu, sem jafnframt hefðu styrk af föstum íbúðakjarna í nánum tengslum við sinn rekstur. Hins vegar liggur ekki fyrir hættumat vegna skriðufalla úr Klausturhæðinni, sem m.a. hafa orðið á þessum slóðum árin 1950, 2014 og 2015 (sjá kafla 2.3.3).



Hluti Deiliskipulags fyrir frístunda- og menningarsvæði i landi Skriðuklausturs frá 2008. Landmótun sf.

Efnislegir þættir

Þáttur	Mat	
Staðsetning innan sveitarfélags	Svæðið er innarlega í þéttbýlasta hluta sveitarinnar, ríflega 6 km frá vegamótum Upphéraðs- og Fljótsdalsvega. Svæðið stendur fast við meginás umferðar.	
Landgerð	Svæðið er flatlent og hentar því vel sem land undir byggðarkjarna. Staðhættir setja gerð skipulags og uppbyggingu þröngar skorður.	

Rými til vaxtar	Tún sem myndu henta sem byggingarland eru um 7 ha. Svæðið hefur mjög skýran ramma, annars vegar uppbyggðan þjóðveg að ofanverðu og klettabrúnir að neðanverðu. Möguleikar eru á aðstöðu til sjálfþurftarbúskapar innan svæðis, en tækifæri til frístundabúskapar eða hrossaræktar eru ekki fyrir hendi innan svæðis. Þá er rétt að nefna, að helgunarsvæði þjóðvegur mun draga úr stærð byggingarlands.	
Aðgengi	Svæðið er á láglendi og liggur meðfram meginstofnæð um sveitarfélagið, sem tryggir að greiðfært er árið um kring.	
Tengsl við nágrannasveitir	Svæðið er ríflega 6 km frá vegamótum Upphéraðs- og Fljótsdalsvega. Staðsetningin er því nokkuð úr leið og skapar auknar áskoranir varðandi tengsl og samvinnu við nágrannabyggðarlög og þær vegalengdir sem íbúar þurfa að fara til að sækja sér nauðsynlega þjónustu.	
Þjónusta í nágrenni	Svæðið er í um 1,5 km fjarlægð frá Végarði, þar sem ráðhús, félagsheimili og ferðamannasvæði er að finna. Tæplega 3 km eru að fyrirhuguðu verslunar- og þjónustusvæði við vegamót Kárahnjúka- og Fljótsdalsvega. Þá er matsölustaður rekinn á Skriðuklaustri og Snæfellsstof er steinsnar frá.	
Sólríkt svæði	Valþjófsstaðafjall skyggir á, þegar sól skín úr vesturátt, þannig að kvöldsólar nýtur ekki á svæðinu.	
Vindafar	Að jafnaði er skjólsælt undir Klausturhæðinni að því er best er vitað, en svæðið nýtur þó ekki skjóls af trjágróðri.	?
Gott og fagurt útsýni	Svæðið stendur lágt, en er uppi á lítilli syllu, sem eykur umtalsvert á viðsýni yfir láglendið niður undan og austur yfir dalinn. Ef vel er rýnt má sjá háspennulínur/-möstur brjóta sér leið gegnum skógi klæddar brekkur yfir Víðivallahálsinn.	
Náttúrufegurð og náttúrufyrirbæri	Klettabelti og grasi grónar hlíðar Valþjófsstaðafjalls skapa allfjölbreytt nærumhverfi. Auk þess skapa kennileiti og klettur fjölbreytileika í nærumhverfi. Uppbyggður þjóðvegur að ofanverðu og háspennulínur/-möstur handan dalsins taka mikið til sín og rýra tilfinningatengsl við náttúruna og tilfinningu um ósnortna náttúru.	
Umlyking umhverfis	Landið er fyrst og fremst rammað af uppbyggðum þjóðvegi að ofanverðu. Klettabrík að neðanverðu gefur tilfinningu um afmörkun, en um leið opnar umhverfið frekar en að ramma það inn.	
Söguleg skírskotun	Svæðið hefur ríkulega skírskotun til hinnar merku sögu staðarins, sem er hvað áþreifanlegust í Gunnarshúsi og klausturrústunum skammt undan.	
Aðstaða til útivistar og hreyfingar	Svæðið er í tæplega 2 km fjarlægð frá Bessastaðaárgili. Hugmyndir hafa verið uppi um uppbyggingu gönguleiða frá Skriðuklaustri upp með gilinu, sem mögulega mætti tengja við skógræktarsvæði austan gilsins og Tröllkonustíg í Valþjófsstaðafjalli og aftur út að Skriðuklaustri. Þannig eru líkur á góðum gönguleiðum talsvert miklar. Þá má koma upp lítilsháttar sjálfþurftarbúskapar innan svæðis, en nálægð við nýbýlið á búnaðarluta jarðarinnar nærri Bessastaðaá getur einnig skapað möguleika á frístundabúskap eða hrossarækt.	

Göngutengingar við þjónustu	Svæðið er í um 1,5 km fjarlægð frá Végarði, þangað sem sækja má ákveðna þjónustu. Tæplega 3 km eru að fyrirhuguðu verslunar- og þjónustusvæði við vegamót Kárahnjúka- og Fljótsdalsvega. Má telja líklegt að góð gönguleið verði mörkuð milli verslunar- og þjónustusvæðisins og Bessastaðaárgils þegar fram í sækir.	
Náttúruvá	Aur- og krapaflóð hafa fallið úr Klausturhæðinni, síðast 2015. Þau hafa valdið litlum skaða hingað til og ekki aftrað fólki frá búsetu á Skriðu í aldaraðir, en þörf er á vísindalegu hættumati þessa vegna.	?

Sálfélagslegir þættir

Þáttur	Mat	
Öryggi	Öryggisupplifun fólks mun fyrst og fremst ráðast af mati á líkum þess, að aurskriður falli úr Klausturhæðinni og valdi tjóni. Þar sem svæðið er afskekkt frá mikilvægri þjónustu, s.s. heilbrigðisþjónustu, gæti slíkt haft áhrif á öryggisupplifun fólks, einkum m.t.t. samgangna að vetrarlagi og fjarskipta. Þá gæti öryggisupplifun fólks tekið mið af möguleikum á umferðaróhappi, þar sem þjóðvegur ofan svæðisins stendur nokkuð hátt.	
Sjálfraði	Svæðið er tiltölulega einangrað frá þjónustusvæðum, þó svo að það sé landfræðilega samofið Skriðuklaustri, sem margir ferðamenn sækja heim, og í námunda við Snæfellsstofu. Sá möguleiki er vissulega fyrir hendi að ferðamenn á svæðinu leiti í einhverjum mæli inn í byggðarkjarnann, sem gæti valdið íbúum ónæði. Það er því mikilvægt að í skipulagi verði hugað að þáttum eins og umferðarstýringu svo að lágmarka megi mögulegar truflanir vegna ferðamanna og tryggja sem best frið og ró.	
Samfélagsupplifun / félagsauður	Staðsetning svæðisins á láglendi, miðsvæðis í sveitarfélaginu, skapar góðar forsendur fyrir sterkri samfélagsupplifun. Staðsetningin í námunda við sögustað, menningarsetur og miðstöð Vatnajökulspjóðgarðar skapar mikilvæga tengingu við svæðið og samfélag sveitarinnar. Líklegt er, að þessi fjölþætta tenging, sem svæðið hefur við samfélagið, ýti undir samfélagsþátttöku og afskipti fólks, sem aftur hefur áhrif á félagsauð.	
Sálfræðileg endurheimt	Nálægð svæðisins við meginæð umferðar innan sveitarfélagsins skapar verulegar áskoranir fyrir byggðarkjarnann hvað þennan þátt varðar. Sömuleiðis felast mögulega áskoranir vegna nálægðar við áningarstað ferðamanna á Skriðuklaustri. Á móti veita fjölþætta tengingar við sögu, menningu og miðstöð Vatnajökulspjóðgarðar undir sálfræðilega endurheimtandi upplifun. Við skipulagsgerð er afar brýnt að horft sé heildstætt á þessa þætti, svo að tryggja megi sem best þær forsendur, sem þurfa að vera fyrir hendi varðandi sálfræðilega endurheimt.	
Athafnir utandyra	Með vandaðri hönnun gæti svæðið ýtt undir alla þrjá flokka athafna utandyra.	

Samantekt:

Styrkleikar Skriðuklausturs – Skriðu

Styrkleikar Skriðuklausturs – Skriðu liggja í ríflegu byggingarlandi, sem veitir byggðarkjarna tækifæri til vaxtar og greiðfærrar aðkomu. Þá er þjónusta í Végarði innan seilingar og á fyrirhuguðu verslunar- og þjónustsvæði við vegamót Kárahnjúka- og Fljótsdalsvega nokkuð nærri. Staðsetningin veitir mjög góð tækifæri til útivistar og hreyfingar, ef horft er til hugmynda um uppbyggingu hringgönguleiðar um Bessastaðaárgil, Tröllkonustíg, Valþjófsstað - Végarð og Skriðuklaustur - Skriðu. Staðsetning svæðisins á láglendi nærri meginás umferðar, nærri sögustað og gestastofu Vatnajökulsþjóðs sem draga að sér umferð fólks, mun ýta undir samfélagsupplifun íbúa, einkum ef gætt er vel að skipulagi og uppbyggingu byggðarkjarnans, og tengsla hans við fyrrnefnda ferðamannastaði.

Veikleikar Skriðuklausturs – Skriðu

Helsti veikleiki svæðisins er þjóðvegurinn, sem liggur hátt í landi ofan við svæðið. Vegurinn setur svæðinu skýr mörk og ramma án þess að leggja með aðlaðandi hætti til rýmismyndunar innan svæðisins. Svæðið er langt og fremur mjótt, og setur það skipulagi og uppbyggingu skorður sem og mögulegt rými til vaxtar, en svæðinu eru sett skýr mörk bæði af landslagi, þjóðvegi, íbúðarhúsinu Skriðu, Gunnarshúsi og nærliggjandi minjasvæði. Þá er möguleiki, að staðsetning byggðarkjarna svo nálægt eftirsóknarverðum ferðamannasvæðum sem Skriðuklaustur og Snæfellsstofa eru, auk nálægðar við þjóðveg, muni rýra möguleika til sálfræðilegrar endurheimtar og þess að njóta friðsældar. Það er því mikilvægt, að skipulag og uppbygging taki mjög sterklega mið af því að gera þessum þáttum hátt undir höfði.

Niðurstaða:

Með hliðsjón af mati og samantekt er það niðurstaða TGJ að svæðið komi ekki til greina sem einn þriggja mögulegra valkosta fyrir byggðarkjarna í Fljótsdal.


4.3.8 Végarður – Valþjófsstaður I

Végarður er einn þeirra staða, sem Samfélagsþing 2019 tilgreindi sem álitlegan kost fyrir íbúðabyggð í hreppnum. Í skýrslu þingsins er henni fyrirhugaður staður „utan við Végarð“, ¹³⁵ sem telja verður mis-



ritun, því að á því takmarkaða svæði er ekkert rými fyrir íbúðabyggð. Fleira vekur athygli í þessu vali, því að með sérstöku deiliskipulagi frá árinu 2008 var þar skipulögð 4,1 ha spilda umhverfis Végarð fyrir gistihús, tjald- og hjólhýsasvæði ¹³⁶ og í framhaldi af því opnað þar gistihúsið Fljótsdalsgrund árið 2010 (sjá kafla 2.4.5).

Horft yfir svæðið milli Valþjófsstaðar I (prestsetursins) og ferðaþjónustusvæðisins við Végarð. Ljósm.: Loftmyndir efh. 2016 / www.map.is.



Á túninu utan við bæinn Valþjófsstaði I, sem til skamms tíma var prestsetur sóknarinnar, er hins vegar álitlegt svæði fyrir byggðarkjarna. Mat á kostum þess og veikleikum er dregið saman í töflu hér að neðan.

Deiliskipulag svæðisins við Végarð skv. Deiliskipulagi fyrir frístunda- og menningarsvæði i landi Skriðuklausturs frá 2008. Landmótun sf.

Efnislegir þættir

Þáttur	Mat	
Staðsetning innan sveitarfélags	Með tilliti til gefins megináss byggðarinnar markar svæðið syðri mörk hans og er því nokkuð úrleiðis innan sveitar. Fjarlægð svæðis er ríflega 8 km frá vegamótum Upphéraðs- og Fljótsdalsvega.	
Landgerð	Svæðið er flatlent tún og hentar því vel sem land undir byggðarkjarna. Staðhættir gefa mikla möguleika við gerð skipulags og uppbyggingu.	

¹³⁵ Fögur framtíð í Fljótsdal, s. 30.

¹³⁶ Aðalskipulag 2014-2030. Greinargerð, s. 24.

Rými til vaxtar	Heimatún eru samkvæmt loftmynd tæpir 7 ha. Svæðið gefur því góða möguleika og vaxtarmöguleikar eru góðir innan gefins ramma, sem er skýr. Möguleikar eru á sjálfburftarbúskap á svæðinu, en aðstaða til frístundabúskapar eða hrossaræktar þyrfti að vera utan svæðisins s.s. í landi Valþjófsstaða II.	
Aðgengi	Svæðið er á láglendi og nálægð við Fljótsdalsstöð tryggir að greiðfært er um stofnæð sveitarinnar árið um kring, þó huga þyrfti að snjósöfnun innan svæðisins	
Tengsl við nágrannasveitir	Svæðið er nokkuð úr leið, en ríflega 8 km eru að vegamótum Upphéraðs- og Fljótsdalsvega. Það skapar því auknar áskoranir varðandi tengsl og samvinnu við nágrannasveitir og eykur þá vegalengd, sem íbúar þurfa að fara til að sækja sér nauðsynlega þjónustu.	
Þjónusta í nágrenni	Í Végarði er stjórnsýsla sveitarfélagsins til húsa og þjónusta við ferðamenn. Ekki er þess að vænta að mikil þjónusta byggist upp í Végarði. Þá felur tilvist Valþjófsstaðakirkju í sér ákveðna mögulega á þjónustu, en kirkjan er steinsnar innan við svæðið.	
Sólríkt svæði	Valþjófsstaðafjall skyggir á, þegar sól skín úr vesturátt, þannig að kvöldsólar nýtur ekki á svæðinu.	
Vindafar	Svæðið er skjólríkt að því er best er vitað.	?
Gott og fagurt útsýni	Svæðið stendur lágt, svo að ekki er víðsýnt af því. Sé horft suður Norðurdal má sjá topp Snæfells.	
Náttúrufegurð og náttúrufyrirbæri	Klettabelti og grasi grónar hlíðar Valþjófsstaðafjalls skapa allfjölbreytt landslag í næsta nágrenni. Þá rennur Jökulsáin í námunda við svæðið. Háspennulínur/-möstur og manngerður árfarvegur rýra nokkuð svæðið m.t.t. til tilfinningar um ósnortna náttúru.	
Umlyking umhverfis	Valþjófsstaðafjall og Norðurdalur mynda þetta og góðan ramma utan um svæðið.	
Söguleg skírskotun	Engin jörð í Fljótsdal hefur jafn víðtæka sögulega skírskotun og fornþýlið Valþjófsstaður.	
Aðstaða til útivistar og hreyfingar	Svæðið er samofið Végarði þar sem er hótél og tjaldsvæði. Hugmyndir hafa verið uppi um frekari uppbyggingu Tröllkonustígs og tengingu við Bessastaðárgil, þannig að líkur á góðum göngu-leiðum eru talsvert miklar. Nálægð við Jökulsá veitir mikla möguleika og hjálpa flatlend tún og áreyrar mikið til við að skapa góðar gönguleiðir. Mögulegt væri að koma upp sjálfsþurftarbúskap innan svæðis, en horfa þyrfti út fyrir svæðið varðandi frístundabúskap eða hrossarækt.	
Göngutengingar við þjónustu	Vegna mikillar nálægðar við Végarð má telja víst, að góðum göngutengingum við þjónustukjarna verði komið á. Í Végarði er stjórnsýsla sveitarfélagsins til húsa og þjónusta við ferðamenn.	
Náttúruvá	Aur- og krapaflóð hafa fallið úr Valþjófsstaðafjalli, síðast 1998. Þau hafa valdið litlum skaða hingað til, að því er best er vitað, enda hefur byggð staðið á Valþjófsstað um aldir. Hins vegar er þörf á vísindalegu hættumati þessa vegna, ef kemur til ákvörðunar um uppbyggingu íbúðakjarna á svæðinu.	

Sálfélagslegir þættir

Þáttur	Mat	
Öryggi	Öryggisupplifun fólks mun fyrst og fremst ráðast af mati fólks á líkum þess að aurskriður falli úr Valþjófsstaðafjalli og valdi tjóni. Þar sem svæðið er afskekkt frá mikilvægri þjónustu, s.s. heilbrigðisþjónustu, gæti slíkt haft áhrif á öryggisupplifun fólks, einkum m.t.t. samgangna að vetrarlagi og fjarskipta.	
Sjálfraði	Vegna nálægðar við ferðamannasvæðið í Végarði geta falist ákveðnar áskoranir varðandi frið og ró, þegar þess er óskað. Það þarf því að huga vel að þeim þætti og virkri umferðarstýringu ferðamanna um byggðakjarnann, þegar að skipulagningu og uppbyggingu svæðisins kemur.	
Samfélagsupplifun / félagsauður	Mikilvægi Valþjófsstaðar sem helstu miðstöðvar sveitarfélagsins að fornu og nýju er ótvírætt. Náin landfræðileg tengsl við ráðhús og félagsheimili sveitarfélagsins, sem og helsta ferðaþjónustusvæði þess, auka vægi svæðisins enn frekar. Staðsetning og umgjörð svæðisins skapar því góðar forsendur fyrir sterkri samfélagsupplifun, ýtir undir samfélagsþátttöku og afskipti fólks, sem aftur hefur áhrif á félagsauð. Þá má nefna að staðurinn er kirkjustaður og getur sem menningarleg arfleið verið sameiningartákn fyrir byggðina óháð trúarskoðunum íbúa.	
Sálfræðileg endurheimt	Staðsetning svæðisins svo innarlega í Fljótssdal veitir gott svigrúm til að stíga út úr ysi og þysi hversdagsins og skapar þannig möguleika til þess að sálfræðileg endurheimt geti átt sér stað. Nálægð við ferðamannasvæðið í Végarði kann að hafa neikvæð áhrif á friðsæld og ró innan svæðisins, en náttúrufegurð og náttúruþyrif bæri af góðum gæðum vega upp á móti og ýta undir ferli endurheimtar. Þá hjálpar saga svæðisins fólki að dýpka tengsl sín við staðinn, sem einnig ýtir undir sálfræðilega endurheimt.	
Athafnir utandyra	Svæðið ýtir undir alla þrjá flokka athafna utandyra. Mjög góð tækifæri eru til valfrjálsra og félagslegra athafna á svæðinu, sem aftur ýta undir samfélagsupplifun og félagsauð.	

Samantekt:

Styrkleikar Végarðs – Valþjófsstaðar I

Styrkleikar Végarðs – Valþjófsstaðar I liggja í staðsetningu svæðis á ríflegu og flatlendu byggingarlandi, sem veitir byggðarkjarna tækifæri til vaxtar og greiðfærrar aðkomu. Þá er svæðið samofið Végarði, þar sem er að finna stjórnsýslu, félagsheimili og ferðaþjónustusvæði, auk þess sem kirkjan á Valþjófsstað II skapar ákveðin tækifæri. Staðsetningin veitir mjög góð tækifæri til útivistar og hreyfingar, ef horft er til hugmynda um uppbyggingu hringgönguleiðar um Bessastaðárgil, Tröllkonustíg, Valþjófsstað - Végarð og Skriðuklaustur - Skriðu. Þá eru umgjörð og nærumhverfi svæðisins afar aðlaðandi og gefa sterka tilfinningu um náttúruupplifun, friðsæld og ró. Saga og menning svæðisins, ásamt tengingu við mikilvæga þjónustu í næsta nágrenni, mun að líkindum ýta undir samfélagsupplifun íbúa, einkum ef gætt er vel að skipulagi og uppbyggingu byggðarkjarnans og tengsla hans við fyrrnefnt ferðaþjónustusvæði.

Veikleikar Végarðs – Valþjófsstaðar I

Helstu veikleikar svæðisins eru annars vegar staðsetning svæðisins innan sveitar og fjarlægð frá nágrannasveitum, sem kann að skapa áskoranir varðandi tengsl og samvinnu. Hins vegar felst veikleiki í náttúruvá á svæðinu, en aur- og krapaflóð hafa fallið úr Valþjófsstaðafjalli. Mjög brýnt er að kortleggja náttúruvá og gera hættumat fyrir svæðið hvað þennan þátt varðar, enda getur hann ógnað verulega öryggistilfinningu íbúa, en slíkt gæti ráðið úrslitum um, hvort byggðarkjarninn næði fótfestu til framtíðar. Þá getur nálægð við ferðamannasvæðið í Végarði einnig rýrt möguleika íbúa til að stjórna aðstæðum sínum, upplifa sálfræðilega endurheimt og njóta friðsældar. Það er því mikilvægt að skipulag og uppbygging taki mjög sterklega mið af því að gera þessum þáttum hátt undir höfði. Kvöldsólar nýtur ekki á svæðinu, sem skoðast verður sem veikleiki fyrir svæðið.

Niðurstaða:

Með hliðsjón af mati og samantekt er það niðurstaða TGJ að svæðið komi ekki til greina sem einn þriggja mögulegra valkosta fyrir byggðarkjarna í Fljótsdal. Að því sögðu er það mat TGJ, að innri hluti túnanna gæti vel komið til greina sem svæði undir byggðarkjarna, sem staðsettur væri á mörkum Valþjófsstaðar I og II.

4.3.9 Valþjófsstaður II

Valþjófsstaður var kirkjustaður og aðsetur helstu valdaættar Austurlands á 12. og 13. öld. Bæjarstaðið var uppi við fjallið, skammt utan við núverandi íbúðarhús, og frá um 1200 stóð þar mikil skála-bygging úr rauðviði um 6 alda skeið. Andspænis bæjarhúsum stóðu kirkjur staðarins í aldaraðir, lengst vegleg stafkirkja frá um 1200 til 1743, en síðast fremur fátækleg timburkirkja, sem rifin var 1888, er ný timburkirkja og forveri núverandi kirkju var byggð á sléttri grund um 200 m austan við bæinn. Gamli kirkjugarðurinn var aflagður um 1906 og sléttaður svo rækilega, að naumast sjást þar lengur



önnur ummerki hans og kirkjustæðis en eitt eða tvö minningarmörk.¹³⁷ Vorið 2019 var gerð jarðsjárkönnun á staðnum til að leiða í ljós afmörk-un garðsins og hins forna kirkju-stæðis.¹³⁸

Yfirlitsmynd af Valþjófsstað, tekin úr fjallinu ofan við Végarð. Fyrir miðri mynd er Valþjófsstaður I (prestsetur til 2014), en Valþjófsstaður II fjær. Í baksýn gnæfir Múli, sem aðgreinir Suðurdal og Norðurdal. Ljósm.: Helgi Hallgrímsson / Fljóts-dæla, s. 97.

¹³⁷ Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 97-116; Hjörleifur Guttormsson, 2018, s. 81-84.

¹³⁸ Hjörleifur Guttormsson, 2019.



Möguleg staðsetning byggðarkjarna á Valþjófsstað II væri undir fjallsrótum, annaðhvort innan við íbúðarhúsið eða utan við gamla bæjarstæðið og kirkjugarðinn. Loftmyndir ehf. 2016 / www.map.is.

Tvíbýli var á Valþjófsstað frá 1926. Þá var byggt glæsilegt timburhús (rifið 1992) á gamla bæjarstæðinu og nýtt steinhús skammt frá 1959 eftir stofnun nýbýlis (Valþjófsstaður II) áratug fyrr. Prestsetrið var í gamla húsinu til ársins 1944, er nýr prestsbústaður (Valþjófsstaður I) var byggður nokkru utar, þar sem löngu áður stóð hjáleigan Miðbær.

Valþjófsstaður var aflagður sem prestsetur 2014.¹³⁹ Saga staðarins, sóknarkirkjan og stórbrotið umhverfi með hið tignarlega Valþjófsstaðafjall að bakhjarli, leggst því á eina sveif og styður mjög að uppbyggingu íbúða- og byggðarkjarna á Valþjófsstað II.



Horft af þjóðvegi heim að Valþjófsstað II og Valþjófsstaðakirkju. Ljós.: Páll J. Línal, 12. mars 2020.

Efnislegir þættir

Þáttur	Mat	
Staðsetning innan sveitarfélags	Með tilliti til gefins mönduls byggðarinnar markar svæðið syðri mörk hans og er því nokkuð úrleiðis innan sveitar. Fjarlægð svæðis er um 8,5 km frá vegamótum Upphéraðs- og Fljótsdalsvega.	
Landgerð	Svæðið er flatlent og hentar því vel sem land undir byggðarkjarna. Staðhættir gefa mikla möguleika við gerð skipulags og uppbyggingu.	
Rými til vaxtar	Heimatún eru samkvæmt loftmynd yfir 10 ha. Svæðið gefur því ríflega möguleika á þróun til framtíðar, bæði hvað varðar sjálfsþurftarþúskap og hrossarækt.	
Aðgengi	Svæðið er á láglendi og nálægð við Fljótsdalsstöð tryggir að greiðfært er um stofnæð sveitarinnar árið um kring, þó huga þyrfti að snjóstöfnun innan svæðisins	
Tengsl við nágrannasveitir	Svæðið er nokkuð úr leið, en 8,5 km eru að vegamótum við Upphéraðs- og Fljótsdalsvega. Það skapar því auknar áskoranir varðandi tengsl og samvinnu við nágrannasveitir og eykur þær vegalengdir, sem íbúar þurfa að fara til að sækja sér nauðsynlega þjónustu.	

¹³⁹ Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 97-98.

Þjónusta í nágrenni	Í Végarði er stjórnsýsla sveitarfélagsins til húsa og þjónusta við ferðamenn. Ekki er þess að vænta að mikil þjónusta byggist upp í Végarði umfram þá sem lýtur að ferðaþjónustu. Þá felur tilvist Valþjófsstaðakirkju í sér ákveðna mögulega á þjónustu en kirkjan er steinsnar innan við svæðið.	
Sólríkt svæði	Valþjófsstaðafjall skyggir á, þegar sól skín úr vesturátt, þannig að kvöldsólar nýtur ekki á svæðinu.	
Vindafar	Svæðið er skjólríkt að því er best er vitað.	?
Gott og fagurt útsýni	Svæðið stendur lágt, svo að ekki er víðsýnt af því. Sé horft suður Norðurdal má sjá topp Snæfells.	
Náttúrufegurð og náttúrufyrirbæri	Klettabelti og grasi grónar hlíðar Valþjófsstaðafjalls skapa allfjöl-breytt landslag í næsta nágrenni. Þá rennur Jökulsáin í námunda við svæðið. Háspennulínur/-möstur og manngerður árfarvegur rýra nokkuð svæðið m.t.t. til tilfinningar um ósnortna náttúru.	
Umlyking umhverfis	Valþjófsstaðafjall og Norðurdalur mynda þéttan og góðan ramma utan um svæðið.	
Söguleg skírskotun	Engin jörð í Fljótsdal hefur jafn víðtæka sögulega skírskotun og fornbýlið Valþjófsstaður.	
Aðstaða til útivistar og hreyfingar	Svæðið er í námunda við Végarð þar sem er hótél og tjaldsvæði. Hugmyndir hafa verið uppi um frekari uppbyggingu Tröllkonustígs og tengingu við Bessastaðaárgil, þannig að líkur á góðum göngu-leiðum eru talsvert miklar. Nálægð við Jökulsá veitir mikla mögu-leika og hjálpa flatlend tún og áreyrar mikið til við að skapa góðar gönguleiðir. Þá eru góðar aðstæður til frístunda- og/eða sjálfs-þurftarbúskapar innan svæðis eða í námunda við það.	
Göngutengingar við þjónustu	Vegna nálægðar við Végarð má telja líkur á góðum göngutenging-um við þjónustukjarna þar mjög miklar. Í Végarði er stjórnsýsla sveitarfélagsins til húsa og þjónusta við ferðamenn.	
Náttúruvá	Aur- og krapaflóð hafa fallið úr Valþjófsstaðafjalli, síðast 1998. Þau hafa valdið litlum skaða hingað til að því er best er vitað, enda hefur byggð staðið á Valþjófsstað um aldir. Hins vegar er þörf á vísindalegu hættumati þessa vegna, ef kemur til ákvörðunar um uppbyggingu íbúðakjarna á svæðinu.	?

Sálfélagslegir þættir

Öryggi	Öryggisupplifun fólks mun fyrst og fremst ráðast af mati fólks á líkum þess að aurskriður falli úr Valþjófsstaðafjalli og valdi tjóni. Þar sem svæðið er afskekkt frá mikilvægri þjónustu, s.s. heil-brigðisþjónustu, gæti slíkt haft áhrif á öryggisupplifun fólks, eink-um m.t.t. samgangna að vetrarlagi og fjarskipta.	
Sjálfræði	Svæðið er vel í sveit sett hvað varðar tækifæri til að upplifa frið og ró, þegar þess er óskað. Ferðamannasvæðið í Végarði er í um 1 km fjarlægð frá Valþjófsstaðakirkju og með vandaðri hönnun má koma á virkri umferðarstýringu ferðamanna um byggðarkjarnann.	
Samfélagsupplifun / félagsauður	Mikilvægi Valþjófsstaðar sem eins af meginpunktum sveitar-félagsins er ótvíræður. Náin landfræðileg tengsl við ráðhús og félagsheimili sveitarfélagsins, sem og helsta ferðaþjónustusvæði, auka vægi svæðisins enn frekar. Staðsetning og umgjörð svæðisins skapar því góðar forsendur fyrir sterkri samfélagsupplifun, ýtir undir samfélagsþátttöku og afskipti fólks, sem aftur hefur áhrif á	

	félagsauð. Þá má nefna að staðurinn er kirkjustaður og getur sem menningarleg arfleidd verið sameiningartákn fyrir byggðina óháð trúarskoðunum íbúa.	
Sálfræðileg endurheimt	Staðsetning svæðisins veitir mjög gott svigrúm til að stíga út úr ysi og þysi hversdagsins og skapa þannig möguleika til að sálfræðileg endurheimt geti átt sér stað. Kyrrð og ró er mikil og náttúrufegurð og náttúrufyrirbæri af góðum gæðum ýta undir ferli endurheimtar, sem og saga svæðisins, sem hjálpar fólki til að dýpka tengsl sín við staðinn.	
Athafnir utandyra	Svæðið ýtir undir alla þrjá flokka athafna utandyra. Mjög góð tækifæri eru til valfrjálsra og félagslegra athafna á svæðinu, sem aftur ýta undir samfélagsupplifun og félagsauð.	

Samantekt:

Styrkleikar Valþjófsstaðar II

Styrkleikar Valþjófsstaðar II liggja í staðsetningu svæðis á mjög ríflegu og flatlendu byggingarlandi, sem veitir byggðarkjarna tækifæri til vaxtar og greiðfærrar aðkomu. Svæðið er í nágrenni við Végarð, þar sem er að finna stjórnýslu, félagsheimili og ferðapjónustusvæði, auk þess sem sóknarkirkjan skapar ákveðin tækifæri. Staðsetningin veitir mjög góð tækifæri til útivistar og hreyfingar, ef horft er til hugmynda um uppbyggingu hringgönguleiðar um Bessastaðaárgil, Tröllkonustíg, Valþjófsstað - Végarð og Skriðuklaustur - Skriðu. Þá eru umgjörð og nærumhverfi svæðisins afar aðlaðandi og gefa sterka tilfinningu um náttúruupplifun, friðsæld og ró. Saga og menning svæðisins ásamt tengingu við mikilvæga þjónustu í næsta nágrenni mun að líkindum ýta undir samfélagsupplifun íbúa, einkum ef gætt er vel að skipulagi og uppbyggingu byggðarkjarnans, og tengsla hans við fyrrnefnda ferðapjónustusvæði.

Veikleikar Valþjófsstaðar II

Helsti veikleiki svæðisins er náttúruvá á svæðinu, en aur- og krapaflóð hafa fallið úr Valþjófsstaðafjalli. Mjög brýnt er að kortleggja náttúruvá og gera hættumat fyrir svæðið varðandi þennan þátt, enda getur hann ógnað verulega öryggistilfinningu íbúa, en slíkt gæti ráðið úrslitum um hvort byggðarkjarninn nær fótfestu til framtíðar. Þá er hugsanlegt að nálægð við ferðamannasvæði í Végarði hafi neikvæð áhrif á sjálfræði, endurheimt og þess að njóta kyrrðar, en með vönduðu skipulagi og uppbyggingu má draga verulega úr þeirri áskorun. Kvöldsólar nýtur ekki á svæðinu, en hér er litið á slíkt sem veikleika fyrir svæðið.

Niðurstaða:

Með hliðsjón af mati og samantekt er það niðurstaða TGJ, að svæðið komi til greina sem einn þriggja mögulegra valkosta fyrir byggðarkjarna í Fljótsdal.

4.3.10 Vallholt

Síðasta svæðið, sem hér verður tekið til skoðunar, er svonefndur *Skógarbali* í landi Vallholts. Hann var meðal þeirra staða, sem Samfélagsþing 2019 taldi ákjósanlega fyrir íbúða- og byggðakjarna í hreppnum. Jörðin Vallholt er ysta býlið í Fljótsdal að austanverðu og nýbýli í landi Hrafnkelsstaða, sem



stofnað var 1946, en fór í eyði 1991 eftir riðuskurð árið áður. Bærinn stendur á hólkoli, skammt fyrir innan fornbýlið Hrólfsstaði (Hrólfsgerði), sem getið er um í Hrafnkels sögu Freysgoða.¹⁴⁰

Horft úr suðri yfir Skógarbala í jaðri Ranaskógar. Ljós.: Loftmyndir ehf. / www.map.is.

Skógarbalinn er slétt og ræktuð túnflöt ofan þjóðvegur (um 4,5 ha að stærð), milli tveggja lækjarfarvega í norðurjaðri Ranaskógar, sem er forn birkiskógur. Hann er

sá þriðji stærsti í Fljótsdal (um 110 ha) með óvenju hávöxnum trjám, enda talinn með fegurstu birkiskógum landsins og er á opinberri Náttúruminjasrá á samt Gilsárgili og Gilsárdal (sjá kafla 2.5.6). Gilsáin, með ægifögru og djúpu gljúfri, og rennur á austurmörkum hreppsins og skógarins, en um hann og fram með gilinu er góð gönguleið. Skógarbalinn er nytjaður til heyskapar, en í skógarjaðrinum eru tvö sumarhús (húsvagnar) og bílfær slóð að þeim.¹⁴¹ Neðan við þjóðveginn er einnig túnspilda á áreyrunum, sem jafnan flæðir yfir í stórflóðum, allt út undir Upphéraðsveg. Skógarbala og gömlum birkitrjám, sem standa stök á honum, er þannig lýst af Helga Hallgrímssyni:

Einstæðingar nefnast fáein eldgömul og mjög gild birkitré er standa stök í túni á *Skógarbala* innan og neðan við Ranaskóg stutt frá vegi og eru nú á fallanda fæti. Þau eru líklega síðustu leifar þess stórskógar sem Jón á Viðivöllum lét höggva. Slík tré kallast *eikur* á þessum slóðum. Þarna var vinsæll áningarstaður meðan menn ferðuðust á hestum og gjarnan teknar myndir af ferðafólki við trén. Sumir skáru fangamörk sín í börkinn eins og tíðkast í útlöndum.¹⁴²



Frá mótum Fljótsdalsvegur og Upphéraðsvegur austan við Leirubru eru tæplega 6 km að Hallormsstað og um 26 km í þéttbýlið á Egilsstöðum, en um 7 km að gatnamótunum við Eyrarland.

Gömlu eikurnar (*Einstæðingar*) á Skógarbalanum í landi Vallholts 1988. Ljós.: Helgi Hallgrímsson / Fljótsdæla, s. 31.

¹⁴⁰ Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, s. 69-71; Búkolla, s. 263.

¹⁴¹ Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 26-31.

¹⁴² Helgi Hallgrímsson, 2016, s. 30.

Efnislegir þættir

Þáttur	Mat	
Staðsetning innan sveitarfélags	Svæðið er ríflega 0,5 km frá vegamótum Upphéraðs- og Fljótsdalsvega austan Leirubruar og stendur því nærri þeim meginás sem tengir þéttbýlasta sveitarfélagsins við nágrannasveitir.	
Landgerð	Svæðið ofan þjóðvegur er sléttlent en hallar frá þjóðvegi nokkuð upp á við til suðurs. Það hentar nokkuð vel sem land undir byggðarkjarna og veitir út af fyrir sig gott svigrúm til skipulagsgerðar og uppbyggingar.	?
Rými til vaxtar	Það svæði, sem mögulega gæti hentað sem byggingarland, er ríflega 4,5 ha. Svæðið er skýrt afmarkað af brekkum, klettum og þjóðvegi, sem setur því mjög skýr mörk. Ennfremur gætu mögulegar minjar á svæðinu rýrt byggingarland enn frekar. Möguleikar eru fyrir sjálfþurftarbúskap innan svæðis og tækifæri til frístundabúskapar. Tækifæri til hrossaræktar eru hins vegar engin innan svæðisins. Þá getur Náttúruminjaskrá sett uppbyggingu skorður, en þetta svæði er innan svæðis nr. 618.	
Aðgengi	Svæðið stendur fremur lágt og meginstofnæð umferðar um sveitarfélagið liggur nærri, sem tryggir að greiðfært ætti að vera árið um kring, þó huga þyrfti að snjósofnun innan svæðisins.	
Tengsl við nágrannasveitir	Svæðið er um 2,5 km austan við vegamót Upphéraðs- og Fljótsdalsvega, sem marka möndulás og ytri mörk þéttbýlasta hluta sveitarinnar. Staðsetningin hentar því mjög vel hvað varðar tengsl og samvinnu við nágrannasveitir og þær vegalengdir sem íbúar þurfa að fara til að sækja sér nauðsynlega þjónustu.	
Þjónusta í nágrenni	Svæðið er um 3 km frá áningarstað við Hengifoss, þar sem hugmyndir eru um að byggja upp þjónustu við ferðamenn. Sú þjónusta verður þó líklega ekki til að mæta þörfum íbúa byggðarkjarnans nema að mjög takmörkuðu leyti. Ríflega 6 km eru inn að Hallormsstað, þar sem þjónusta er fremur fábrotin.	
Sólríkt svæði	Svæðinu hallar móti vestri og stendur því vel gagnvart sólu.	
Vindafar	Ókunnugt er um vindafar á svæðinu, en hávaxinn trjágróður veitir að líkindum talsvert skjól.	?
Gott og fagurt útsýni	Með aukinni landhæð innan svæðisins, verður útsýnið glæsilegt vestur yfir Jökulsá og Lagarfljót og óvíska er að finna fallelgra útsýni yfir á Hengifoss. Eftir því sem neðar dregur tekur uppbyggður þjóðvegur meira til sín.	
Náttúrufegurð og náttúrufyrirbæri	Staðhættir á svæðinu eru sérlega fallelgir. Svæðið er í lítilli hvilft með kletta og náttúrulegan birkiskóg á þrjá vegu. Þá gefa „Einstæðingarnir“ svæðinu fallegan svip sem og nálægð við Lagarfljót. Þá renna lækir á innri og ytri mörkum svæðisins og auka þeir enn á umhverfisgæði svæðisins. Öll þessi náttúrufyrirbæri brjóta landið upp með sjónrænum hætti og auka fjölbreytileika þess. Á hinn bóginn er viss hætt á, að mikil uppbygging innan svæðisins rýri þá náttúrufegurð sem þar er og spilli þeirri sterku náttúruupplifun og þeim ósviknu tengslum við náttúru sem svæðið veitir.	
Umlyking umhverfis	Svæðið er mjög fallega staðsett í landinu og umlykja skógi vaxnar brekkur og klettur það á þrjá vegu.	
Söguleg skírskotun	Svæðið eru hluti af Ranaskógi, fornum birkiskógi.	

Aðstaða til útivistar og hreyfingar	Svæðið býður upp á margvíslega möguleika til útivistar, bæði um skóglendið, Gilsárgilið og niður að Lagarfljóti. Mögulegt væri að tengja svæðið áningarstað ferðamanna við Hengifoss, en ólíklegt er að gönguleið verði byggð upp milli svæðanna. Á svæðinu má koma upp lítilsháttar sjálfsþurftarþúskap, en möguleikar til frístundabúskapar eða hrossaræktar eru ekki fyrir hendi.	
Göngutengingar við þjónustu	Vegna fjarlægðar við áningarstað ferðamanna við Hengifoss og væntanlega lágs þjónustustigs verslunar og greiðasölu þar má telja ólíklegt að ráðist verði í uppbyggingu gönguleiðar milli svæðanna. Sama má segja um uppbyggingu gönguleiðar að Hallormsstað.	
Náttúruvá	Engin náttúruvá er á svæðinu að því er best er vitað.	

Sálfélagslegir þættir

Þáttur	Mat	
Öryggi	Öryggisupplifun fólks gæti mögulega mótast af þeirri staðreynd, að byggðarlagið í heild sinni er tiltölulega afskekkt og í talsverðri fjarlægð frá mikilvægri þjónustu, s.s. heilbrigðisþjónustu. Ætti það þá sérstaklega við um samgöngur að vetrarlagi og áreiðanleika fjarskipta.	
Sjálfræði	Jafnvel innan sveitar er svæðið nokkuð úr alfaraleið og má því fullyrða að íbúar innan svæðisins munu alla jafna njóta kyrrðar og friðsældar.	
Samfélagsupplifun / félagsauður	Staðsetning svæðisins utan við meginás umferðar og þéttbýlasta svæðisins innan sveitarfélagsins, mun að líkindum ekki stuðla að eins sterkri samfélagsupplifun og ella væri. Íbúar gætu upplifað sig sem utan samfélagsins á meginásnum. Mætti því gera ráð fyrir, að til verði „einangrað samfélag“ innan hins stærra samfélags, einkum ef byggðarkjarnanum yxi fiskur um hrygg. Slíkt gæti vissulega ýtt undir samfélagsþátttöku, eftir félagsauð og afskipti fólks innan „eigin samfélags“ en síður utan þess.	
Sálfræðileg endurheimt	Svæðið skapar nokkuð góðar aðstæður til sálfræðilegrar endurheimtar. Ræður þar mestu fallett útsýni og nálægð við sérlega fallega náttúru. Við skipulagsgerð og uppbyggingu þarf að huga verulega að því, að umhverfisgæðum og þar með tækifærum til sálfræðilegrar endurheimtar, sé viðhaldið eins og kostur er.	
Athafnir utandyra	Svæðið ýtir undir alla þrjá flokka athafna utandyra. Góð tækifæri eru til valfrjálsra og félagslegra athafna á svæðinu, sem aftur ýta undir samfélagsupplifun og félagsauð.	

Samantekt:

Styrkleikar Skógarbalans

Augljósasti kostur svæðisins er sérlega falleg náttúra á nærsvæði og hvernig staðhættir halda utan um svæðið og fyrirhugaða byggð innan þess. Tækifæri til útivistar og náttúruskoðunar eru ríkuleg og skapa nálægð við náttúru góð skilyrði fyrir friðsæld og ró. Þá getur staðsetning svæðisins og nálægðin við nágrennasveitir skapað góð tækifæri til samvinnu, auk þess að stytta vegalengdir þegar sækja þarf margvíslega mikilvæga þjónustu.

Veikleikar Skógarbalans

Helstu ókostir svæðisins eru, hversu lítið svæðið er og hversu staðhættir setja vexti byggðarkjarna til framtíðar þröngar skorður. Þá er fjarlægð svæðisins frá möndli og þéttbýlasta hluta byggðarinnar nokkur og mögulegt er, að staðsetning svæðisins muni ýta undir tilvist „einangraðs samfélags“ sem upplifir sig alla jafna ekki sem hluta af samfélaginu í stærra samhengi. Það er andstætt þeim hugmyndum, sem uppi eru um stofnun byggðarkjarna í sveitarfélaginu. Fjarlægð svæðisins skapar enn fremur veikar forsendur til uppbyggingar á göngutengingum við þjónustusvæði og áhugaverð svæði innan sveitarfélagsins.

Niðurstaða:

Með hliðsjón af mati, samantekt og fyrirvara um að skýrsluhöfundar hafa ekki haft tækifæri til að skoða svæðið á vettvangi, er það niðurstaða TGJ, að svæðið kemur ekki til greina sem einn þriggja mögulegra valkosta fyrir byggðarkjarna í Fljótssdal.

5. Niðurstöður staðarvalskönnunar – samantekt

Landspildan frá vegamótum Upphéraðs- og Fljótsdalsvega við Hjarðarból og inn að Valþjófsstað má með nokkrum rétti kalla *möndul* eða *meginás byggðarinnar*, eins og áður er lýst. Þetta svæði hefur löngum verið þéttbýlasti hluti sveitarinnar og þarna fer meginæð umferðar um. Þessi hluti sveitarfélagsins hefur eflst til muna á síðustu árum eftir að Gunnarsstofnun, Snæfellsstofa og gistihúsið Fljótsdalsgrund með tengdri ferðaþjónustu hófu starfsemi, auk þess sem aðsókn að Hengifossi og hálendinu hefur stóraukist með bættum samgöngum og byggingu Leirubrúar.

Á hinn bóginn hefur sveitarfélagið staðið frammi fyrir áskorunum vegna fækkunar íbúa og hækkandi meðalaldurs. Á þeim forsendum hafa íbúar verið að leita leiða til að mæta þessum áskorunum og snúa þróuninni til betri vegar. Á Samfélagsþingi, sem haldið var í apríl 2019, voru settar fram hugmyndir að stofnun byggðarkjarna í sveitarfélaginu, sem ætlað væri að laða fólk til heilsársbúsetu og verða með því virkir þátttakendur í samfélaginu í Fljótsdal.

Enginn augljós vísir að slíkum byggðarkjarna er nú í sveitarfélaginu. Því er mikilvægt að val á heppilegum stað verði skoðað gaumgæfilega og frá ýmsum sjónarhornum.

Staðsetning á byggðarkjarna er flókið og margþætt viðfangsefni, sem ekki er fengist við á hverjum degi. Þurftu skýrsluhöfundar því að leggjast vel yfir og skilgreina, hvaða þætti væri helst þörf á að vigta inn í mat á vænlegum svæðum innan sveitarfélagsins. Við mat á staðarvali lagði TGJ fram samtals 20 þætti, sem taldir eru skipta máli í þessum efnum til að mæta þeim óskum, sem sveitarfélagið lagði upp með. Skiptast þessir þættir gróflega í tvo flokka, þ.e. efnislega og sálfélagslega.

Með þessari staðarvalskönnun TGJ eru lagðir fram þrír kostir eða tillögur að staðsetningu íbúða- og byggðarkjarna. Tillögurnar eru lagðar fram með þeim fyrirvara, að skýrsluhöfundar höfðu aðeins tök á stuttri vettvangsferð um miðjan marsmánuð síðastliðinn, þegar svo illa hittist á að snjóalög voru óvenjumikil í Fljótsdal. Skýrsluhöfundar gátu því í flestum tilvikum aðeins fengið grófar hugmyndir af svæðunum á vettvangi, og það í vetrarþýningi, og í nokkrum tilvikum var aðgengi að svæðunum nánast ómögulegt. Nánari skoðun á staðháttum er því nauðsynleg, eins og nánar verður vikið að.

Staðarvalskönnunin nær til 9 svæða á Norðurbyggð, þ.e. á svæðinu frá Brekkugerðishúsum inn að Valþjófsstað, og eins svæðis austan Jökulsár, þ.e. í landi Vallholts. Gefin er stutt lýsing á staðháttum hvers svæðis og síðan lagt mat á styrkleika og veikleika þeirra hvers um sig. Þar má sjá, að veikleikar ystu svæðanna felast einkum í hættu á að staðsetning byggðarkjarna innan þeirra svæða, sem eru utan við möndul og helsta þéttbýlishluta sveitarinnar, muni ekki skapa þá tilfinningu meðal íbúa, að þeir tilheyri samfélaginu í stærra samhengi, svo að þeir verði með vissum hætti einangraðir frá öðrum íbúum sveitarinnar. Þá eru talsverðar líkur á, að veðráttu, staðhættir, tækifæri til útivistar og fjarlægðir frá þjónustu verði ekki það aðdráttarafl, sem er nauðsynlegt hverjum byggðarkjarna. Styrkleikar þessara svæða liggja hins vegar í glæstu útsýni og ríflegu rými til vaxtar. Þau eru sólrík og mæta að mörgu leyti þeim sálfræðilegu þörfum, sem vænta má að fólk, sem velur sér búsetu í Fljótsdal, muni sækjast eftir.

Á svæðunum innar á Norðurbyggð eða meginási byggðarinnar aukast áskoranir, er varða friðsæld og ró, tækifæri til að stjórna umhverfi sínu og upplifa sálfræðilega endurheimt. Að sama skapi eykst nálægð við þjónustu og fleiri tækifæri bjóðast til útivistar. Þar er auk þess greiðara aðgengi að svæðum frá þjóðvegi, hægara að byggja upp góðar gönguleiðir til útivistar og meiri nánd við menningar- og þjónustustofnanir á Skriðuklaustri. Á móti kemur, að innstu svæðin undir Valþjófsstaðafjalli eru útsettari fyrir skriðuföllum úr hlíðum þess, sem sérstaklega þarf að aðgæta.

Niðurstaða staðarvalskönnunar leiddi í ljós, að miðað við gefnar forsendur eru vænlegustu svæðin fyrir byggðarkjarna í Fljótsdal á *Melum*, í *Hamborg* og á *Valþjófsstað II*.

Eins og rakið er í 4. kafla búa öll þessi svæði yfir góðum styrkleikum, sem myndu styðja vel við byggðarþróun. Að sama skapi er veikleika að finna í öllum tilvikum.

Þegar svæðin eru borin saman vekur athygli, hvað veikleikar og styrkleikar þeirra eru í senn líkir og ólíkir. Þannig byggjast styrkleikar Mela á mjög góðri staðsetningu innan sveitarfélagsins og innan héraðsins í stærra samhengi. Staðsetningin er líka góð með tilliti til umhverfisgæða með eitt þekktasta náttúruverndarsvæði landsins (Hengifossárgil) á aðra hlið. Svæðið er því líklegt til að mæta þörfum fólks um friðsæld og stuðla að vellíðan og góðri heilsu. Styrkleikar Hamborgar beinast frekar að hagstæðu nærumhverfi, sem veitir tækifæri til útivistar. Það er á söguslóðum og í nánd við hverfisverndaðar náttúruperlur (Bessastaðárgil og Valþjófsstaðafjall). Staðhættir ramma svæðið fallega, byggingarland er hentugt og nálægð er við þjónustu. Valþjófsstaður II býr einnig yfir mjög ríkulegri sögu og er jafnframt sem kirkjustaður miðstöð samfélagsins að fornu og nýju. Svæðið er engu að síður friðsælt og uppfyllir þær sálfélagslegu þarfir, sem vænta má að framtíðaríbúar þess muni setja á oddinn.

Að sama skapi eru veikleikar svæðanna ólíkir, en segja má að styrkleikar þeirra séu að mörgu leyti veikleikar þeirra líka. Á Melum felast veikleikarnar fyrst og fremst í staðsetningunni, þar sem svæðið stendur tiltölulega hátt í landi og er í hvarfi frá megináasi umferðar um sveitarfélagið. Það getur dregið úr tilfinningu íbúa um að vera hluti af stærra samhengi. Þá er landhalli nokkur, sem setur þróun svæðisins skorður og gerir aðgengi þess erfiðara. Veikleikar Hamborgar felast í nálægð við þjóðveg og fyrirhugað verslunar- og þjónustusvæði á nálægum gatnamótum, svo og aðlaðandi ferðamannasvæði við Bessastaðárgil, en hvort tveggja kann að valda ónæði og raska friðsæld svæðisins. Á Valþjófsstað II er staðsetning svæðis nokkuð úrleiðis miðað við önnur svæði á megináasi byggðarinnar og tengingu við nágrennasveitir, auk þess sem möguleg hætta á skriðuföllum er fyrir hendi.

Að mati TGJ er enginn þeirra þriggja kosta, sem lagðir eru fram, augljós fyrsti valkostur. Þeir þarfnast því allir nánari umræðu og skoðunar á vettvangi. Í því samhengi er mikilvægt að fulltrúar TGJ sækja staðina heim, þegar betur viðrar til vettvangskönnunar en reyndin var í marsmánuði, svo að leggja megi fram traustan grunn fyrir staðarvali. Jafnframt er brýnt að gert verði mat á skriðuhættu úr Valþjófsstaðafjalli, því að slík vá kann að slá út af borðinu öll áform um byggðarkjarna á svæðinu.

Þá ber að hafa það í huga, að allir áður nefndir valkostir um staðsetningu byggðarkjarna eru á svæðum, sem nú eru skilgreind sem ræktað land, en í gildandi aðalskipulagi er lögð áhersla á að rýra ekki slíkt land.

Staðarvalskönnun – samantekt á mati TGJ á einstökum þáttum þeirra svæða, sem tekin voru til skoðunar.

	Tillaga / hugmynd			Efnislegir þættir														Sálfélagslegir þættir					
	ASK 2002-2014	ASK 2014-2030	Samfélagsþing	Staðsetning	Landgerð	Rými til vaxtar	Aðgengi	Tengsl	Þjónusta	Sólríkt	Vindafar	Útsýni	Náttúra	Umlyking	Saga	Útivist	Nærþjónusta	Náttúruvá	Öryggistilfinning	Sjálfraði	Samfuppl/fél.auður	Endurheimt	Athafnir utandyr
Svæði																							
Húsatangi			X																				
Brekka			X																				
Hjarðarból			X																				
Melar			X																				
Bessastaðir/Eyrarland	X	X																					
Hamborg																							
Skriðuklaustur - Skriða			X																				
Végarður - Valþjófsstaður I			X																				
Valþjófsstaður II																							
Vallholt																							



Þáttur stenst þær forsendur sem lagt er upp með.

Þáttur er á mörkum þess að standast þær forsendur sem lagt er upp með.

Þáttur stenst ekki þær forsendur sem lagt er upp með.



Sálfræðilegri þörf er fyllilega mætt.

Sálfræðilegri þörf er mætt að vissu marki.


Sálfræðilegri þörf er ekki mætt.

6. Staðsetning verslunar- og þjónustusvæðis

Eins og glögglega má sjá við lestur þessarar könnunar, ganga skýrsluhöfundar út frá því að verslun og þjónusta verði á þeim stað sem gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir, þ.e. við vegamót Kárahnjúka- og Fljótsdalsvega. Að því sögðu telja skýrsluhöfundar að ígrunda þurfi

nánar nákvæma staðsetningu verslunar- og þjónustusvæðis við vegamótin, s.s. hvort svæðið sé betur staðsett utan Kárahnjúkavegar en innan hans, svo dæmi sé tekið.

Staðsetning verslunar- og þjónustukjarna (VP2) við mót Kárahnjúka- og Fljótsdalsvega skv. Aðalskipulagi 2014-2030. Uppdráttur: Landmótun sf.



Það er mat skýrsluhöfunda, að verslunar- og þjónustusvæði eigi ekki að vera samofið íbúða- og byggðarkjarna sveitarinnar, alls óháð því hvaða svæði kann að verða fyrir valinu, vegna þess ónæðis og áreitis sem slík


starfsemi hefur í för með sér vegna umferðar og ágangs ferðamanna. Slík ráðstöfun gengi þvert á hugmyndir og viðmið um kyrrlátt umhverfi, sem styður við sálfélagslegar þarfir á borð við sálfræðilega endurheimt og sjálfræði.

7. Staðsetning athafnasvæðis

Á sama hátt er það skoðun skýrsluhöfunda, að atvinnustarfsemi innan íbúða- og byggðarkjarna skuli einskorðað við nærþjónustu við íbúa, svo sem leikskóla, félagslega heimaþjónustu og þrífalega handið í smáum stíl, sem fallið getur að slíkri byggð og ylli hvorki ónæði né óæskilegum áhrifum á umhverfið og yfirbragð hverfisins. Slík starfsemi gæti m.a. falist í margvíslegu handverki og fjarvinnu af ýmsum

toga. Einnig mætti gera ráð fyrir aðstöðu íbúanna til sjálfsþurftar- og frístundabúskapar í takmörkuðum mæli, s.s. garðyrkju og ræktunar (sjá kafla 4.2.1).

Rauður hringur sýnir staðsetningu athafnasvæðisins á Hvammseyri, skv. gildandi aðalskipulagi. Uppdráttur: Landmótun sf.



Aðstöðu til umfangsmeiri atvinnurekstrar ber því að mati TGJ að finna annan stað í sveitarfélaginu og fjarri íbúðakjarna, sem byggir ímynd sína framar öðru á vist- og mannvænum gildum. Áformað athafna- og iðnaðarsvæði á Hvammseyri innan við Valbjófsstað skv. gildandi aðalskipulagi er því að mati TGJ ákjósanleg staðsetning.

Byggðarkjarni í Fljótsdal

Staðarvalskönnun

Seinni hluti

Vettvangskönnun og nánari greining

21. júní 2020

Gunnlaugur Haraldsson

Henning Kipper

Páll Jakob Líndal

1. Aðfaraorð

Þessi samantekt er viðbót (seinni hluti) við þá frummatsskýrslu TGJ um staðarval fyrir byggðarkjarna í Fljótsdal (dags. 2. apríl 2020), sem skilað var til sveitarstjórnar og Ásdísar Helgu Bjarnadóttur, verkefnisstjóra samfélagsnefndar, hinn 8. apríl 2020.

Þar er mælt sérstaklega með þremur stöðum af þeim 10, sem teknir voru til athugunar, þ.e. á jörðunum *Melum*, *Hamborg* og *Valþjófsstað II*. Sú niðurstaða byggir á skilgreindri aðferðafræði og ákveðnum forsendum, þar sem gerð er samræmd greining á efnislegum og sálfélagslegum styrk- og veikleikum svæðanna til að auðvelda sveitarstjórn, samfélagsnefnd og hreppsþúum að leggja heildstætt mat á umrædda kosti.

Skýrsluhöfundar settu þó ákveðna fyrirvara við hin útvöldu svæði, einkum varðandi nákvæma staðsetningu byggðarkjarna og fyrirkomulag þeirra á jörðunum, þar sem ekki voru skilyrði til að kynna sér staðhætti á vettvangi með fullnægjandi hætti vegna óhagstæðs veðurfars meðan unnið var að gerð skýrslunnar. Úr því skyldi bætt með annarri vettvangskonun við hagfelldari skilyrði og hækkingu sál.

Meginefni skýrslunnar var kynnt sveitarstjórn og samfélagsnefnd með fjarfundarbúnaði 2. apríl. Þar var samþykkt, að samfélagsnefnd fjallaði sérstaklega um efni skýrslunnar og að jafnframt yrði kannaður hugur „landeigenda þeirra 3 jarða sem skoruðu hæst um áhuga þeirra á uppbyggingu íbúða-byggðar á sínum jörðum“.¹⁴³

Samfélagsnefnd fundaði um málið 8. apríl (TEAMS-fundur), en eftirtalin sátu fundinn: Þórhallur Jóhannsson, Arna Björg Bjarnadóttir, Signý Ormarsdóttir, Lárus Heiðarsson, Jóhann F. Þórhallsson og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri.

Nefndin var sammála um að skýrslan gæfi „nokkuð sannfærandi mynd á staði sem geta komið vel út, miðað við forsendur [. . .], en ekki ætti að horfa frekar á eftirfarandi staði: Valþjófsstaður II, Valþjófsstaður I, Skriðuklaustur-Skriða og Eyrarland“. Hins vegar samþykkti nefndin „að beina því til sveitarstjórnar að kanna fyrst og fremst grundvöllinn fyrir mögulegri byggð á Melum eða Hamborg“. Ennfremur taldi nefndin mikilvægt að skýrslan yrði gerð aðgengileg almenningi „þegar sveitarstjórn hefur tekið afstöðu og kannað grundvöll fyrir samkomulagi við landeigenda“.¹⁴⁴

Samþykktir samfélagsnefndar og skýrsla TGJ voru til umfjöllunar á fundi sveitarstjórnar 16. apríl og gerð svohljóðandi samþykkt: „Sveitarstjórn er sammála um að skoðaðir verði nánar þeir 3 staðir sem skoruðu hæst í skýrslu TGJ. Oddvita og verkefnisstjóra samfélagsnefndar falið að hafa samband við þessa 3 aðila og athuga hvort áhugi sé hjá þeim að láta land undir íbúabyggð.“¹⁴⁵

Vegna þeirra sérstöku kringumstæðna sem sköpuðust vegna COVID-19 faraldursins varð ekki komið við ráðgerðri vettvangskonun af hálfu TGJ fyrr en dagana 13. og 14. maí síðastliðinn, er undirritaður skoðaði aðstaður í Fljótsdal, ásamt því að eiga viðræður við Ásdísi Helgu Bjarnadóttur og nokkra heimamenn.

Hér á eftir er gefin stutt frásögn af þeim athugunum, sem gerðar voru í þessari vettvangsferð á þeim þremur stöðum sem til greina komu, þ.e. Melum, Hamborg og Valþjófsstað. Þeim fylgja nokkrar

¹⁴³ Fljótsdalshreppur – fundargerð sveitarstjórnar 2. apríl 2020.

https://www.fljotsdalur.is/images/stjornsysla/fundargerdir/sveitarstjorn/2020/40_sveitarstjornfundur_Fljotsdalshrepps_aukafundur_0204_2020.pdf.

¹⁴⁴ Fljótsdalshreppur – fundargerð samfélagsnefndar 8. apríl 2020.

https://www.fljotsdalur.is/images/samfelagsverkefni/26_fundur_Samfelagsnefndar_0804_2020.pdf.

¹⁴⁵ Fljótsdalshreppur – fundargerð sveitarstjórnar 16. apríl 2020.

https://www.fljotsdalur.is/images/stjornsysla/fundargerdir/sveitarstjorn/2020/42_sveitarstjornfundur_Fljotsdalshrepps_aukafundur_1604_2020.pdf.


Ljósmyndir til nánari glöggvunar á staðháttum, ásamt því að færð er inn á loftmyndir afmörkun einstakra svæða. Niðurstöður þessarar vettvangskönnunar eru teknar saman í 3. kafla með hliðsjón af þeim umsögnum, sem gefnar voru í 5. kafla frummatsskýrslunnar.

Í stuttu máli má segja, að vettvangskönnunin hafi ekki gefið tilefni til breytinga á þeim þremur valkostum, sem TGJ lagði til í frummatsskýrslu sinni. Varðandi fyllri lýsingar og mat TGJ á efnis- og sálfélagslegum kostum svæðanna vísast að öðru leyti til viðeigandi kafla í frummatshluta skýrslunnar, þ.e. kafla 4.3.4 (Melar), 4.3.6 (Hamborg) og 4.3.9 (Valbjófsstaður II). Tekið skal þó fram, að síðastnefnda svæðið, sem þar er afmarkað milli Valbjófsstaðabæjanna og tilheyrir ytra býlinu, var vegna ókunnugleika skýrsluhöfundu ranglega eignað Valbjófsstað II. Úr þessu er bætt hér og umrætt svæði nefnt Valbjófsstaður I, sbr. kafla 2.3.

Að lokum má nefna að þessi tvíþátta matsskýrsla TGJ er innlegg í mjög metnaðarfull áform sveitarfélagsins um stofnun byggðarkjarna í Fljótssdal. Hún er niðurstaða óháðra sérfræðinga sem unnið hafa verkefnið á tilteknum forsendum. Mikilvægt er að hafa í huga, að skýrslan er í senn umræðugrundvöllur og leiðarvísir að því markmiði að ná fram sem bestri niðurstöðu varðandi staðarval byggðarkjarnans.

Reykjavík, 21. júní 2020,


f.h. TGJ



Páll Jakob Lindal

2. Vettvangskönnun

Í vettvangskönnuninni, sem fór fram dagana 13. og 14. maí, var gengið um flest hin afmörkuðu svæði, sem tekin voru til mats í frummatsskýrslu TGJ, til að ganga úr skugga um að rétt hafi verið lesið úr þeim upplýsingum, sem þá lágu til grundvallar mati á einstökum svæðum. Mestum tíma var þó varið í könnun á aðstæðum á Melum, í Hamborg og á Valþjófsstað, þar sem lagt var nánara mat á ákjósanlega staðsetningu byggðarkjarna, landgerð, útsýni, aðkomu og aðra þá efnis- og sálfélagslegu þætti, sem teljast eftirsóknarverðir samkvæmt áherslum og þarfagreiningu TGJ (sjá 4. og 5. kafla í frummatsskýrslu).



Myndin sýnir þrjú ákjósanleg svæði fyrir byggðarkjarna, skv. mati TGJ, þ.e. á Melum, Hamborg og Valþjófsstað I, auk annarra svæða og staða, sem sameiginlega mynda meginás og miðsvæði byggðarinnar í Fljótsdal. (Loftmyndir ehf. 2016 / www.map.is.)

Þessir staðir eiga það sammerkt að vera innan þéttbýlasta hluta sveitarinnar eða á meginási hennar, þ.e. á milli Valþjófsstaðar og vegamóta Upphéraðs- og Fljótsdalsvega. Þeir virðast allir uppfylla meginþarfir byggðarkjarna á þessum slóðum, s.s. varðandi friðsæld og sálfræðilega upplifun og endurheimt, félagsleg samskipti innan sveitar og tækifæri til útivistar, svo og nálægð við vinnustaði, afmarkaða þjónustu og nágrannasveitir. Á hinn bóginn eru staðirnir afar ólíkir í ýmsu tilliti, svo að óhægt er um altækan samanburð á kostum þeirra og veikleikum, eins og fjallað er um í 5. kafla frummatsskýrslunnar og 3. kafla hér á eftir.

2.1 Melar

Melar eru gamalgróin en fremur landlítill bújörð, næst innan við Hengifossá og á útenda þess svæðis, sem hér er skilgreint sem meginás eða miðsvæði byggðarinnar. Nálægðin við hinn fjölsóttu áningarstað ferðafólks og þjóðveginn um Leirubru býður því upp á margháttuð tækifæri, sem mikilvægt er að

gaumgæfa vel í tengslum við fyrirkomulag og staðsetningu þjónustumiðstöðvar við ána. Landslag á Melum er sömuleiðis talsvert frábrugðið aðstæðum á hinum svæðunum, sem hér eru til skoðunar (Hamborg og Valþjófsstað I), þar sem ákjósanlegt landrými fyrir þéttbýliskjarna er uppi á melhólum og bæjarhjallanum í um 60 m hæð yfir dalsléttunni, í hvarfi frá þjóðveginum undir brekkunni. Ekkert ónæði stafar því af bílaumferð, en aðkoma að svæðinu á Melum er hins vegar ekki jafn greið og á öðrum svæðum vegna brattlendis. Um þessa og aðra styrk- og veikleika svæðisins vísast að öðru leyti til fyrri hluta skýrslunnar (kafla 4.3.4).

Uppi á melhjallanum veit landið mót suðri og býður upp á afar fjölbreytt og víðáttumikið útsýni. Milli Hengifossárgljúfurs og Ytri-Fjánhúslækjar er óræktuð spilda og ofan hennar og upp með giljunum er vöxtulegur skógræktarteigur. Frá Ytri-Fjánhúslæk og langleiðina inn að merkjum móti Bessastaðagerði er nánast samfelld túnaslétt, hlutuð sundur af skurðum og lækjargiljum. Nálægt miðbiki sléttunnar standa bæjar- og útihús jarðarinnar. Annar skógræktarreitur er í hlíðinni upp af bænum og innri hluta landsins. Þessir teigar veita landinu gott skjól fyrir norðan- og norðvestanáttum og auka mjög á fegurð og gæði umhverfisins, en milli þeirra er óræktað land ofan túna.

Vegna stærðar og fjölbreytileika lands á Melum þótti tiltækilegast við vettvangskönnun og greiningu á aðstæðum að skipta landinu í þessi fjögur svæði: (1) á óræktaðri spildu innan við Hengifossárgljúfur og niður af ytri skógarteignum, (2) á milli skógarteiganna út og upp af íbúðar- og gripahúsum, (3) á túni í afmörkuðu skógarriðri ofan við bæ, og (4) á túni syðst á hjallanum neðan skógræktar.



Myndin sýnir þá svæðaskiptingu, sem viðhöfð var við greiningu á aðstæðum á Melum. (Loftmyndir ehf. 2016 / www.map.is.)

Svæði 1 - 3

Niðurstaða vettvangskonunnar leiddi í ljós, að svæði 2 og 3 kæmu síst til greina af ýmsum ástæðum, s.s. vegna bratta, skerðingar á útsýni í skógarjórinu, hæðar í landi, erfiðrar aðkomu og nálægðar við bæjarhús og athafnasvæði býlisins.



Horft niður eftir svæði 2, malargryfja í forgrunni og útihús jarðarinnar fjær til hægri. (Ljósm.: Páll J. Línal).



Horft niður eftir svæði 3, sem er á milli skógarteiganna ofan við bæ. (Ljósm.: Páll J. Línal).

Ýmsir annmarkar eru sömuleiðis á svæði 1, þrátt fyrir marga augljósa kosti. Það kæmi hins vegar fremur til álita, enda fallega staðsett og skjólsælt með góðu útsýni, en nokkrum landhalla og votlendi, auk þess sem það liggur mjög nærri þjónustusvæði Hengifossárgljúfurs og hefur takmarkaða möguleika til stækkunar. Aðkomuleið að svæðinu mætti mögulega leggja frá heimreiðinni, utan við lækjar-sprænu, sem rennur í gegnum stykkið. Sá kostur er þó ekki sérlega vænlegur og yrði að skoðast mjög vel af þar til bærum sérfræðingum.




Horft inn yfir svæði 1 frá göngustíg upp að Hengifossi. (Ljósm.: Páll J. Línal).

Svæði 4

Svæði 4 er vænlegt byggingarland með víðáttumiklu útsýni, staðsett í nokkurri fjarlægð inn af bænum og neðan við vestari skógarteiginn. Um er að ræða stóra spildu á tveimur stöllum milli tveggja lækjargilja. Hún er að stærstum hluta ræktað tún (og flag sem stendur), en að suðvestanverðu er óræktað skák milli girðingar og gilbrúnar Einbúalækjar. Efri hluti spildunnar er hallalítill flöt, sem skilin er frá neðri flötinni með aflíðandi hólbrún og halli. Í suðurhorni hennar rís stakur og kollóttur melhóll upp úr hjallsbrúninni ofan þjóðvegur.

Á þessu svæði er nægjanlegt landrými fyrir þéttbýliskjarna þar sem afmörkuð er 7 ha spilda skv. loftmynd. Svæðið býður upp á fjölbreytta möguleika til nýtingar. Það stendur hátt og er í hvarfi frá þjóðvegi og bæjarhúsum sömuleiðis vegna lágrar hóbungu á efri flötinni utanverðri.



Afmörkun svæðis 4, sem þykir ákjósanlegast fyrir byggðarkjarna á Melum. Um er að ræða ræktað tún syðst á melhjallanum, neðan við skógræktarteiginn. Útmörkin eru auðkennd með rauðri brotalínu, en rauður depill sýnir hvar hugsanlega mætti staðsetja upphaf nýrrar aðkomuleiðar upp á hjallann. (Loftmyndir ehf. 2016 / www.map.is.)



Horft suður eftir efri flötinni, þar sem Víðivallaháls, Múli og Valbjófsstaðafjall ber við loft. (Ljósm.: Páll J. Línadal.)



Horft innan frá gilbrún Einbúalækjar til norðausturs yfir efri hluta svæðisins. Til hægri eru tveir trjálundir, sem standa á skilum efri og neðri flatar svæðisins. (Ljósm.: Páll J. Línadal.)



Á myndunum hér að ofan er horft af efri hluta svæðisins yfir neðri flötina. (Ljósm.: Páll J. Línadal.)

Þá leiddi niðurstaða vettvangskonunnar í ljós, að ógreið aðkoma er meiri annmarki á svæðinu en gert var ráð fyrir í frummatsskýrslu. Ekki er talið hyggilegt að aðkoma að byggðarkjarna á þessum stað verði um núverandi heimreið og bæjarstæði á Melum með tilheyrandi ónæði og óþægindum fyrir ábúendur jarðarinnar og íbúa byggðarkjarnans. Svæðið kallar því á nýja aðkomu frá þjóðvegi. Má því

kasta fram þeirri hugmynd hér, hvort heppilegt gæti verið að finna henni stað að sunnanverðu, þ.e. nærri þeim stað sem þjóðvegur þverar Einbúalæk.



Utan við Einbúalæk rísa melhólar jarðarinnar og mest óberandi er svonefndur Hóll nálægt miðri mynd. Hugsanlega mætti leggja nýja aðkomuleið úr þessari átt að byggingarsvæði uppi á melhjallanum. (Ljós.: Páll J. Línal.)

2.2 Hamborg

Eyðibýlið er nokkurn veginn á miðjum megináasi sveitarinnar milli Valþjófsstaðar og vegamóta Upphéraðs- og Fljótsdalsvega. Staðsetning byggðarkjarna í Hamborg felur þannig í sér ótvíræða kosti með tilliti til aðgengis íbúa að fyrirhuguðu verslunar- og þjónustusvæði við Eyrarland og annarri starfsemi á miðsvæði byggðarinnar, en sömuleiðis fyrir aðra íbúa hreppsins til að nýta sér þá samfélagslegu þjónustu (s.s. skólahald), sem stofnað yrði til á svæðinu. Landrými fyrir þéttbýli er á hinn bóginn takmarkað og möguleikum til stækkunar sett skýr mörk af landsháttum, þjóðvegi og bæjarstæði Bessa- staða. Um þessa og aðra styrk- og veikleika svæðisins vísast að öðru leyti til fyrri hluta skýrslunnar (kafla 4.3.6).

Svæðið, sem til greina kemur, er flatlent tún með lítilsháttar halla mót suðri og liggur því afar vel gagnvart sólu.¹⁴⁶ Talsvert svigrúm er til skipulagsgerðar og svæðið ágætlega fallið til húsbýgginga og gatnagerðar. Svæðið hefur notalega ásynd með fallegri afmörkun af klettum og aflíðandi brekkum að vestanverðu, auk þess að bjóða upp á fjölbreytt tækifæri til útivistar vegna nálægðar við hið stórbrotna Bessastaðaárgil og gönguleiðir út með hliðinni.



Horft suður eftir svæðinu. Gamall lundur reynitrijáa fyrir miðri mynd, nærri núverandi aðkomu að svæðinu. (Ljós.: Páll J. Línal.)

¹⁴⁶ Sólsetur var á svæðinu um klukkan 20, þegar Páll J. Línal hafði þar viðdvöl 13. maí sl.



Horft norður eftir svæðinu. Brúin yfir Bessastaðaá lengst til hægri. (Ljós.: Páll J. Lindal.)

Á hinn bóginn liggur byggingarsvæðið fremur lágt í landi og nálægðin við uppbyggðan þjóðveg talsverð, þar sem um 70 m eru þar sem styttest er milli þjóðvegjar og núverandi túngirðingar. Fyrir vikið er útsýni nokkuð takmarkað og truflun af umferð getur verið allnokkur, bæði sjónræn áhrif og hávaði. Við vettvangskönnun var því sérstaklega horft til þessara þátta. Er niðurstaðan sú, að þjóðvegurinn fer býsna vel í landi og veldur því ekki verulegri truflun hvað varðar útsýni á stærstum hluta svæðisins. Hins vegar kom nokkuð á óvart, hvað sjónræn áhrif brúar yfir Bessastaðaá voru mikil. Lítil umferð var um veginn meðan á vettvangskönnun stóð en sýndi engu að síður að hávaði af völdum umferðar kann að verða allnokkur.



Milli þjóðvegjar og túngirðingar er einungis um 70 m haft, þar sem það er mjóst. Brúin yfir Bessastaðaá er næst trjánnum til hægri. (Ljós.: Páll J. Lindal.)

Verði byggðarkjarna valinn staður í Hamborg þyrfti því án vafa að skerma veginn og brúna frá byggðinni með jarðvegsmön og trjágróðri til að draga úr neikvæðum áhrifum og auka gæði umhverfis. Slíkt mætti gera án þess að veruleg skerðing yrði á útsýni. Engu að síður skal ítrekað, að slíkar ráðstafanir þyrfti að meta vandlega áður en í þær yrði ráðist.

Niðurstaða vettvangskönnunar leiddi einnig í ljós, að uppi á bæjarhjallanum er sléttlendi, sem teygir sig fram á gilbarm Bessastaðaár. Þaðan er afar víðsýnt yfir dalinn endilangan, allt sunnan frá Múla og mynni Suðurdals til fjallakeðjunnar á Austur-Héraði. Eins og sakir standa er þessi spilda fremur berangursleg, en með ígrundaðri skipulagsgerð og hönnun mætti skapa þar grænt svæði sem tengdist byggðarkjarnanum niðri á flatlendinu og gæti nýst íbúum til margvíslegrar útivistar, útsýnis- og náttúruupplifunar, og sömuleiðis sem áningarstaður göngufólks um dalinn.



Uppi á hjallanum, inn og upp af túninu, er talsvert sléttlendi, sem býður upp á ýmsa möguleika varðandi útivist, útsýnis- og náttúruupplifun. (Ljósm.: Páll J. Lindal.)



Horft í vesturátt frá aðkomuhliði að bæjarhjallanum ofan við túnið. Bessastaðaárgil og Valþjófsstaðarfjall (Klausturhæðin) í bakgrunni. (Ljósm.: Páll J. Lindal.)



Horft af þjóðvegi yfir land Hamborgar undir bæjarhjallanum. Til hægri eru bæjarhús á Bessastöðum og Eyrarlandi. (Ljósm.: Páll J. Lindal.)

Að þessu samanlögðu gæti heildarstærð fyrirhugaðs svæðis fyrir byggðarkjarna í Hamborg verið 6,8 ha eins og loftmynd sýnir. Þar af er túnið, sem henta myndi sem byggingarland, um 4 ha og möguleg viðbót þess til norðurs og út fyrir merkin móti Bessastöðum um 1 ha að stærð. Uppi á hjallanum er síðan tæplega 2ja ha svæði til fyrrnefndrar nýtingar.



Útmörk mögulegs svæðis fyrir byggðarkjarna eru auðkennd með rauðri brotalínu. (Loftmyndir ehf. 2016 / www.map.is.)

2.3 Valþjófsstaður I

Valþjófsstaður er á suðurmörkum þess hluta byggðarinnar, sem hér er skilgreindur sem meginás hennar, og er í ríflega 8 km fjarlægð frá vegamótum Upphéraðs- og Fljótsdalsvega. Miðað við Hamborg og Mela myndu því íbúar byggðarkjarna á Valþjófsstað eiga um talsvert lengri veg að sækja til nágrannasveita og þéttbýlisins á Egilsstöðum. Á hinn bóginn er hið forna höfuðból þungamiðja sveitarinnar í sögulegum skilningi og mun svo áfram verða um ókomna tíð, þar sem það gegnir ennþá veigamiklu hlutverki sem aðsetur sóknarkirkju, félagsheimilis, ferðapjónustu og stjórnsýslu sveitarfélagsins. Mat TGJ á efnislegum og sálfélagslegum kostum þessa svæðis, sem lýst er í frummatsskýrslunni (kafla 4.3.9), stendur því óbreytt.

Valþjófsstaðabýlin (I og II) og Valþjófsstaðakirkja standa á pallsléttri flöt og fornum malarhjalla (Valþjófsstaðamelum) milli róta Valþjófsstaðafjalls og Norðurdalsvegar. Æskilegust staðsetning byggðarkjarna er á sléttlendinu undir Bæjarhjalla og norðan heimreiðar að Valþjófsstað II, sem er að stærstum hluta ræktað tún og nær út að íbúðarhúsinu á Valþjófsstað I. Svæðið tilheyrir þeirri jörð, en er í frummatsskýrslu TGJ ranglega eignað innra býlinu vegna ókunnugleika skýrsluhöfunda (sjá kafla 4.3.9).

Þótt sjálft svæðið sé einkennalítið veitir það mjög ríkuleg tækifæri til skipulagsgerðar og ríflega möguleika til vaxtar. Naumast er völ á hentugra byggingarlandi, enda jarðgrunnt og stutt leið í malarnámur. Talsverð væta er í landinu næst fjallsrótum, sem gæti boðið upp á ýmsa möguleika fyrir byggðarkjarna, t.d. sem hluti af almennings- og útivistarsvæði með tjörn, trjágróðri og iðandi fuglalífi.



Horft af þjóðvegi til suðvesturs yfir grundina norðan við sóknarkirkjuna og íbúðarhúsið á Valþjófsstað II. (Ljós.: Páll J. Lindal.)



Útsýni frá fjallsrótum austur yfir svæðið. Nokkurt votlendi er næst brekkunni. Lengst til hægri er gamla bæjar- og kirkjustæðið, en sóknarkirkjan stendur nokkru austur. (Ljós.: Páll J. Lindal.)

Veikleikar svæðisins eru hins vegar skriðuföll og krapaflóð úr Valþjófsstaðafjalli eins og nýleg dæmi sanna og gætu því hæglega sett fyrirætlanir um byggðarkjarna í uppnám. Að sögn ábúanda á Valþjófsstað II¹⁴⁷ er flóðahætta einkum nærri íbúðarhúsum beggja jarða, Valþjófsstaðar I og II, sem bæði standa við bæjarlæki. Bæjarhallinn, klettasyllan og skógi klædd brekkan ofan við svæðið veita hins vegar talsvert viðnám og hindra skriðuföll og grjóthrun, sem er nokkurt úr fjallshlíðinni. Nauðsynlegt er að náttúruvá á svæðinu verði kortlögð áður en frekari áætlanir um byggðarkjarna eru gerðar og settar fram tillögur um þær varnir, sem þörf verður talin á.



Horft frá bílastæðinu við Valþjófsstaðakirkju norður eftir flatlendinu í átt að íbúðarhúsinu á Valþjófsstað I, sem er hægra megin við miðja mynd. (Ljós.: Páll J. Lindal.)

¹⁴⁷ Einar Sveinn Friðriksson (munnleg frásögn 13. maí 2020).



Æskileg staðsetning byggðarkjarna á Valbjófsstað I er á sléttlendinu milli fjallsróta og Norðurdalsvegur. Útmörk svæðisins eru hér auðkennd með rauðri brotalinu. Við suðvesturhorn þess eru friðaðar minjar hins forna bæjar- og kirkjustæðis ásamt gamla kirkjugarðinum, en við mót heimreiðar og þjóðvegur er Valbjófsstaðarkirkja með kirkjugarði. (Loftmyndir ehf. 2016 / www.map.is.)

Þá vinnur það gegn hugmyndum um byggðarkjarna á svæðinu, að sólargangur er talsvert skemmri en á bæjunum utar á Norðurbyggð og nýtur þar ekki kvöldsólar vegna hæðar og nálægðar Valbjófsstaða-fjalls.¹⁴⁸ Eins má geta þess hér, að hvössustu vindáttir undir fjallinu eru úr norðvestri og suðvestri, þ.e. út eftir Norðurdalnum, en veðraskil eru að sögn ábúanda við melbungurnar innan við Valbjófsstað II, svo að veðurhæðar gætir lítið heima við bæ.¹⁴⁹

Niðurstaða vettvangskonunnar sýndi, að heildarstærð svæðis undir byggðarkjarna skv. loftmynd gæti náð allt að 8,7 ha, eða sem nemur öllu ræktuðu landi í milli íbúðarhúsanna á Valbjófsstað I og II. Víðast hvar er góð aðkoma að austanverðu svæðinu frá Norðurdalsvegi. Einnig er ágæt aðkoma að sunnanverðu svæðinu, þ.e. frá heimreiðinni að Valbjófsstað II, sem þar er varðað á aðra hönd af friðuðum minjum hins forna kirkjugarðs, bæjar- og kirkjustæðis og hins vegar af Valbjófsstaðarkirkju og kirkjugarði.

¹⁴⁸ Geta má þess, að sólsetur var á svæðinu um klukkan 18.30, þegar Páll J. Línal hafði þar viðdvöl þann 13. maí sl.

¹⁴⁹ Einar Sveinn Friðriksson (munnleg frásögn 13. maí 2020).

3. Samanburður valkosta

3.1 Hugmyndafræði og faglegar forsendur

Upphaf þéttbýlismyndunar hér á landi varð á skýrum og auðskiljanlegum forsendum. Allt fram á fyrri hluta 20. aldar risu þéttbýlisstaðir nær einungis við ströndina, og þá að verulegu leyti vegna verslunar, en í einhverjum tilvikum var þó um verstöðvar að ræða eða hvorttveggja¹⁵⁰. Þéttbýlisstaðir inni í landi voru vart til fram undir 1930-1940, en með aukinni vélvæðingu og breyttum lífsháttum áttu miklar breytingar sér stað. Þéttbýliskjarnar tóku að rísa vegna miðlægrar staðsetningar og aukinnar kröfu um þjónustu á nærsvæði (s.s. Hella, Egilsstaðir), aðrir kjarnar risu í tengslum við uppbyggingu mennta- og þjónustustofnana (s.s. Reykholt í Borgarfirði, Laugar í Reykjadal) og/eða nýtingar á jarðhita til ræktunar (s.s. Laugarás í Biskupstungum, Flúðir) og enn aðrir risu vegna uppbyggingar stóriðju (s.s. Melahverfi í Hvalfjarðarsveit, Reykjalíð við Mývatn), svo að fáeins dæmi séu tekin.

Hröð tæknipróun, aukin tækifæri til hvers kyns upplifunar (s.s. ferðalaga), aukin vitund um umhverfismál og vaxandi þekking á mikilvægi umhverfis fyrir vellíðan og velferð, ásamt auknum áhuga á sjálfbærum lífsstíl og betri tækifærum til fjarvinnu, hafa leitt til breytinga á hugarfari og áherslum fólks. Aukin krafa um lífsgæði, rýmri tómstundir til tilvistarlegra vangaveltna og vaxandi áhugi fólks á geðrækt, heilsurækt og eigin velferð, hafa orðið til þess að á 21. öldinni hafa skapast tækifæri til uppbyggingar þéttbýlis á allt öðrum forsendum en þeim sem voru til staðar fyrir einungis fáeinum áratugum.

Sú leið, sem hér er valin við myndun byggðarkjarna í Fljótsdal, er hins vegar nýlunda og nánast brautryðjendastarf. Þar er beitt algjörlega nýrri hugmyndafræði í byggðapróun á Íslandi með því að grundvalla uppbyggingu þéttbýlis á forsendum sálfræðilegra þarfa, atferlis og vellíðunar. Byggt er á þeirri meginforsendu að skapa mannvænt umhverfi og hámarka gæði þess, þar sem farið er kerfisbundið yfir mögulegt staðarval með sálfélagslega þætti að leiðarljósi.

Þessi hugmyndafræði er margþætt og í einhverjum tilvikum kann hún að virka óræð og þokukennd. Því er mikilvægt, - eins og gert er hér, - að taka út ákveðna sálfélagslega þætti, sem sýnt hefur verið fram á að skipta máli í samspili fólks og umhverfis, og nýta þá sem leiðarvísa. Hugmyndafræðin miðar með öðrum orðum að því að taka saman og hagnýta kenningar og niðurstöður rannsókna, byggja upp forsendur á grunni kerfisbundinnar gagnaöflunar og nýta þá sérfræðiþekkingu sem er fyrir hendi.

3.2 Svæðin þrjú

Líkt og umfjöllunin hér að framan sýnir breytti vettvangskönnunin ekki afstöðu TGJ til þeirra þriggja svæða, sem metin voru vænlegust í frummatsskýrslu fyrir byggðarkjarna í Fljótsdal, þ.e. á Melum, í Hamborg og á Valþjófsstað. Hið sama gildir um aðra staði, sem teknir voru til mats í skýrslunni og síðan skoðaðir nánar á vettvangi. Að gefnum þeim forsendum, sem lagðar eru til grundvallar þessari staðarvalskönnun, varð upplifun á vettvangi einvörðungu til þess að styrkja fyrri niðurstöður.

Svæðin þrjú eru um margt ólík, en uppfylla öll þau meginviðmið, sem TGJ telur vera eftirsóknarverð fyrir staðsetningu byggðarkjarna sveitarinnar, þ.e. varðandi þá efnislegu og sálfélagslegu þætti, sem lagðir eru til grundvallar á mati þeirra. Enginn einn kostur stendur þó öðrum framar að mati TGJ, því að svæðin hafa hvert um sig ákveðna styrkleika og veikleika. Þá þætti hafa skýrsluhöfundar leitast við að skilgreina með samræmdum hætti svo að auðveldara verði að gera upp á milli þeirra út frá þeim væntingum, sem menn hafa til hlutverks byggðarkjarna í sveitarfélaginu. Með slíka heildarsýn að

¹⁵⁰ Páll Línal, 1982, s.12

leiðarljósi er það í höndum heimamanna að taka ákvörðun um staðarval byggðarkjarnans, svo að hægt verði að ljúka þessu verki og koma því á deiliskipulagsstig.

Undanfari þeirrar ákvörðunar er að mati TGJ víðtæk umræða heimamanna og skýrsluhöfunda um megináherslur þessarar skýrslu og þá hugmyndafræði eða stefnu, sem talið er skynsamlegast að byggja á, svo að væntanlegt þéttbýli þjóni sem best íbúum þess og hagsmunum sveitarfélagsins í heild.

Til viðbótar þeirri greiningu, sem sett er fram í 2. kafla hér að framan og í frummatsskýrslunni, skulu hér dregnar saman stuttar lýsingar á kostum svæðanna þriggja.

Melar - tilkomumikil staðsetning

Segja má að staðsetning byggðarkjarna á Melum sé tilkomumikil, þar sem glæsilegt útsýni og víðátta er aðalsmerki svæðisins. Rými til vaxtar þéttbýlis er umtalsvert og ríkulegir möguleikar eru til skipulagningar og hönnunar byggðar með áherslu á góða útsýnisáða. Víðsýni, ásamt gróskumiklu skóglendi í bakgarði svæðisins og náttúruperlunni Hengifossárgljúfri í næsta nágrenni, veita einstök tækifæri til náttúruupplifunar og tengsla við náttúru, jafnt í nærumhverfi og stærra samhengi. Góð staðsetning innan sveitar og tenging við fyrirhugað þjónustusvæði við Hengifossá og gatnamót Fljótsdals- og Kárahnjúkavega (Bessastaði/Eyrarland) renna styrkum stoðum undir byggðarkjarna á svæðinu. Ennfremur gæti hið góða aðgengi að náttúru og þjónustu stutt dyggilega við hreyfingu, útiveru, sjálfbær- an ferðamáta og samfélagsupplifun í byggðarkjarnanum. Staðsetning þjóðvegjar í hvarfi við byggðarkjarnann felur þó í sér vissa hættu á „einangrun“ þéttbýlisins uppi á melhjallanum, en veitir íbúum þess að sama skapi kyrrlátara umhverfi en ella.

Vegna hinnar miklu víðáttu innan svæðisins er þó mikilvægt að huga vel að því að skipuleggja, hanna og móta aðstæður með þeim hætti, að þær veiti íbúum tilfinningu um vernd, s.s. fyrir vindstrengjum og óblíðri veðráttu. Því þarf að huga vel að skjólmyndun og að byggðin taki á sig aðlaðandi, heild- stæða og samhangandi mynd.

Takist að leysa aðgengismál að svæðinu með farsælum hætti er ljóst, að þéttbýliskjarni á Melum gæti haft verulegt aðdráttarafl til búsetu í sveitarfélaginu og orðið mikil lyftistöng fyrir samfélagið í heild sinni.

Hamborg – miðpunktur sveitarinnar

Innan sveitar er stutt til allra átta frá Hamborg. Er því ljóst, að byggðarkjarni á svæðinu hefði alla burði til að skapa sér stöðu sem miðpunktur sveitarinnar. Staðsetning í námunda við fyrirhugað þjónustusvæði á mótum Fljótsdals- og Kárahnjúkavega (við Bessastaði/Eyrarland) og stórfenglegt Bessastaðaárgil, tengsl við mögulega hringgönguleið um gilið, Tröllkonustíg og Skriðuklaustur myndu ýta enn frekar undir þá þróun.

Íbúar í Hamborg myndu njóta friðsældar undir brekkunum. Þar væru þeir í umhverfi, sem er skýrt afmarkað af landslagi og staðhättum, en einnig af jarðvegsmönum og gróðri, sem myndu draga verulega úr þeim neikvæðu áhrifum, sem umferð um þjóðveginn kann að valda. Byggð í Hamborg myndi því fyrst og síðast halda vel utan um íbúa sína og veita þeim skjól. Jafnframt eru fyrir hendi áhugaverðir möguleikar uppi á hjallinum og ofan við fyrirhugað byggingarland, þar sem móta mætti afar aðlaðandi grænt svæði eða almennings- og útivistargarð. Slíkur reitur byði upp á gott útsýni og náttúruupplifun, og í brekkunum fyrir ofan væri ákjósanlegt að endurheimta með plöntun hina fornu birkiskóga, sem myndu með tíð og tíma veita enn frekara skjól og auka á gæði umhverfisins.

Í Hamborg blasir ekki við nein meiriháttar fyrirstæða eða áskorun og virðist svæðið til þess að gera vera búið undir frekari stefnumótun um byggðarkjarna og gerð skipulags í framhaldinu. Meginþema

skipulagsgerðar og hönnunar væri að skapa friðsæld og uppbyggilegan byggðakjarna. Með vel ígrundaðri hönnun og útfærslu mætti efalítið finna farsæl úrræði til að vega móti þeim veikleikum, sem eru fyrir hendi á svæðinu vegna nálægðar þjóðvegjar og mögulegs ónæðis af ferðafólki við Bessastaðaárgil og fyrirhugað þjónustusvæði við Bessastaði/Eyjarland, svo að hvort tveggja yrði til hagsbóta fyrir þéttbýlið.

Valþjófsstaður – sagan við hvert fótmál

Engin jörð í Fljótsdal hefur jafn víðfeðma sögulega skírskotun og Valþjófsstaður sem höfuðból og kirkjustaður sveitarinnar að fornu og nýju. Sú staðreynd ein og sér setur staðinn í vissu öndvegi og er augljóst aðdráttarafl öllum þeim, sem sækja hann heim. Má því ætla, að af þeirri ástæðu myndu íbúar í byggðarkjarna á Valþjófsstað tengjast staðnum ósjálfrátt sterkum böndum og festa þar rætur. Í því tilliti býður svæðið upp á margvísleg tækifæri til uppbyggingar og hefur umtalsvert forskot á Mela og Hamborg, m.a. vegna leifa hins forna kirkjugarðs og bæjar- og kirkjustæðis í útjaðri fyrirhugaðs svæðis.

Ríkuleg saga í bland við kyrrð og friðsæld í stórbrotinu umhverfi gera því staðinn að afar vænlegum kosti fyrir þéttbýli. Víst má telja að íbúar nýtu verulegra hagsældar við þau skilyrði. Til viðbótar býður svæðið upp á mikið rými til vaxtar, aðgengi að því er gott og sveigjanleiki til skipulags og hönnunar innan þess mikill. Þá setur Valþjófsstaðakirkja svip sinn á svæðið ásamt því að skapa ýmiss konar möguleika fyrir samfélag í byggðarkjarnanum. Sömuleiðis hefur nálægð við stjórnsýslu, félagsheimili og ferðaþjónustu sitt að segja og getur verið lyftistöng fyrir byggðakjarnann ef vel er að staðið.

Æskilegt væri að skipulag og hönnun byggðarkjarna á Valþjófsstað tæki sterklega mið af sögu svæðisins, þar sem leitast væri við að draga fram og efla tengsl við náttúru með góðum innviðum, sem veittu tækifæri til náttúruupplifunar og söguskoðunar. Samhliða þyrfti að horfa til þess að tengja svæðið útivist í stærra samhengi, s.s. með göngutengingum um skógarteiga að Jökulsá og um Tröllkonustíg, Bessastaðaárgil og Skriðuklaustur.

Hins vegar verður því ekki leynt, að kvöldsólar nýtur ekki á svæðinu. Verður það að teljast nokkur ágalli. Reynist ofanflóðamat á hinn bóginn hagstætt svæðinu gæti Valþjófsstaður boðið upp á einstaka möguleika fyrir byggðarkjarna í sveitinni.

4. Byggðarkjarni – skipulagsgerð – nokkrir áherslupunktur

Í því brautryðjendastarf, sem hér er unnið að, er mikilvægt að áfram verði haldið þétt undan um verkefnið til að hámarka líkur þess, að sá árangur og markmið sem lagt var upp með náist. Þess vegna eru hér lagðir fram nokkrir punktar, sem TGJ telur mikilvægt að hafðir verði til hliðsjónar:

Þverfaglegt teymi

Mikilvægt er að tryggja að þverfaglegt teymi vinni áfram að verkefninu ásamt heimamönnum. Með því móti má tryggja markvissari framvindu þess og að fólk með ólíka þekkingu og reynslu komi að verkefninu. Slíkt eykur líkur á að farsæl niðurstaða náist.

Ítarleg þarfagreining

Leitast þarf við að marka skýra sýn á byggðarkjarnann og velta upp álitaefnum á borð við þessi: Hver er tilgangur þessa byggðarkjarna? Til hvaða markhópa er þessu þéttbýli sérstaklega ætlað að höfða? Hvaða sérstöðu og aðdráttarafl kynni þéttbýlið að hafa umfram aðra búsetukosti í nálægum byggðum, m.a. með tilliti til staðsetningar og umgjörðar? Hvernig myndi staðsetning og uppbygging byggðarkjarnans mæta með bestum hætti mismunandi þörfum ólíkra aldurshópa?

Skýr og markviss stefna og ígrunduð svör við þessum og fleiri spurningum er að mati TGJ mikilvæg forsenda þess, að vel takist til um staðarval, skipulagsgerð, hönnun og markaðssetningu væntanlegs byggðarkjarna.

Samráð / gott upplýsingastreymi

Til að tryggja sem farsælasta framvindu er mjög mikilvægt að sveitarfélagið leggi ríka áherslu á gott samráð við íbúa og tryggi að upplýsingar um þróun mála berist íbúum. Íbúar þurfa að upplifa á öllum stigum að þeir geti haft áhrif og tekið sé mark á athugasemdum og ábendingum þeirra. Skortur á samráði og lélegt upplýsingaflæði getur haft neikvæð áhrif á íbúa og skapað togstreitu, sem þá aftur vinnur gegn hugmyndum sveitarfélagsins um mannvænt og uppbyggilegt samfélag.

Skýr framsetning á skipulags- og hönnunarstigi

Samhliða góðu upplýsingastreymi þarf að leggja áherslu á að kynningarefni sé auðskilið og aðgengilegt á skipulags- og hönnunarstigi, svo að íbúar geti tekið upplýsta afstöðu til framvindu verksins, stig af stigi.

Heimildir

Ritheimildir

- „Að fortíð skal hyggja, ef frumlegt skal byggja.“ Arna Björg Bjarnadóttir Óbyggðasetri Íslands í viðtali við Magnús Stefánsson. *Glettingur* 29. árg., 1. tbl. 2019, s. 6-11.
- Alexander, C., Ishikawa, S. & Silverstein, M., 1977. *A Pattern Language - Towns Buildings Construction*. New York: Oxford University Press.
- Baumeister, R.F. & Leary, M.R., 1995. The need to belong: desire for interpersonal attachments as a fundamental human motivation. *Psychological Bulletin*, 117, s. 497–529.
- Búkolla. V. bindi Sveita og jarða í Múlaþingi. Sveitahreppar í Múlasýslum frá Langanesi að Lónsheiði. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands. Egilsstöðum 1995.
- Coulombe, S., & Krzesni, D. A., 2019. Associations between sense of community and wellbeing: A comprehensive variable and person-centered exploration. *Journal of Community Psychology*, 47, s. 1–23.
- Davis, M. C., Leach, D. J. & Clegg, C. W., 2011. The physical environment of the office: Contemporary and emerging issues. Í G.P. Hodgkinson & J.K. Ford (Ritstj.): *International Review of Industrial and Organizational Psychology*, 26. bindi, (s. 193-235). Chichester, UK: Wiley.
- De Jesus, M. Puleo, E., Shelton, R.C. & Emmons, K.M., 2010. Associations between perceived social environment and neighborhood safety: Health implications. *Health & Place*, 16, s. 1007-1013.
- Ewing, R., & Handy, S., 2009. Measuring the unmeasurable: Urban design qualities related to walkability. *Journal of Urban Design*, 14, s. 65-84.
- Ganster, D.C. & Rosen, C.C., 2013. Work stress and employee health: A multidisciplinary review. *Journal of Management*, 20, s. 1-38.
- Gatchel, R.J., Baum, A. & Krantz, D.S., 1989. *An Introduction to Health Psychology* (2. útg.). New York: McGraw-Hill.
- Gehl, J., 2018. *Mannlíf milli húsa*. Reykjavík: Úrbanistan.
- Hartig, T., Mitchell, R., de Vries, S. & Frumkin, H., 2014. Nature and Health. *Annual Review of Public Health*, 35, s. 207-228.
- Helgi Hallgrímsson, 1999. „Höfuðból í Fljótsdal 1. Landnámsbærinn Bessastaðir.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 6. nóvember 1999, s. 10-12.
- Helgi Hallgrímsson, 2005. *Lagarfljót – mesta vatnsfall Íslands. Staðhættir, náttúra og saga*. Reykjavík.
- Helgi Hallgrímsson, 2016. *Fljótsdæla. Mannlíf og náttúrufar í Fljótsdalshreppi*. Reykjavík.
- Hjörleifur Guttormsson, 2018. „Upphérað og öræfin suður af.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 2018*. Reykjavík.
- Kandachar, P., 2014. Materials and Social Sustainability. Í E. Karana, O. Pedgley & V. Rognoli, *Materials experience - fundamentals of materials and design*. Elsevier, s. 91-103.
- Kaplan, R., & Kaplan, S., 1989. *The experience of nature: A psychological perspective*. New York: Cambridge University Press.
- Kyttä, M., Kuoppa, J., Hirvonen, J., Ahmadi, E. & Tzoulas, T., 2014. Perceived safety of the retrofit neighborhood: A location-based approach. *Urban Design International*, 19, s. 311-328.
- McMillan, D. W., & Chavis, D. M., 1986. Sense of community: A definition and theory. *Journal of Community Psychology*, 14(1), s. 6-23.
- Misra, K.B., 2008. Dependability considerations in the design of a system. Í K.B. Misra (Ritstj.): *Handbook of Performability Engineering* (s. 71-80). London: Springer-Verlag.
- Páll Línal, 1982. *Bæirnir byggjast. Yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938*. Reykjavík: Skipulagsstjóri ríkisins og Sögufélag.
- Stamps, A.E., 2005. Enclosure and safety in urban spaces. *Environment & Behavior*, 37, s. 102-133.

- Sveitir og jarðir í Múlapingi*. II. bindi. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands. Seltjarnarnesi 1975.
- Talò, C., Mannarini, T., & Rochira, A., 2014. Sense of community and community participation: A meta-analytic review. *Social indicators research*, 117(1), s. 1-28.
- Thoits, P.A., 2011. Mechanisms linking social ties and support to physical and mental health. *Journal of Health and Social Behavior*, 52, s. 145–161.
- Ulrich, R.S., 1999. Effects of gardens on health outcomes: Theory and research. Í C.C. Marcus, M. Barnes (Ritstj.): *Healing Gardens: Therapeutic Benefits and Design Recommendations* (s. 27-85). New York: Wiley.
- Ulrich R, Zimring C, Zhu X, DuBose J, Seo H, Choi Y, o.fl., 2008. A review of the research literature on evidence-based healthcare design. *Health Environments Research & Design*, 1, s. 61-125.

Vefheimildir

- Bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til Skipulagsstofnunar – dags. 10. júlí 2018. https://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna-vidbaetur/Landsskipulagsstefna-vidb_brefradherra.pdf.
- Deiliskipulag fyrir menningar- og þjónustustarfsemi í landi Skriðuklausturs, Valþjófsstaðar 1 og Hamborgar*. Landmótun sf. Samþykkt 12. september 2008. <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=02634425794051356250>.
- Breyting á deiliskipulagi Skriðuklausturs*. Landmótun sf. (staðfest af sveitarstjórn Fljótssdalshrepps 3. maí 2011) <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=28634580864245364944>.
- Deiliskipulag fyrir Gestastofu og Gunnarshús*. Landmótun sf. (staðfest af sveitarstjórn Fljótssdalshrepps 14. apríl 2009. <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=01634425536179012500>.
- Deiliskipulag Hengifoss. Fljótssdalshreppur. Deiliskipulag – greinargerð – umhverfisskýrsla*. Mannvit (staðfest af sveitarstjórn Fljótssdalshrepps 3. nóvember 2015). <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=15635857859519542961>.
- Deiliskipulag fyrir sumarbústaðasvæði að Víðivöllum ytri I í mkv. 1:2.000*. Skipulagsstofa Austurlands (samþykkt 1993). Endurskoðað 2011 sem *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Víðivalla ytri 1* (staðfest af sveitarstjórn 11. janúar 2011).
- Embætti landlæknis*. <https://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item28551/Heilsueflandi-samfelag>. https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item37384/Lydheilsuvisar_2019_AUSTURLAND.pdf.
- Fljótssdalshreppur – Aðalskipulag 2002-2014*. Landmótun sf. 14. nóvember 2003 (Staðfest 20. apríl 2004.) <https://www.fljotsdalur.is/images/skipulag/greinagerd-adalskipulag.pdf>.
- Fljótssdalshreppur – Aðalskipulag 2014-2030. Greinargerð*. Landmótun sf. 26. nóvember 2014 (samþykkt af sveitarstjórn 11. ágúst 2014). <https://www.fljotsdalur.is/images/skipulag/greinagerd.pdf>.
- Fljótssdalshreppur – Aðalskipulag 2014-2030. Forsendur og umhverfisskýrsla*. Landmótun sf. 26. nóvember 2014. (Staðfest af sveitarstjórn 11. ágúst 2014.) <https://www.fljotsdalur.is/images/skipulag/forsendur.pdf>.
- Fljótssdalshreppur – Fundargerðir sveitarstjórnar*. https://www.fljotsdalur.is/images/stjornsysla/fundargerdir/sveitarstjorn/2020/40_sveitarstjornarfundur_Fljotsdalshrepps_aukafundur_0204_2020.pdf og https://www.fljotsdalur.is/images/stjornsysla/fundargerdir/sveitarstjorn/2020/42_sveitarstjornarfundur_Fljotsdalshrepps_aukafundur_1604_2020.pdf.
- Fljótssdalshreppur – Fundargerð samfélagsnefndar*. https://www.fljotsdalur.is/images/samfelagsverkefni/26_fundur_Samflagsnefndar_0804_2020.pdf.
- Fögur framtíð í Fljótssdal. Skilaboð samfélagsþings*, apríl 2019. https://www.fljotsdalur.is/images/samfelagsverkefni/Fgur_framt_Fljtsdal_skilabo_samflagsings_2019.pdf

- Gistiheimilið Fljótssdalsgrund*. <https://www.visitegilsstadir.is/is/gisting/fljotsdalsgrund-guesthouse>. Sótt 25. febrúar 2020.
- Hagstofa Íslands*. <https://www.hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelog-og-byggdakjarnar/>. Sótt 25. febrúar 2020.
- Heimsmarkmið um sjálfbæra þróun* (heimasíða). <http://www.heimsmarkmidin.is/>.
- Hengifoss. Ferðaklasi Upphéraðs 2019*. <https://www.hengifoss.is/en/hengifoss>. Sótt 26. febrúar 2020.
- Hengifoss gistihús*. <https://www.east.is/is/east/service/hengifoss-guesthouse>; <https://hengifoss.is/is/thjonusta/hengifoss-guesthouse>. Sótt 25. febrúar 2020.
- Húsnæðisáætlun Fljótssdalshrepps 2018-2026*. Skýr sýn – ráðgjöf. Hermann Ottósson. Végarði, mars 2018. <https://www.fljotsdalur.is/images/samfelagsverkefni/Hu%CC%81sn%C3%A6%C3%B0%20isa%CC%81%C3%A6tlun%20Fljo%CC%81tdalshreppur%20%202018-2026.pdf>.
- Hörður Kristjánsson, 2018. „Hafa byggt upp Óbyggðasetur í skjóli fjallanna á innsta bænum í Fljótssdal.“ *Bændablaðið* 16. október 2018. <https://www.bbl.is/folk/hafa-byggt-upp-obyggdasetur-i-skjoli-fjallanna-a-innsta-baenum-i-fljotsdal/20534/>. Sótt 2. mars 2020.
- Landsskipulagsstefna 2015 – 2026 ásamt greinargerð*. Skipulagsstofnun. September 2016. https://www.landsskipulag.is/media/pdf-skjol/Landsskipulagsstefna_2015-2026_asamt_greinargerð.pdf.
- Laugarfell / Laugará, Fljótssdalshreppi. Tillaga að deiliskipulagi*. Landark, 14. sept. 2006. https://www.fljotsdalur.is/images/skipulag/deiliskipulag/Deiliskipulag_Laugarfell.pdf.
- Lýsing fyrir gerð landsskipulagsstefnu. Loftslag, landslag, lýðheilsa*. Viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Mars 2019. https://www.landsskipulag.is/media/pdf-skjol/Lysing_landsskipulagsstefnu_mars-2019_loka.pdf.
- Náttúruminjaskrá*. <https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/austurland/>.
- Náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar*. <https://geo.alta.is/nms/?z=8&lat=65.24313758&lng=-15.01669189>.
- Óbyggðasetur Íslands*. <http://www.visitegilsstadir.is/is/gisting/wilderness-center>. Sótt 2. mars 2020.
- Skógarafurðir ehf.* www.skogarafurdir.is/um-okkur. Sótt 4. mars 2020.
- Skriðuklaustur*. <https://www.skriduklaustur.is/is/>. Sótt 2. mars 2020.
- Snæfellsstofa*. <https://www.east.is/is/east/service/snaefellsstofa-visitor-centre-skriduklaustur>.
- Svæðisskipulag Héraðssvæðis 1998-2010*. Landmótun sf., staðfest af umhverfisráðherra 31. ágúst 2001, en felld úr gildi 2009. <https://www.fljotsdalur.is/images/stjornsysla/gagnabanki/annad/Greinager-um-niurfellingu-svisskipulags-Hrassvis.pdf>.
- Viðbragðsáætlun vegna stíflurofs við Hraunaveitu*. Viðbragðsáætlun Almannaavarna. Útgáfa 1.0. 11.01.2012. <https://www.fljotsdalur.is/images/stjornsysla/gagnabanki/annad/Vibragstlun-vegna-stflurofs-vi-Hraunaveitu.pdf>.
- Víðivellir ytri I. Deiliskipulag frístundabyggðar*. Skipulags- og byggingarskilmálar. Tillaga. Mannvit. 3. mars 2016. <https://www.fljotsdalur.is/images/skipulag/deiliskipulag/Greinager%20deiliskipulags%20fristundabyggðar%20Vidivollum%20ytri%201.%20dags.%2003.03%202016.pdf>.
- Vísindavefurinn*. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=68712#>.
- 880 cities. Creating cities for all. <https://www.880cities.org/>.

Aðrar heimildir

- Ásdís Helga Bjarnadóttir, Austurbrú. Tölvupóstur 21. febr. 2020.
- Einar Sveinn Friðriksson (munnleg frásögn 13. maí 2020).
- Hjörleifur Guttormsson, 2019. „Leiðsögn um Valbjófsstað.“ Tölvupóstur 31. maí 2019.
- Jóhann Frímann Þórhallsson (munnleg frásögn 12. mars 2020).
- Viðræðufundur í Végarði (skýrsluhöfundar og fulltrúar Fljótssdalshrepps) 12. mars 2020.